

# Ársskýrsla

# Urriðaholtsskóla

SKÓLAÁRIÐ 2023-2024

## Ritstjórn:

UNA GUÐRÚN EINARSDÓTTIR

PÓREY HULD JÓNSDÓTTIR

ÞORGERÐUR ANNA ARNARDÓTTIR



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	6
Starfsfólk.....	6
Nemendur.....	6
Skóladagatal og skóladagurinn .....	6
Samstarf heimilis og skóla .....	7
Skólaráð .....	7
Foreldrafélag Urriðaholtsskóla .....	8
Væntingar .....	8
Ársskýrsla leikskólastigs.....	9
Væntingar .....	9
Samstarf heimilis og skóla .....	9
Þróunarverkefni og nýbreytni.....	10
Kennsluhættir .....	12
Námsmat .....	13
Leikur, leikefni og námsgögn .....	13
Heimasvæði yngstu barna leikskólastigs – Kelda, Kjarr, Klettur og Klif.....	14
Heimasvæði elstu barna leikskólastigs – Klöpp, Kriki og Holt .....	19
Ársskýrsla grunnskólastigs.....	25
Viðburðir og menning á skólaárinu .....	25
Þróunar- og rannsóknarverkefni .....	26
Yngsta stig.....	28
Lestrarkennsla, málörvun og málfræði.....	28
Skýrslur heimasvæða grunnskóla.....	31
Hnjúkar – árgangur 2017 .....	31
Hlíð – heimasvæði barna fædd 2016.....	34
Hraun – heimasvæði barna fædd 2015 .....	39
Miðstig og unglingastig.....	49
Fimipjálfun í lestri og stærðfræði .....	49
Legoland – heimasvæði barna fædd 2012-2013 .....	55
Engey og Viðey – heimasvæði barna fædd 2009-2011 .....	60
List og verkgreinar .....	69
Skólaípróttir .....	78

Stoðþjónusta – leik- og grunnskóla .....	79
Tilvísanir, samráðs- og nemendaverndarráðsfundir .....	80
Helstu verkefni og áherslur eftir skólastigum.....	81
Skólafélagsráðgjöf .....	81
Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2024 - 2025 .....	84
Ársskýrsla frístundaheimilisins Urriðakots .....	84
Mat á skólastarfi.....	89
Innra mat .....	89

## Inngangur

Urriðaholtsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli sem lauk sínu sjötta heila starfsári föstudaginn 7. júní. Urriðaholtsskóli varð 6 ára á árinu og var þeim tímamótum fagnað innilega á afmæli skólans síðasta vetrardag, en þá um leið var 2. Byggingaráfangi formlega tekinn í gagnið og skólinn vígður við fjölmenna athöfn í nýjum sal skólans.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir helstu atriðum skólastarfsins skólaárið 2023-2024. Kennarar og fagfólk skólans af öllum skólastigum koma að gerð skýrslunnar með lýsingu á þeim störfum sem hafa verið unnin í skólasamfélaginu. Skýrslunni er ætlað að taka saman helstu áskoranir skólaársins, færa fram tillögur að úrbótum og gera grein fyrir faglegu starfi vetrarins.

Á [heimasíðu](#) Urriðaholtsskóla má finna [skólanámskrá](#) skólans þar sem sérkenni hans, gildi, stefna og áherslur koma fram, ásamt hagnýtum upplýsingum og fréttum af skólstarfinu.

Það sem einkenndi skólaárið var mikill vöxtur skólans og fjölgun nemenda og fullorðinna. Í fyrsta sinn frá stofnun var fjöldi grunnskólanemanda meiri en leikskólanemenda, en fjöldi nemenda á grunnskólastigi hefur aukist á meðan leikskólastig dróst aðeins saman. Nemendur við skólann eru í vetur um 440 talsins og hafa nýir nemendur bæst við jafnt og þétt allt skólaárið. Mannflóra skólans heldur áfram að verða fjölbreyttari, en nú starfa við skólann börn og fullorðnir frá mörgum þjóðlöndum. Frágangur á öðrum byggingaráfanga eru langt komnar en hann var gleðileg viðbót við aðstöðu skólans því í honum eru meðal annars stofur fyrir list- og verkgreinakenndu og félagsmiðstöð.

Það hefur verið gestkvæmt í skólanum okkar í vetur, nemendur hafa fengið góða gesti sem og kennarar og stjórnendur og má geta þess að fulltrúar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fengu ítarlegar upplýsingar um kennsluhætti, mat og námsefni sem leiddi til fyrirhugaðs samstarf á næsta skólaári. Margir erlendir gestir komu einnig í hús til að fræðast um skólastarfið.

Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur og starfsfólk fæst við. Ritstjórn er í höndum stjórnenda skólans og ábyrgð á henni ber skólastjóri. Ársskýrslan er send sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs, leik- og grunnskólafulltrúum Garðabæjar og skólaráði auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.



Í Garðabæ sumarið 2024

*Þorgerður Anna Arnardóttir*

*Skólastjóri*

## Hagnýtar upplýsingar

### Starfsfólk

Við skólann störfuðu alls um 150 starfsmenn í ólíkum stöðuhlutföllum, þrjátíu og fjórir starfsmenn eru í Félagi grunnskólakennara, átján í Félagi leikskólakennara, einn í Félagi stjórnenda leikskóla, fimm í Skólastjórafélagi Íslands, fimm í Visku, áttatíu og einn starfsmaður í Starfsmannafélagi Garðabæjar, fimm stundakennarar, einn í Stéttarfélag Ísl. félagsráðgjafa og tveir í Þroskaþjálfafélagi Íslands. Þá voru fimm í stjórnendateymi skólans, átta heimasvæðisstjórar á leikskólastigi, umsjónarmaður fasteigna í heilu starfshlutfalli, umsjónarmaður tómstundaheimilis, þrjár skólaliðar og tuttugu og tveir stuðningsfulltrúar. Skólahjúkrunarfræðingur hafði viðveru fjóra morgna í viku sem er aukning frá fyrra ári. Sálfræðingur og talmeinafræðingur komu í skólann eftir þörfum á vegum skóladeildar. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls störfuðu þrjátíu og sjö karlar við skólann. Sex starfsmenn fóru í fæðingarorlof á skólaárinu. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.urridaholtsskoli.is>.

### Nemendur

Skólaárið 2023-2024 voru við skólann nemendur á aldrinum 3-15 ára. Að lokinni aðlögun leikskólabarna að hausti 2024 voru 142 börn á leikskólastigi á sjö heimasvæðum, Grunnskólabörn eru 297. Alls kláruðu því 438 nemendur skólaárið í Urriðaholtsskóla, sjá töflu. Skólaárið var sett formlega 23. ágúst 2023, en þá var aðlögun leikskólabarna langt komin. Aðlögun nemenda gekk vel á báðum skólastigum.

### Húsnæði

Vinna við annan byggingaáfangalauk í apríl 2024 og var húsið afhent við hátíðlega viðhöfn á sex ára afmæli skólans, síðasta vetrardag, 24. apríl. Búið er að afhenda um helming af útisvæði grunnskólastigs en restin verður unnin eftir að öðrum byggingaáfangalíkum og áður en sá þriðji fer í byggingu. Eldhús er staðsett í tímabundnu einingahúsnæði við Hamar, aðstöðu tónlistaskólans. Þá eru tvær kennslustofur í einingahúsnæðum á bílastæði ofan við skólann. Sund er kennt í Sundlaug Álfтанess og íþróttir í Miðgarði. Leikskólastig hefur nýtt sér eitt og hálf svæði grunnskóla megin í húsinu, Holt og Hamar.

Árgangur	Fjöldi barna
2018	60
2019	67
2020	16
<b>Leikskólabörn samtals</b>	<b>143</b>
Árgangur	Fjöldi barna
2017	54
2016	60
2015	46
2014	40
2013	34
2012	24
2011	17
2010	20
2009	2
<b>Grunnskólabörn samtals</b>	<b>297</b>
<b>Nemendafjöldi að vori</b>	<b>440</b>

### Skóladagatal og skóladagurinn

Samræmt skóladagatal er í leik- og grunnskólum Garðabæjar. Í samstarfi við leik- og grunnskóla bæjarins var grunnur lagður sem síðan var lagt fyrir skólaráð og síðar samþykkt af skólanefnd. Á [heimasíðu](#) skólans er hægt að nálgast skóladagatalið.

Á grunnskólastigi voru skóladagar 180 þar af sjö uppbrotsdagar; skólasetning, jólaskekkmtun, öskudagur, nemendaviðtöl, vorhátíð nemenda og skólaslitadagur, en þá fóru einnig fram nemendaviðtöl. Skólinn opnaði kl. 7:30 og honum var lokað kl. 17:00 þar til í apríl þegar reglum var breytt og skólinn lokaði kl. 16:30. Leikskólabörn geta verið með vistun innan þess tímaramma og grunnskólabörn geta mætt í hús frá opnun, en gæsla fram að kennslu er í lágmarki. Skóladagur grunnskólabarna var frá kl. 8:15 - 13:35 á yngsta stigi, eftir það tók frístund við, og frá kl. 8:15 - 14:05 á miðstigi.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Leik- og grunnskólar Garðabæjar

Lokatillaga 02.03.23

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 Þ	6 L	6 L	6 M	6 F	6 F
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F
8 Þ	8 S	8 M	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 F	9 S	9 S
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 F	12 S	12 M	12 M
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 S	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 S	19 M	19 M
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 S	21 Þ	21 F
22 M	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 S	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S
24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ
26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 Þ	29 M	29 M	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 M	30 F	30 S
31 F	31 M	31 Þ	31 S	31 M	31 M	31 S	31 M	31 F	31 F	31 S

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólafjöra í samræmi við kennara og með hljóðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skóladagatal Urriðaholtsskóla skólaárið 2023-2024

Samstarf heimilis og skóla

Dagleg samskipti og upplýsingagjöf milli heimilis og skóla fara að mestu í gegnum tvö kerfi, Karellen á leikskólastigi og Mentor á grunnskólastigi. Bæði kerfi er hægt að nálgast í gegnum smáforrit/app eða á vef. Kerfin halda utan um ástundun nemenda og foreldrar geta tilkynnt veikindi og leyfi. Auk þess að nota þessi kerfi fara vikulegir fréttapóstar til foreldra og foreldrasamtöl eru áætluð einu sinni á önn. Þá geta foreldrar eða skólinn kallað eftir samtölum þess fyrir utan. Á vorönn var tekið upp nýtt forrit fyrir leikskólann, Vala sem hefur einnig verið í notkun fyrir frístundarstarfið. Samhliða var notkun á Karellen hætt nema sem vefumsjón fyrir skólann en beðið er eftir nýju vefumsjónarkerfi/heimasíðu.

Í Karellen/Völu geta foreldrar á leikskólastigi einnig nálgast upplýsingar um daglegar athafnir barnsins, t.d. svefn og hvernig barnið borðaði. Kerfið býður einnig upp á stuttar skilaboðasendingar milli heimilis og skóla, sem og að skólinn sendir myndir úr starfinu auðkenndar hverju barni.

Mentor er kerfið sem heldur utan um skráningu grunnskólabarna. Þar er ástundun skráð og tölvupóstar sendir til foreldra. Unnið er að því að nýta kerfið enn frekar til skráningar á námsframvindu barna og stöðu. Heimasiða skólans er hefur verið í bráðabirgða formi en þó í stöðugri þróun og jafnt og þétt aukast upplýsingar um skólastarfið. Á síðunni má í dag finna allar áætlanir sem skólanum ber að vinna eftir sem og margar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið sjálft.

Skólaráð

Samkvæmt 10. gr. laga um leikskóla (2008) og 8. grein grunnskólalaga skal starfa foreldraráð / skólaráð við skólann og í Urriðaholtsskóla er eitt skólaráð fyrir bæði leik- og grunnskólastig. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Starfsreglur og fundargerð skólaráðs eru birtar á [www.urridaholtsskoli.is](http://www.urridaholtsskoli.is) <https://urridaholtsskoli.is/Foreldrafelagid/Skolarad>.

Í skólaráði sitja starfsmenn, foreldrar og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar í skólaráði Urriðaholtsskóla 2022-2023 skipa:

- Heiðdís Rut Hreinsdóttir, fulltrúi foreldra
- Sigríður Rún Siggeirsdóttir, fulltrúi foreldra
- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra
- Margrét Magnúsdóttir, fulltrúi leikskólastigs
- Lilja Rún Sigurðardóttir, fulltrúi grunnskólastigs
- Una Guðrún Einarsdóttir, aðstoðskólastjóri grunnskóla
- Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri
- Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds og fulltrúi grenndarsamfélags
- Þóra Björg Hallgrímsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
- Þórey Huld Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri leikskóla

## Foreldrafélag Urriðaholtsskóla

Í Urriðaholtsskóla er eitt foreldrafélag sem vinnur að því að styðja við skólastarfið í heild, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla. Stjórn foreldrafélags Urriðaholtsskóla haust 2023- vor 2025 skipa:

### Stjórn foreldrafélags

- Heiðdís Rut Hreinsdóttir, foreldri barns á leikskólastigi
- María Lind Jónsdóttir, foreldri barns á leikskólastigi
- Inga Hrund Magnúsdóttir, foreldri barna á leikskólastigi og grunnskólastigi
- Ari Freyr Valdimarsson, foreldri barna á grunnskólastigi
- Lára Björk Bragadóttir, foreldri barna á grunnskólastigi
- Linda Hrönn Karlsdóttir Schiöth, foreldri barna á grunnskólastigi

### Skoðunarmenn reikninga

- Ari Freyr Valdimarsson, foreldri barna á grunnskólastigi
- Svana Kristinsdóttir, foreldri barna á grunnskólastigi

### Fulltrúar í Grunnstoð

- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir, foreldri barns á grunnskólastigi
- Vera Rut Ragnarsdóttir, foreldri barns á grunnskólastigi

## Væntingar

Í Urriðaholtsskóla er unnið eftir væntingum til barna og starfsfólks. Væntingar gera börnum og fullorðnum ljóst hvers er vænst af þeim í hegðun, samskiptum, leik og námi. Þær áherslur ramma inn starfið og hafa bæði góð áhrif á samstarf heimilis og skóla og styðja við okkar sameiginlega verkefni sem er að stuðla að velgengni, vellíðan og þroska barna. Hægt er að lesa um væntingar í skólanámskrá skólans á [www.urridaholtsskoli.is](http://www.urridaholtsskoli.is). Markmið fyrir næsta skólaár er að útbúa væntingar fyrir foreldrasamfélagið og er grunnvinna hafin. Óskað verður eftir samstarfi foreldra í það verkefni. Væntingabók fyrir grunnskólastig, leikskólastig, frístund og stoðþjónustu er tilbúin og í notkun og eru í stöðugri þróun og endurskoðun. Vinna með væntingar í skólastarfi má sjá nánar í kafla hvers skólastigs.

## Ársskýrsla leikskólastigs

### Væntingar

Heimasvæði leikskólastigs styðjast við Vörðuna til að leggja inn væntingar um hegðun barna og Væntingabók Urriðaholtsskóla til að leggja inn væntingar til starfsfólks. Meginstefið í væntingavinnu barna er að leggja inn væntingar fyrir hvert verkefni og hverja stund dags fyrir fram, svo börnin hefðu þær á hreinu. Varðan er sýnileg inni á heimasvæðum og hjálpar t.d. í samverustundum þar sem hún minnir börn á að hafa hljóð, hlusta og passa hendur. Starfsfólk gefur börnum skýr fyrirmæli og fylgir þeim ákveðið eftir til að styðja við nám og vellíðan barna.



Lagt er upp með að farið sé yfir væntingar til barna og starfsfólks vel á haustin og þær síðan rifjaðar upp reglulega. Börnin taka þátt í að rifja væntingarnar upp með því að segja frá því hvernig gengur að fylgja þeim og hvað við getum gert til að fylgja þeim eftir. Þau hjálpa líka til við að finna hvaða væntingar verða notaðar.

Það auðveldar allt starf ef allir eru með sömu væntingar og þegar þær eru fáar er auðvelt er að fara eftir þeim. Í upphafi vetrar var lagt upp með að nota myndrænt skipulag með Vörðunni sem hangir alltaf uppi. Starfsfólk samræmdi orðalag og fyrstu mánuði vetrarins var mikil áhersla lögð á að leggja inn væntingar til barna fyrir hvern tíma dags, til dæmis væntingar í fataklefa, á salerni, við matarborðið, í samveru o.s.frv. Lagt var upp með að nota Vörðuna og væntingar í starfinu og hefur aukið samræmi orðið á milli heimasvæða á skólaárinu. Áfram þarf að halda með þá vinnu að samræmingu á notkun á væntingum og myndum þeim tengdum verði enn meiri á næsta skólaári.

Þegar nýir starfsmenn hefja störf við skólann fer aðstoðarskólastjóri leikskólastigs yfir væntingabókina með þeim, enda mikilvægt að starfsfólk fái útskýringar á af hverju verið sé í þessari vinnu. Ef starfsmaður er ekki meðvitaður um hvers vegna hann er að fara fram á ákveðna hegðun hjá barni, er hætta á því að innlögnin verði ekki markviss og lítil sem engin eftirfylgni. Þar glatast tækifæri til að styrkja jákvæða hegðun og hjálpa börnum að finna öryggi í aðstæðum. Því er lögð áhersla á að allt starfsfólk fái sömu innlögn á væntingum og áherslum í starfi.

### Samstarf heimilis og skóla

Foreldrasamstarf var gott á öllum svæðum og sendur var út föstudagspóstur vikulega. Í föstudagspóstum var sagt frá því starfi sem fram fór í vikunni og/eða til að kynna næstu viku, sem og ábendingar varðandi praktísk mál. Í byrjun mars var notkun á samskiptaforritinu Karellen hætt og skipt yfir í samskipta-/viðveruforritið Völu. Vala þjónar sama tilgangi og Karellen en þar er hægt að senda starfsfólki skilaboð, föstudagspóstar koma þar í gegn, sem og myndir af börnum við leik og störf. Foreldrasamtöl voru á haust- og vorönn þar sem foreldrar og deildarstjórar fengu gott tækifæri til samtals. Gott samstarf var einnig vegna barna sem þurfa aukinn stuðning í námi og starfi, þar sem samskipti einkenndust af heiðarleika og kærleik. Eins voru foreldrar óhræddir við að senda tölvupóst eða hringja ef þeir vildu ræða sérstaklega við deildarstjóra.

Á vorönn komu foreldrar í hús til að leika með okkur á degi leikskólans sem var mjög notaleg og góð stund. Í tilefni 6 ára afmæli skólans og vígslu á nýju álmunni þann 24. apríl var danspartý fyrir öll börn í skólanum sem endaði svo í poppveislu. Við það tilefni var foreldrum einnig boðið að koma og skoða

skólann. Dagurinn gekk mjög vel í alla staði. Mikil ánægja hefur verið meðal barna og starfsfólks með þessa viðburði og samskipti við foreldra.

## Próunarverkefni og nýbreytni

### Samstarf við háskólanema í hagnýtri atferlisgreiningu

Samstarf við háskólanema í hagnýtri atferlisgreiningu var gott. Þeir fóru inn á fyrir fram ákveðin svæði í áhorf og ráðgjöf vegna einstakra barna í þeim tilgangi að styðja við og styrkja starfsfólk frekar í samskiptum við börnin.

### Erasmus+ verkefnið Upstairs

Frá skólaárinu 2022-2023 hefur leik- og grunnskólastig Urriðaholtsskóla tekið þátt í Erasmus+ verkefninu Upstairs, sem snýr að því að auðvelda skipti barna á milli leik- og grunnskóla, búa til verkferla sem snúa að þessari tilfærslu milli skólastiga sem og að þjálfu kennara í að mæta þörfum barna á þessum tíma. Samstarfsaðilar Urriðaholtsskóla í þessu verkefni eru Pahuljica leikskólinn í Króatíu, Uppeldisfræðiháskólinn í Krakow, Póllandi, tækniráðgjafafyrirtækinu IDEC og Akata Makata leikskólanum í Grikklandi, Little Steps leikskólanum í Búlgaríu, Agrupamento de Escolas José Estêvão leik- og grunnskólunum í Portúgal og CEIP Dama de Guardamar grunnskólanum á Spáni.

Verkefnið fór hægt af stað því verið var að safna gögnum um upplifanir kennara, barna og foreldra af tilfærslu 5 og 6 ára barna á milli skólastiga. Á þessu skólaári hafa þátttökupjóðir verkefnisins hist þrisvar sinnum, einu sinni í Króatíu, þá á Spáni og loks á Íslandi. Í heimsóknnum hafa þátttakendur kynnt sér hagnýtar leiðir til að styðja og styrkja tilflutning barna milli skólastiga og velt fyrir sér fræðum þeim tengdum. Mikil ánægja var meðal þátttökupjóða með heimsóknina til okkar og ljóst að þátttaka í verkefninu styður vel við starfsfólk með okkar elsta árgang.

### Styrkleikabjálfun

Unnið var með eflingu styrkleika barna í sköpun, lífsleikni, útikennslu, samskiptum og í leik. Börn fengu tækifæri til að nýta styrkleika sína og efla þá á eigin forsendum.

### Námskeið fyrir starfsfólk

Á þessu skólaári fór starfsfólk á fjölbreytt námskeið sem hefur styrkt okkur í starfi með börnum. Einnig var hluti starfsfólks í endurmenntun og aðrir í Leikskólakennarafræðum eða Menntunarfræði leikskóla við Háskóla Íslands. Allt starfsfólk leikskólastigs horfðu á myndband um kynferðisofbeldi á vegum Barna og fjölskyldustofu. Samtökin '78 voru með fræðslu um fjölbreytileika fyrir allt starfsfólk á skólaárinu. Á skipulagsdegi fóru starfsmenn á námskeið um skráningar og einnig fengum við fyrirlestur um hvernig hægt er að nota tónlist fyrir börn með annað móturmál. Kristín Eva Rögnvaldsdóttir hélt fyrirlestur um kvíða barna og Kristín Theódóra Þórarinsdóttir um málproska barna. Ótrúlega mikilvægir fyrirlestrar sem nesta starfsfólk vel. Þá fóru nokkrir starfsmenn á MIO námskeið fyrir stærðfræðiskimun í leikskóla og er ætlunin að byrja að skima á næsta skólaári.



Ásamt þessu fór allt nýtt starfsfólk á okkar hefðbundnu væntinganámskeið þar sem við samræmum starfshætti okkar. Skyndihjálpanámskeið var haldið á skólaárinu. Nokkrir fóru í endurmenntun og sóttu námskeið um fjölyngi barna en unnið er að læsisstefnu skólans og það námskeið styður við þá vinnu. Einnig fóru tveir starfsmenn á námskeiðið *Íslensku þorpið* sem fjallar um hvernig íslenska tengist leikskólastarfi. Þar er lögð áhersla á að læra íslensk orð sem tengjast leikskólafræðum. Þetta er liður í því að styðja við og styrkja starfsfólk okkar af erlendum uppruna.

### Vettvangsferðir og viðburðir

Viðburðir samkvæmt skóladagatali voru meðal annars öskudagsskemmtun, dagur leikskólans, jólaball, afmæli skólans, aðventusamveru, vorhátíð, dótadagar og hrekkjavaka. Skemmtilegt var að undirbúa þessa viðburði og börn voru virkir þátttakendur í öllu ferlinu. Heimasvæði voru skreytt með listaverkum barna og foreldrum boðið í hús á degi leikskólans, afmæli skólans og í aðventusamverunni.

Í október fékk árgangur 2018 heimsókn frá Slökkviliðinu þar sem farið var yfir öryggisatriði tengd eldvörnum og börnin fengu tækifæri til að skoða sjúkrabíl. Í sama mánuði hélt fræðslu- og forvarnarráð Urriðaholtsskóla utan um forvarnarviku Garðabæjar þar sem áhersla var lögð á samskipti. Leikskólastig tók þátt í þeirri viku með því að ræða um hvað það er sem lætur okkur líða vel og hvað fjölskylda og vinir skipta miklu máli í lífinu. Þá var sérstök áhersla lögð á mikilvægi góðra samskipta. Vikunni var formlega lokið með danspartýi þar sem allir komu saman á útisvæði leikskólans og dönsuðu saman.

Í tilefni af hrekkjavöku var búningadagur og mikil gleði. Árgangar 2019 og 2020 héldu sameiginlegt danspartý og Kjarr útbjó draugahús og bauð öllum að koma í heimsókn. Árgangi 2018 var boðið í draugahús sem grunnskólastig hafði sett upp og skemmtu þau sér mjög vel.

Á haustönn var árgangi 2019 boðið á tónleika í Hönnunarsafni Íslands "Vindurinn syngur" og árgangur 2018 fór í Hörpu að sjá Dýrasinfóníuna og svo í Þjóðleikhúsið að sjá leiksýninguna "Ég get". Fyrir jólin komu foreldrar í hús að fönndra með okkur sem tókst vel og var mjög skemmtilegt. Þá var árgangi 2020 var boðið á Dæinn kaffihús í kakóbolla fyrir jólin og árgangar 2018 og 2019 fengu boð í Golfskálann, þar sem þeim var boðið upp á mandarínur, smákökur, svala og að syngja með jólasveinum. Á jólaballi Urriðaholtsskóla dönsuðu svo saman vinaárgangar leik- og grunnskólastigs og jólasveinar komu í heimsókn á hvert ball. Í desember fór árgangur 2019 í heimsókn í Alþingishúsið að fræðast um sögu og störf þar og fengu svo jólasýningu í húsi sem ber heitið „Nátttröllid Yrsa“.

Á vorönn stóð fræðslu- og forvarnarráð Urriðaholtsskóla fyrir Mannréttindaviku á leik- og grunnskólastigi. Á leikskólastigi snéri vikan að því að ræða um ýmis málefni sem tengdust mannréttindum og vann hvert heimasvæði það út frá þörfum hópans. Lögð var áhersla á að sýna hvort öðru virðingu og kærleika. Þá var foreldrum boðið í heimsókn í tilefni af degi leikskólans og bar heimsóknin heitið „Komdu að leika“. Á öskudegi var búningadagur og héldu árgangar danspartý þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni, svo var boðið upp á bío seinnipartinn.

Auk þessa voru vettvangsferðir fjölmargar þetta skólaárið þar sem við erum dugleg að nýta okkur nærumhverfi skólans hér í Urriðaholtinu. Lögð var áhersla á að njóta útiverunnar og hreyfa okkur reglulega með því að fara í gönguferðir um hverfið og niður að vatni.

## Kennsluhættir

Á heimasvæðum leikskólastigs var unnið eftir eftirfarandi kennsluháttum:

### Lubbi finnur málbein:

Kennsluefnið Lubbi finnur málbein var notað á ýmsa vegu, t.d. í samverustundum, hópastarfi, stöðvavinnu, gönguferðum o.fl. Einnig voru nýtt ýmis spil og leikir tengt Lubba, þar sem máhljóðaspjöldin voru t.d. notuð í bingó eða samstæðuspil. Keldubörnin fengu að taka Lubba með sér heim um helgar og skráðu foreldrar heimsóknina niður í máli og myndum í bók sem fylgir Lubba. Eins fór um við í gönguferð í Vinagarð, tókum myndir og skráðum niður það sem við vorum að gera með Lubba. Klif blandaði landafræði við Lubba í vetur. Við vorum með stórt kort af Íslandi uppi á vegg þar sem við fundum staðina sem Lubbi heimsótti í bókinni til að finna málbeinin sín, þegar við vorum búin að finna staðina festum við mynd af Lubba og keyrðum síðan frá Garðabæ á þann stað. Við stoppuðum síðan á ýmsum stöðum í leiðinni og lærðum um þá eins og t.d. Dettifoss. Börnin á Kjarri fundu orð sem byrjaði á hljóði vikunnar og vorum við að finna út hvar hljóðið er í orðinu “fremst, miðjuni, aftast”

### TRAS:

Auk þess að nota kennsluefni Lubba til að styðja við málþroska var einnig farið yfir aldursvarandi atriði hjá börnum fæddum 2020-2019 og þau fléttuð inn í hópastarf.

### Listsköpun:

Listsköpun var hluti af daglegu starfi allan veturinn. Þar fengu börnin að kynna mismunandi áferð og margvíslegum efnivið. Þar unnu börnin bæði listaverk fyrir ferilmöppur og til að taka með heim. Þemavinnu gætti í verkefnavinnu að hluta til. Búið var til listaverk í tilefni afmælis Urriðaholtsskóla, börn á öllum skólastigum stimpluðu hendurnar sínar á hringlaga flöt sem var svo hengt upp á vegginn við innganginn á skrifstofuna

### Vinátta forvarnarverkefni gegn einelti - Blær:

Vinátuverkefnið Blær var notað til að efla félagsfærni barna og styðja við tilfinningaþroska. Börnin sungu söngva, æfðu sig í nuddi, hlustuðu á sögur, skoðuðu myndir, ræddu málin og æfðu sig í að setja öðrum mörk og virða mörk annarra.

### Opinn efniviður:

Stuðst var við opinn efnivið til þess að auka hugmyndaflug og gefa börnum frjálsa leið til að skapa sinn eigin leik.

### K-Pals (5 ára börn):

PALS stendur fyrir *Þör að læra saman* (Peer assisted learning strategies) og K stendur fyrir leikskóla. Aðferðin er afar vel rannsökuð og árangursrík kennsluáferð til að þjálfa lesfimi og lesskilningsaðferðir. Verkefnið styrkir hljóðkerfisvitund barna og kennir tengingu hljóðs og stafs og tengingu hljóða. Vegna langtímaveikinda féll vinna með K-Pals niður á skólaárinu, en var bætt upp með annars konar málörvun.

## Námsmat

Námsmat barna á leikskólastigi fór að stórum hluta fram í gegnum ferilmöppur og myndaskráningar. Börnin unnu ákveðin ferilmöppuverkefni yfir árið sem eru sameiginleg innan árganga og gekk vel að halda samræmi milli heimasvæða hvers árgangs. Í ferilmöppuna fór einnig myndaskráning af barninu yfir skólaárið. Á haustönn var formlegt foreldrasamtal þar sem farið var yfir virknimat nemenda. Farið var yfir líkamlegan þroska barnsins ásamt málþroska, tilfinningaþroska, félagsþroska og vitsmunalegum þroska. Einnig var farið yfir samskipti þess við börn og fullorðna. Á vorönn hittu svo heimasvæðisstjórar foreldra aftur í óformlegu spjalli þar sem farið var yfir stöðu mála og einstaka málum fylgt eftir ef þörf var á.

Þá fór námsmat einnig fram í gegnum hefðbundna matskvarða á stöðu og námi barna eins og TRAS (börn fædd 2020-2019), EFI-2 (börn fædd 2020) og Hljóm-2 (börn fædd 2018). Auk þess voru notaðir AEPS listar, AHA skráningar á hegðun, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil og aðrir listar eftir þörfum.

## Leikur, leikefni og námsgögn

Leikurinn er leið barna til náms og því er hann undirstaða allra hópatíma og kennsluhátta. Frjálsi leikurinn er einnig gríðarlega mikilvægur en þar þróa börnin með sér félagsfærni, æfa samskipti og máta sig í ýmis hlutverk og aðstæður. Lögð var áhersla á frjálsa leikinn í vetur og það leikefni sem boðið er upp á í leik er að mestu opinn efniviður þar sem börn skapa sinn eigin heim. Áhersla var lögð á bæði að kenna börnum að leika og hvernig þau komast sjálf inn í leik. Einnig var starfsfólki kennt að kenna börnunum þessa hæfni. Ýmislegt er notað í starfi barnanna, með áherslu á opinn efnivið; bækur, púsl, pinnar, dúplókubbar, einingakubbar, dýr, furðuföt, bílar, föt, málning, fingramálning, litir og skæri. Þá hafa börnin einnig leikið sér með bangsa, dýr, tuskur, spil og púsl, matardót, perlur og litlir plúsplús kubbar. Einnig á skólinn nokkuð af skóflum, fötum og boltum sem leikið er með úti.

Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik er að styðja við leikinn, leiðbeina og hjálpa til við þróun hans þar sem við á. Starfsfólk er hvatt til þess að leiðbeina og styðja við leikinn, passa að stýra ekki leiknum en um leið benda á þær væntingar sem viðeigandi eru í leik. Auk þess að vera mikið í vali var frjálsi leikurinn að sjálfsögðu einnig mikið við lýði í útiveru. Börnin eru fljót að finna sig í frjálsa leiknum og verður hann yfirleitt fljótt að hlutverkaleik hjá þeim sem eldri eru. Hlutverkaleikurinn hefur þróast mikið og samvinnan á milli barna orðin flott og þau fljót að finna sitt hlutverk í leiknum.



## Heimasvæði yngstu barna leikskólastigs – Kelda, Kjarr, Klettur og Klif

### Kelda – starfsfólk og nemendur

#### Kelda er heimasvæði barna fædd 2020

Heimasvæðisstjóri	Sigurlín Sæunn Sæmundsdóttir
Leikskólakennarar	2
Leikskólaleiðbeinendur	3
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2020	15
Fjöldi barna í maí 2021	16

### Kjarr – starfsfólk og nemendur

#### Kjarr er heimasvæði barna fædd 2019

Heimasvæðisstjóri	Elísabet Jónsdóttir
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	4
Aðstoðarleikskólakennarar/ stuðningsfulltrúar	1
Fjöldi barna fædd 2019	22
Fjöldi barna í maí 2021	22

### Klettur – starfsfólk og nemendur

#### Klettur er heimasvæði barna fædd 2019

Heimasvæðisstjóri	Nelly Patricia Roa (til mars 2024) Dagmar S Hallgrímsdóttir og Harpa Katrín Guðnadóttir (frá mars 2024)
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	4
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2019	22
Fjöldi barna í maí 2021	23

### Klif – starfsfólk og nemendur

#### Klif er heimasvæði barna fædd 2019

Heimasvæðisstjóri	Margrét Lilja Guðmundsdóttir
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	5
Fjöldi barna fædd 2019	23
Fjöldi barna í maí 2021	23

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### 1. Hreyfing

Á skólaárinu var áhersla lögð á að koma til móts við hreyfipörf barna með útiveru og YAP-i sem komið er inn í stundaskrá á öllu leikskólastigi, en í þeim stundum er megináhersla á að styðja við og styrkja



miðju barna sem og jafnvægi og grófhreyfingar. Börnin nutu stundanna mjög vel og mikil tilhlökkun var fyrir tímunum. Þegar veður kom í veg fyrir útiveru reyndi starfsfólk að losa um hreyfipörf með öðrum hætti s.s. með hreyfistundum í salnum eða inni í leikkrókum og herbergjum. Einnig var áhersla lögð á hreyfingu við uppsetningu dagskipulags. Því er stillt upp þannig að börn þurfi ekki að sitja lengi við t.d. með því að bæta hreyfingu inn í samverustundir.


### 2. Þemaverkefni

Í fyrra gerðu börn fædd 2019 þemaverkefni um Karólínu könguló sem tókst vel og var því ákveðið að gera það aftur með börnum fædd 2020 og nýta og þróa efniviðinn sem til var. Verkefni voru byggð upp þannig að sagan um Karólínu könguló var rauði þráðurinn í gegnum allt hópastarfið og því unnið með söguna á flestum sviðum. Orð og hljóð úr sögunni voru notuð í málörvun, eins og til dæmis til að ríma, læra litina, telja og fleira. Í sköpun endurgerðu börnin sögusvið bókarinnar og útbjuggum dýr og hluti sem tilheyrðu sögunni. Karólínu verkefnið var mjög skemmtilegt bæði fyrir börnin og þá fullorðnu og gerði það börnum kleift að læra á skemmtilegan hátt.

Börn fædd 2019 gerðu þema verkefni úr bókinni „Ástarsaga úr fjöllunum“ og „Tröllastrákurinn“. Við köfudum djúpt í sögurnar og fórum yfir allskonar orð sem upp komu. Þegar börnin voru búin að kynnaströllunum betur bjuggu þau til sína eigin Flumbru eða Tröllastrák, þar sem notaður var allskonar efniviður sem til var í húsinu. Einnig gerðu börnin lítil tröll úr steinum sem þau máluðu og fengu að skreyta að vild með efni, ull og fleiru.



### 3. Slökun/jóga/núvitund



Í sofandi hvíld eiga öll börn sína dýnu, koddar og teppi. Þau koma inn og leggjast á sinn stað, hlusta á rólega tónlist og fara að sofa. Svefn barna gekk að mestu leyti vel á skólaárinu en úr honum dró verulega á skólaárinu og strax í byrjun haustannar voru mörg börn hætt að sofa í hvíld. Þó svo að einhverjir væru hættir að sofa fóru samt öll börn í hvíld. Sumir fóru í vakandi hvíld þar sem hlustað var á rólega sögu og aðrir fóru með inn í svefn hvíldina og kom svo fram með starfsfólki þegar önnur börn voru stofnuð.

### 4. Samskiptafærni


Haustið fór að miklu leyti í markvissa kennslu í samskiptum sem og tengslamyndun milli barna og starfsfólks. Börnum var kennt að nota orð sem stuðla að góðum samskiptum og eru hjálpleg í að styðja börn í að finna leiðir til að leysa úr ágreiningu. Stuðst var við Vináttuverkefnið Blæ, sögur, lög, Vörðuna og fleira efni sem styður við jákvæð samskipti. Áhersla var lögð á að styðja börn í samskiptum sín á milli og beina þeim í æskilega hegðun. Hópatímar og samverustundir voru notaðar til að efla samskiptin, ásamt hverri stund sem gafst yfir daginn. Jákvæð samskipti voru í fyrirrúmi, sem og lýsandi hrós fyrir æskilega hegðun til að styðja við nám barna. Mikið nám hefur átt sér stað hjá börnunum skólaárinu, þar sem flest börn eru orðin mjög fær í að lesa í tilfinningar annarra og sýna hvert öðru stuðning og kærleika.



Við byrjuðum að vinna með lýðræði með innleiðingu Barnasáttmálans. Með lýðræði fá börn að vera virkari þátttakendur í starfinu yfir daginn og velja þann efnivið sem þau vilja leika með, þá eru börn að ræða sín á milli um hvað þau vilja leika með. Í matartíma eru börnin að æfa sig í að skammta sér sjálf og verða þannig meðvituð um að fá sér ekki of mikið til að koma í veg fyrir matarsóun um leið og þau læra á eigið magamál.

## 5. Mál og læsi


Mikil áhersla var lögð á gott málumhverfi inni á hverju heimasvæði. Öll börn fá málörvun daglega í formi lestrar, samverustunda, matartíma, hópastarfs og söngs. Bækur eru aðgengilegar börnum til þess að lesa sjálf en einnig er sögustund í samveru, yfirleitt daglega. Börnin fóru vikulega í Lubba sem notaður var til máhljóðakennslu. Þar gátu þau tengt hljóð upphafsstafa við orð og hluti í daglegu starfi.



Þar fá börnin tækifæri til að greina fyrsta hljóðið í orðum, klappa atkvæði, ríma, syngja og auka orðaforðann. Heimasvæðin eiga orðið ágætt safn af loðtöflusögum sem eru mikið nýttar og börnin hafa mikinn áhuga á þeim. Söngur er mikilvægur þáttur í málörvun og áhersla á endurtekningu og hreyfingar með lögum. Þar sem bókasafn er komið í Urriðaholtsskóla gátu svæðin nýtt sér það mikið til að ná í bækur og nýta í hópastarfi. Alla föstudaga var farið í samsöng þar sem nokkur skemmtileg lög voru sungin, sem og afmælissöngvar fyrir afmælisbörn vikunnar. Lögum var skipt út eftir árstíðum en nokkur klassísk lög voru alltaf til staðar. Auk þessa voru nokkur börn sem fengu aukinn stuðning við málþroska og eru þá í málörvunarhóp, þannig þau fóru þá með kennara út af svæði í markvissar málörvunarstundir. Til að meta

hvort barn þurfi á auknum stuðningi að halda við málþroska eru stuðst við niðurstöður úr TRAS málþroskaskimun, EF2 - málþroskaskimun og Orðaskilum. Þá var einnig verið að spila bingó, lita- og formabingó, farið í söngvaleiki og aðra leiki til að styðja við málþroska.

## 6. Rökhugsun, tilraunir, stærðfræði o.fl.



Á vorönn voru gerðar ýmsar tilraunir. Til að mynda var skjávarpi og ljósaborð notuð þar sem börnin fengu allskonar efnivið til þess að varpa upp á vegginn. Einnig var gerð tilraun með kartöflumjöli / maissterkju og vatni og skoðað hvernig það breytist. Á Keldu, Kjarri, Klifi og Kletti var mikið verið að kubba í vetur og þá sérstaklega með einingakubbum, holukubbum, legókubbum í ýmsum stærðum, segulkubbum og litlum plúsplús kubbum. Þegar verið er að byggja eru börn að æfa stærðfræðihugtök og rökhugsun til þess að byggingarnar gangi upp og geti staðið og stækkað. Mikil framför var á byggingum barnanna yfir veturinn, þar sem þær styrktust og urðu fjölbreyttari eftir því sem leið á.

## 7. Sköpun

Sköpun var hluti af daglegu starfi allt skólaárið. Í sköpun er ekki aðeins verið að efla hugmyndaflugið heldur einnig sjálfstraust, fín- og grófhreyfingar, rökhugsun, þrautalausn og samskipti. Börnin unnu fá fyrirfram ákveðin verkefni sem fóru í ferilmöppum, en aðallega önnur verkefni, oft tengd árstíðum eða viðburðum, til þess að taka með heim. Í þessum verkefnum eru þau meðal annars að mála, teikna og líma eða jafnvel í frjálsum leik. Sköpun er góð leið til þess að tengjast umhverfinu og prófa sig áfram í ýmiss konar verkefnum. Í þessum skapandi verkefnum fá börnin frumkvæði til þess að framkvæma sínar eigin hugmyndir.



## 8. Útikennsla

Í vetur var lögð áhersla á útikennslu. Krökkunum á deildunum var skipt í 2-3 hópa og fóru minnst einu sinni í viku út fyrir skólalóðina að kanna nær umhverfið sitt. Það var farið í Maríuhella, labbað í kringum Urriðakotssvatn, kíkt í grænmetisgarðana, leikvellir í hverfinu skoðaðir og farið í Vinagarð. Við gripum öll tækifærið í ferðunum okkar að benda krökkunum á dýralífið í kringum okkur og náttúruna sem við sjáum hérna í nærumhverfinu. Einnig var farið í hina ýmsu leiki eins og að hlaupa í skarðið, Köttur og mús og Stórfiskaleik. Í apríl var síðan sótt um þróunarstyrk til að búa til útielðhús hérna á leikskólalóðinni og er stefnan að klára það í sumar. Það mun opna skemmtilega möguleika fyrir frekari útikennslu næsta vetur.



### Samstarf milli heimasvæða og skólastiga

Yngri svæðum gekk vel að halda samræmi í þeim verkefnum sem búið var að ákveða fyrir fram áður en skólaárið hófst. Heimasvæðastjórar yngri svæða funduðu reglulega til þess að samræma sitt starf og gekk það vel. Samstarf milli eldri og yngri heimasvæða gekk vel á skólaárinu með vikulegu samráði í formi heimasvæðastjórafunda. Leikskólastig fékk boð á bókasafnið einu sinni í viku þar sem bókasafnsfræðingur las fyrir okkur bók og fengu svo börnin að skoða bækur eða gera verkefni.

### Samantekt

Heilt yfir gekk skólaárið vel með tilliti til alls og samstarf á milli heimasvæða gekk mjög vel. Á Keldu byrjuðu 15 ný börn fædd árið 2020. Á haustönn funduðu heimasvæðastjórar reglulega til að samræma starfið. Heimasvæðastjórar K3 og K4 funduðu reglulega með aðstoðarskólastjóra leikskólastigs sem gekk vel og var mjög gagnlegt. Samstarf milli eldri og yngri heimasvæða gekk vel á skólaárinu með vikulegu samráði í formi heimasvæðastjórafunda. Heimasvæði barna fædd 2019 og 2020 lögðu áherslu á sömu verkefni t.d. málörvun, stærðfræði og þemaverkefni sem hvert heimasvæði útfærði á sinn hátt. Þetta samstarf gekk vel svo ástæða er til að halda því áfram.

Eftir þennan skemmtilega vetur stendur upp úr hvað foreldrasamstarf gekk vel. Einnig gekk vel að halda utan um ferilmöppur og halda hópastarfi gangandi. Það sem við getum lært af þessum vetri að hafa gott skipulag, flæði og samstillta starfsfólk enn frekar. Mikilvægt er að halda áfram að efla allt starfsfólk í að tileinka sér þær kennsluaðferðir sem notast er við í Urriðaholtsskóla. Faglegt starf var ávallt í forgrunni og er verið að undirbúa hvað má bæta á næsta skólaári.

## Heimasvæði elstu barna leikskólastigs – Klöpp, Kriki og Holt

### Klöpp – starfsfólk og nemendur

#### Klöpp er heimasvæði barna fædd 2018

Heimasvæðisstjóri	Agnieszka Kolowrocka
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	4
Fjöldi barna fædd 2018	21
Fjöldi barna í maí 2021	21

### Kriki – starfsfólk og nemendur

#### Kriki er heimasvæði barna fædd 2018

Heimasvæðisstjóri	Agnieszka Kolowrocka
Leikskólakennarar	1 til nóvember 2022, 0 eftir nóvember 2022
Leikskólaleiðbeinendur	5
Fjöldi barna fædd 2018	18
Fjöldi barna í maí 2021	21

#### Holt er heimasvæði barna fædd 2017

Heimasvæðisstjóri	Elena Trufan
Leikskólakennarar	2
Leikskólaleiðbeinendur	4
Fjöldi barna fædd 2018	21
Fjöldi barna í maí 2021	21

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### 1. Hreyfing

Hreyfing er ómissandi hluti af leikskólastarfi, hvort sem um ræðir hreyfingu úti eða inni. Það að standa upp frá verkefni og hreyfa sig gefur öllum nýja orku í daginn. Einnig var farið út í gönguferðir, þar sem börnin lærðu á nærumhverfi sitt og unnu verkefni um hverfið sitt. Auk



Þessa hefur hreyfing verið fléttuð saman við aðra námsþætti eins og t.d. stærðfræði. Svæðin fóru einu sinni út á dag í langa útiveru eftir hádegi þar sem frjálsi leikurinn fékk að njóta sín á útisvæðinu. Börnin dönsuðu á föstudagsdanspartí. Hópleikir voru kenndir, enda bæði skemmtilegir og reyna bæði á hreyfingu og félagsfærni. Nýttum

auka rými á nýja Holti sem sal, þar sem við stilltum upp m.a. þrautabrautum og vorum í boltaleikjum.

## 2. Þemaverkefni

Á þessu skólaári var unnið eftir hringekjuformi og vorum við að skipta um deildir á tveggja vikna fresti. Því var ákveðið að hafa ólíkar áherslur eftir svæðum. Á Klöpp var lögð áhersla á félagsfærni, samskipti og vináttu. Á Krika var áhersla lögð á sjálfbærni, vísindi og stærðfræði, unnið var mikið með ýmsar tegundir af kubbum. Á Holti var áhersla lögð á sköpun, hreyfingu, holukubba og fjölskynjun, en þá er lagt upp með að börn noti öll skynfærin til þess að upplifa og læra. Lýðræðisvinna einkenndi starfshætti á öllum deildum og óskað eftir röddum barna í skólastarfinu og á þær hlustað.

Haustið 2023 var unnið með verkefnið „hverfið mitt“ á Klöpp og Holti. Þetta verkefni gerir börnin meðvitaðri um sitt nánasta umhverfi. Þau velta fyrir sér fjarlægðum og staðsetningum á ýmsum kennileitum. Þau átta sig betur á hvaða leið er best að fara t.d. heim til sín og velta fyrir sér hvað þau sjá á leiðinni. Urriðaholtskort voru prentuð og börnin skoðuðu hvar húsin þeirra eru, hvaða leikvöllir eru í hverfinu, búðir o. fl. Börnum var skipt í hópa og fóru þau í vettvangsferðir þar sem þau fengu að kynna vinum sínum fyrir nærumhverfi heimila sinna. Börnin teiknuðu svo húsið sitt og gerðu eigið Urriðaholtskort sem samvinnuverkefni.



Í október var umræða með börnum á deildunum um mat. Rætt var um af hverju næring skiptir máli, hvað vítamín, steinefni, trefjar o.fl. gera fyrir okkur og hvað er hægt að gera til að minnka matarsóun. Mataragangar voru vigtaðir og niðurstöður skrifaðar á blað. Verkefnið gaf börnum tækifæri til að vinna með stærðfræðihugtök eins og talning og fjöldi, þrautalausnir og rúmfræði.

Börnin á Krika, Klöpp og Holti héldu áfram vinnu með Kinder- Eco verkefnið sem Urriðaholtsskóli tók þátt í á síðasta skólaári, þar sem við ræddum m.a. umhverfisvernd, endurvinnslu, mikilvægi hreyfingar og náttúruna í nærumhverfi okkar í Urriðaholti. Börnin voru dugleg að týna ruslið á leikskólalóðinni yfir árið og gerðu listaverk úr því sem foreldrar fengu að skoða á opnum degi. Einnig vorum við að fylgjast með trjám og gróðri og hvernig þau breytast eftir árstíðum. Við tókum myndir af sama staðnum

nokkrum sinnum yfir skólaárið og skoðuðum breytingarnar. Ræddum hvað var líkt og ólíkt og sáum hvaða áhrif hver árstíð hafði á trén og gróðurinn.



Bæði fyrir og eftir áramót var í boði fyrir börnin á Klöpp, Krika og Holti að koma með bækur að heiman. Þetta tókst vel til og var mikið lesið og rætt um fjölbreyttar og skemmtilegar bækur.

Eftir áramót var unnið með leiklist sem námsleið. Leiklist örvar skapandi hugsun barna, stuðlar að lausnaleyti og eflir sjálftraust þeirra. Börn eru virkir þátttakendur og fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni með fjölbreyttum og lifandi hætti. Þau fá einnig tækifæri til að vera í hlutverki áhorfenda og flytjenda og geta

upplifað ýmis viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum.

Leiksýning á Klöpp var byggð á sögunni Birnirnar þrjár en var breytt eftir hugmyndum barna. Börnin tóku virkan þátt og fengu að velja sér hlutverk, hanna búningana sína, búa til leikmuni og semja handritið. Börnin bjuggu einnig til veggspjöld og boðskort fyrir áhorfendur. Æfingar gengu vel og allir stóðu sig mjög vel. Börnin á Klöpp buðu leik- og grunnskóla vinum sínum ásamt stjórnendum skólans á leiksýninguna.



Leiksýning Krika var byggð á sögunni um Fríðu og dýrið. Líkt og hjá Klöpp var leiksýningin hugarsmíð barna. Mikil áhersla var lögð á lýðræði í tengslum við leikritið, haldnar voru hefðbundnar kosningar til þess að ákveða hvaða leikrit yrði tekið fyrir. Við vorum með kjörseðla, kjörklefa og lýðræðislega kosningu. Börnin unnu sjálf handritið, leikmuni og leikmynd með aðstoð kennara. Áhersla var lögð á að hlusta á raddir barna og hvetja börn til þess að taka ákvarðanir sjálf í öllu ferlinu. Þetta gekk mjög vel og sást vel hversu jákvæð áhrif leikritagerðin hafði á barnahópinn í heild sinni.

Leiksýning Holts var byggð á sögunni um Mjallhvíti og dvergana sjö, en henni var breytt eftir hugmyndum barna og áhuga á hlutverkum. Í sögunni okkar voru því sjö Mjallhvítar, þrjár nornir, fjórir dvergar og fimm hestar. Börnin tóku virkan þátt í að velja sér hlutverk, hanna eigin búningana og búa til leikmuni. Þau bjuggu einnig til veggspjöld.

### 3. Slökun/jóga/núvitund

Á skólaárinu var lögð áhersla á að öllum liði vel, starfsfólk lagði sig fram við að koma til móts við börnin þar sem hugsjón skóla án aðgreiningar var í fyrirrúmi. Einnig vorum við að einbeita okkur að því hafa rólegar stundir inn á milli í starfinu okkar á skólaárinu. Lítið var um skipulagðar jóga eða núvitundarstundir sem væri mjög gaman að innleiða enn frekar með 5 ára hópum framvegis.

### 4. Samskiptafærni

Félagsfærni er nauðsynleg öllum til að geta starfað og notið sín með öðrum. Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ hefur verið hjálplegt til að leggja okkur lið í vináttuverkefnum og eins höfum við notast við fullorðins stýrða leiki. Fullorðinn er alltaf til staðar yfir daginn til að grípa inn í aðstæður eða ef börnum vantar hjálp inn í leikinn. Hlutverk fullorðinna er að sýna jákvæð og hvetjandi samskipti, hjálpa börnum að leysa úr ágreiningi með jákvæðni, kenna börnum að nota orð sem stuðla að góðum samskiptum og eru hjálpleg og styðja börn í að finna leiðir til að leysa úr ágreiningi.



### 5. Mál og læsi

Á skólaárinu var lögð áhersla á verkefni sem tengjast hljóðkerfisvitundinni, samsettum orðum, orðhlutaeyðingu, hljóðtengingu og margræðum orðum. Farið var í málörvandi leiki og spil til að styðja við málþroska barna. Farið var yfir málskilning, málvitund, framburð og orðaforða. Málörvunarstundir voru hluti af hópastarfi, stöðvum, matartímanum og samverustundum og reynt var að hafa þær alla daga vikunnar. Hljóm-2 var lagt fyrir í október og miðað var við að hver og einn ætti ekki að vera undir 38 stigum að meðaltali.



Börn sem fengu niðurstöður undir 38 stigum fengu aukinn stuðning frá starfsfólki við að byggja upp hljóðkerfis- og hljóðavitund sína. Þannig var líka gott að fylgjast með hvort börnin væru búin að ná þeirri færni sem ætlast er til og gaf starfsfólki færi á að æfa það sem upp á vantar. Þessi vinna gerði það að verkum að þau börn sem voru undir þessu viðmiði bættu sig umtalsvert þegar þau voru teknir aftur í Hljóm-2 próf í mars. Áætlað var að börn sem voru yfir 38 stigum að meðaltali færu í vinnu með kennslufnið K-pals, en vegna aðstæðna var ekki möguleiki á að nota það, en þau fengu í staðinn ýmis önnur verkefni.

### 6. Rökhugsun, tilraunir, stærðfræði o.fl.

Börnin á Holti, Klöpp og Krika unnu mikið með kubba í vetur og þá sérstaklega holukubba, einingakubba, legókubba í ýmsum stærðum og segulkubba. Þegar verið er að byggja eru börn að æfa stærðfræðihugtök og rökhugsun til þess að byggingarnar gangi upp og geti staðið og stækkað. Mikil



framför var á byggingum barnanna yfir veturinn, þar sem þær styrktust og urðu fjölbreyttari eftir því sem leið á. Þá notuðu börnin leir og snjó til að búa til tölustafi og finna fjöldann á bak við tölur. Þau héldu áfram að vinna með grunnformunum eins og hringur, ferningur, þríhyrningur, rétthyrningur, stjarna og sexhyrningur. Stærðfræði, líkt og málörvun, er mikilvægur hluti starfsins og stærðfræði kemur upp í öllum aðstæðum dagsins.

## 7. Sköpun

Í sköpun er ekki aðeins verið að efla hugmyndaflugið heldur einnig sjálfstraust, fín- og grófhreyfingar, þrautalausn og samskipti. Börnin teiknuðu, lituðu, klipptu, límdu og máluðu og nýttu mikið endurnýjanlegt efni þegar þau voru að skapa. Bæði voru unnin fyrir fram ákveðin verkefni og verkefni þar sem börnin tóku stjórnina sjálf og réðu ferðinni. Í gegnum leikriti tókst börnunum að hanna búningana sína, semja handritið, búa til leikmuni, veggspjöld og boðskort. Hverfið mitt verkefnið gaf börnunum tækifæri til að teikna húsið sitt og búa til Urriðaholtskort sem samvinnuverkefni. Einnig gerðu börnin listaverk úr ruslið sem þau týndu yfir skólaárið.



## Samstarf milli heimasvæða og skólastiga

Heimasvæðastjórar hafa verið í ágætu samstarfi þetta skólaárið og áhersla hefur verið lögð á að vinna svipuð verkefni og leggja áherslu á sömu atriði er varða t.d málörvun, stærðfræði, þemaverkefni og félagsfærni. Á þessu skólaári hefur samstarf milli Holts, Klappar og Krika mátt vera betra að því leitinu börnin hittust ekki mikið milli deilda, nema hvað helst á útisvæði. Heimasvæðin voru þó dugleg að hittast í söngstund á föstudögum.

Eftir áramótin fórum við í samstarf við fyrsta bekk, þannig hver deild fór einu sinni í heimsókn í fyrsta bekk og gerði smá verkefni með þeim og þau komu til okkar í heimsókn að leika. Einnig fóru Klöpp, Holt og Kriki í heimsókn nokkrum sínum í frístund og voru þar í vali. Við heimsóttum nemendur í þriðja bekk og þau komu einnig í heimsókn til okkar. Hvert barn fékk bréf frá skólavin í þriðja bekk, þar sem þau voru boðin velkomin í fyrsta bekk en þriðji (fjórði bekkur á næsta skólaári) bekkur verður vinabekkur þeirra næsta haust. Þá buðu Klöpp, Kriki og Holt vinum sínum af leik- og grunnskólastigi horfa á leiksýninguna sína í maí.

## Samantekt

Hringekjufyrirkomulagið hafði ákveðin áhrif á leikskólastarfið á þessu skólaári. Það var erfitt að rífa allt upp og flytja á tveggja vikna fresti. Allt tekið niður af veggjum, listaverk barna, dagskipulag, afmælisvörður og fleira. Flutningar urðu til þess að á endanum fór nánast ekkert upp á vegg og jók álag á starfsmannahópinn. Starfsfólki og deildarstjórum fannst vanta að eiga sitt heimasvæði. Hringekjan hafði einnig áhrif á líðan barna en sum barnanna tóku þessum breytingum illa til að byrja með. Starfsfólk upplifði einnig á köflum óánægju foreldra sem voru ekki alltaf viss um hvert börnin

ættu að mæta í næstu viku þrátt fyrir að deildarstjórar voru duglegir við að upplýsa um það í hverri viku.

Undirbúningur og öll vinna sem snéri að samstarfi milli heimasvæðanna gekk mjög vel. Heimasvæðistjórar náðu að funda regluleg til að ákveða framvindu starfsins og fara yfir stöðuna. Gott samstarf er lykilatriði í sameiginlegri hópavinnu og að allir geta speglað sig í hinum heimasvæðunum. Með góðu samstarfi tókst okkur að fara með öll börn fædd 2018 í gegnum sama námsefnið.

## Ársskýrsla grunnskólastigs

Það var þröngt á þingi við upphaf skólaársins þegar nemendur á miðstigi nýttu aðstöðu tónmenntar í Hamri þar til skólinn fékk afhend kennslusvæði í færanlegum kennslustofum norðan við húsið. Húsnæðið fékk nafnið Legoland en það var tekið í notkun í desember þegar 5. og 6. bekkur fluttu þar inn. Í janúar flutti 7.-9. bekkur síðan á heimasvæði í nýrri byggingu annars áfanga skólans. Á sama tíma voru list og verkgreinar færðar af gangi efri hæð í færanlegu kennslustofurnar Engey og Viðey. Inni í skólahúsnæði fyrsta áfanga var yngsta stig skólans á eftirfarandi svæðum. Hnjúkar 1. bekkur, Hlíð 2. bekkur, Hraun 3. bekkur og Höfði 4. bekkur. Upplýsinga- og tæknimennt var kennd á heimasvæðum nemenda, tónmennt á Hamri, heimilisfræði á heimasvæðum nemenda, smíði og myndmennt voru eins og áður segir á gangi og síðan í Engey og Viðey og enduðu skólaárið í nýrri álmu skólans með varanlegri aðstöðu list- og verkgreina.

Frístundaheimilið Urriðakot sem áður hafði nýtt heimasvæði eftir kennslu fékk sitt húsnæði um áramótin og nýtti svo heimasvæðin eftir að almennri kennslu lauk. Félagsmiðstöðin Urri hafði eftir stofnun aðstöðu á gangi á efri hæð skólans, flutti á Hamar um áramóti og síðan í varanlega aðstöðu sína í apríl þegar nýr áfangi var tekin í notkun.

Mataraðstaða fyrir hádegismat var á neðri hæð skólans við aðal inngang en verður færð yfir í sal skólans við upphaf nýs skólaárs og er það Matartíminn eldar fyrir nemendur.

### Viðburðir og menning á skólaárinu

- Í vetur var félagsmiðstöð stofnuð eftir samráð og samvinnu við nemendur á mið- og unglingstigi og fékk Urri aðild að Samfés í apríl
- Popplestur
- Stóra upplestrarkeppnin var haldin hátíðleg í vetur.
- Litla upplestrarkeppnin
- Hrekkjavaka
- Ferðalag á Reyki
- Allir árgangar á grunnskólastigi fóru á sinfóníutónleika í Hörpunni
- Frekari viðburðir eru taldir upp hjá hverjum árgangi síðar í skýrslunni

### Fræðslu- og forvarnarráð

Fræðslu- og forvarnarráð Urriðaholtsskóla var stofnað í september 2022 og starfar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Í ráðinu sitja fulltrúar frá bæði leik- og grunnskólastigi ásamt skólahjúkrunarfræðingi, skólafélagsráðgjafa og forstöðumanni frístundar/félagsmiðstöðvar. Fulltrúar fyrir árið 2023-2024 voru: Gabriela Hauksdóttir (leikskóli), Marianna J. Mariudóttir (grunnskóli), Íris Ósk Ingadóttir (frístundaheimili/félagsmiðstöð), Þóra Árnadóttir (skólafélagsráðgjafi) og Hildur Ýr Hvanndal (skólahjúkrunarfræðingur). Ráðið sat reglulega samráðsfundi og skráði fundarefni í fundarskrá.

Fræðslu- og forvarnarráð hélt utan um forvarnaviku Garðabæjar sem var haldin 5.-11. október 2023. Þema forvarnavikunnar var samskipti og gerðu allir nemendur skólans vina- eða bekkjarsáttmála. Á leikskólastigi var horft á Við eigum öll réttindi frá UNICEF og nemendur grunnskólans horfðu einnig á efni frá UNICEF. Nemendur grunnskólans unnu með efni frá UNICEF eftir aldri og í lok vikunnar var sameiginlegt danspartý fyrir alla nemendur skólans á skólalóðinni.

Þann 8. nóvember var dagur gegn einelti og hvatti fræðslu- og forvarnarráð starfsfólk til þess að vera meðvituð um daginn og miðla fræðslu til nemenda. Þann 11. desember fengu nemendur í 2. bekk fræðsluna "Krakkarnir í hverfinu" í formi brúðuleikhúss sem er ætlað að auðvelda börnum að segja frá

kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir. Starfsmenn á vegum Velferðarráðuneytisins og Barnaverndar sýndu brúðuleikhúsið. Vikuna 4.-8. mars stóð fræðslu- og forvarnarráð fyrir Mannréttindaviku Urriðaholtsskóla. Markmið vikunnar var að kynna mannréttindi fyrir börnunum og var unnið með fjölbreytt viðfangsefni eftir aldri barnanna. Meðal annars var fjallað um tjáningarfrelsi, jafnrétti, umburðarlyndi og setja mörk og virða mörk annarra. Í lok vikunnar var sameiningarkeðja þar sem nemendur skólans og starfsfólk kom saman og héldust í hendur og mynduðu þannig keðju. Í janúar var samskipta- og vináttuvika í skólanum þar sem kennarar nýttu Verkfærakistu KVAN í ýmis verkefni og leiki. Fræðslu- og forvarnarráð stakk upp á því við kennara á öllum skólastigum að gefa jákvæðri líkamsmynd gaum og vinna með það sérstaklega í vetur. Í viku 6 las leikskólinn Allir eru með rass og/eða Líkaminn minn og starfsfólk grunnskóla var hvatt til að bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu og setja kynheilbrigði í forgrunn.

## Próunar- og rannsóknarverkefni

### Birtingamynd fordóma gagnvart hinsegin nemendum í grunnskóla.

Rannsóknarverkefnið var unnið af tveimur kennurum í Urriðaholtsskóla í Garðabæ skólaárið 2023-2024. Verkefnið var lagt fyrir alla nemendur á mið- og unglíngastigi.

Rannsóknin miðaði að því að kanna hvernig fordómar birtust í garð hinsegin nemenda og hvort draga mætti úr þeim með öflugri og markvissri hinsegin fræðslu. Sett var upp kennsluáætlun fyrir hinsegin fræðslu í 5-9 bekk í Urriðaholtsskóla og birtingamynd fordóma meðal nemenda mæld bæði fyrir og eftir fræðsluna. Sumarið 2024 verður unnið úr niðurstöðum rannsóknarinnar greinagerð birt á vef Kennarasamband Íslands.

### Frímínútnafjör - leikjaleiðtogar

Frímínútnafjör er byggt á norsku vinaverkefni sem er starfrækt í rúmlega 1000 skólum í Noregi og fleiri löndum í Evrópu með góðum árangri. Verkefnið er fyrir nemendur í 4.-7. bekk og er markmiðið að virkja börn í leik í frímínútum og vinna gegn einelti. Flestir grunnskólar í Garðabæ taka þátt í verkefninu. Þau börn sem eru valin af samnemendum sínum til þess að taka þátt í verkefninu kallast leikjaleiðtogar og starfa í eina önn.

Nemendur í 4. bekk sinna verkefninu einu sinni í viku í fyrri frímínútum og nemendur í 5.-7. bekk tvisvar í viku í hádegis frímínútum. Hlutverkinu fylgir ábyrgð að bjóða öllum að koma og vera með í leik sem þau skipuleggja í frímínútum. Mörg börn mæta beint á stöðvarnar og geta hafið leik en hlutverk leikjaleiðtoga er að virkja önnur börn á skólalóðinni og bjóða þeim að taka þátt. Lögð er áhersla á að leikjaleiðtogar bjóði börnum með nafni að vera með í leiknum. Eitt af markmiðum verkefnisins er að öll börn fái spurninguna „viltu vera með?“ í frímínútum. Verkefnið stendur yfir í tíu vikur í senn og í lok annar koma allir leikjaleiðtogar annarinnar saman og eiga góðan dag sem kallast þakkardagur leikjaleiðtoga.

Vilhelm Már Bjarnason íþróttakennari og Steiney Snorradóttir námsráðgjafi voru verkefnastjórar fyrir Frímínútufjör í Urriðaholtsskóla skólaárið 2022 – 2023 og þetta skólaár var unnið út frá þeirra skipulagi. Í vetur var það aðstoðarumsjónarmaður frístundar sem hélt utan um verkefnið.

### Innleiðing gagnreyndra kennsluáðferða í Urriðaholtsskóla

Frá því að Urriðaholtsskóli var stofnaður hefur stefna skólans verið að nota gagnreyndar aðferðir við kennslu. Haustið 2018 þegar kennsla á grunnskólastigi hófst fór samhliða af stað innleiðing á stýrðri kennslu (direct instruction) og fimipjálfun (byggð á kennsluáðferðinni precision teaching). Sú vinna stendur ennþá yfir og þjálfun nýrra kennara á sér stað á hverju skólaári með námskeiðum og þjálfun í kennslu. Vorið 2022 bauðst skólanum að fara í samstarf með Morningside Academy í Seattle í Bandaríkjunum þar sem markmiðið var að innleiða Morningside módelið í Urriðaholtsskóla. Módelið

er þróað af Dr. Kent Johnson stofnanda skólans og hans samstarfsfólk frá stofnun skólans árið 1980 en það samanstendur af gagnreyndum og árangursríkum kennsluaðferðum og bekkjarstjórnunar- aðferðum. Samningurinn sem gerður var gerir ráð fyrir því að samstarfið standi yfir í þrjú ár. Markmið þessa annars samstarfsárs var að halda áfram að kenna kennurum að nota svokölluð hröðunarkort (Standard celeration chart) í kennslu lesturs, skriftar og stærðfræði. Jafnframt að kenna og þjálfka kennara til að nota hröðunarkort til að taka ákvörðun um kennslu í kennslustundum miðað við hvernig námi nemenda þróast í rauntíma. Sérstök áhersla var á bekkjarstjórn og skipulag kennslusvæðis sem og þýðingu námsefnis og námsefnisgerð. Þá var mikil áhersla lögð á þjálfun kennara sem og þjálfun þjálfara. Þjálfarar eru í þessu tilfelli deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólalastjóri grunnskólastigs.


Annað samstarfsárið gekk afar vel og mátti sjá miklar framfarir í bæði kennslu og námi. Sérstaklega vel heppnað var innleiðing svokallaðar textafimi sem hafði mikil áhrif á niðurstöður Lesfimi í 2. bekk. Þegar hefur verið gerður samningur um næsta skólaár en þá verða áhersla á áframhaldandi þjálfun kennara og notkun hröðunarkorta í kennslu sem og námskeið fyrir kennara til að kenna *Hugsum upphátt og leysum vanda* (TAPS – Thing aloud problem solving) og kennslu og þýðingu á lesskilningsefni fyrir byrjendur og lengra komna lesara. Áherslum næsta skólaárs verða gerð frekari skil í næstu ársáætlun.

### Eldur, ís og mjúkur mosi

Sýningin Eldur, ís og mjúkur mosi var samstarfsverkefni Vatnajökulspjóðgarðs, Náttúruminjasafni Íslands og sjö leik- og grunnskóla. Verkefnið miðaði að því að beisla sköpunarkraft barnanna, sem fengu vettvang til að túlka náttúru þjóðgarðsins, verndargildi hans og sögu með aðstoð hönnuða og listafólks. Sigríður Sunna og Sóley Tómasdóttir úr listahópnum ÞYKJÓ voru okkur innan handar í ferlinu ásamt því að tónlistarkonan Steinunn Jónsdóttir lagði hönd á plóg við lagasmíðar nemenda.

Vinnan hófst í september með heimsókn okkar í Perluna þar sem við fengum meðal annars fræðslu um Vatnajökulspjóðgarð. Stuttu síðar héldu Sigga Sunna og Sóley í smíðjur í Urriðaholtsskóla í líkanagerð og tónlist. Eftir þá heimsókn fóru nemendur að hugsa hvernig listaverk þeim langaði til að gera, þau höfðu alveg frjálsar hendur í sköpunarferlinu en verkið varð að tengjast þjóðgarðinum á einhvern hátt. Margir héldu áfram í líkanagerð og það urðu til nokkur skemmtileg líkön af ýmsum svæðum þjóðgarðsins. Aðrir nemendur bjuggu til leirlistaverk, einhverjir tálguðu fugla og sveppi og önnur unnu verk með blönduðum efnivið. Nemendur sömdu líka texta um þjóðgarðinn og fóru svo með Rögggu í stúdíó til Sóleyjar þar sem þau tóku upp lagið. Í lok vinnunnar kom Helga Aradóttir sýningastýra Náttúruminjasafns Íslands í heimsókn þar sem hún hjálpaði nemendum af stað í að skrifa um verkin sín og svo fór hún yfir það hvernig listasýningar eru settar upp.

Á opnun sýningarinnar 23. apríl sögðu nokkrir nemendur frá verkum sínum og lagið Eldur, ís og mjúkur mosi sem þau sömdu og fluttu var spilað í Síðdegisútvarpinu á Rás 2 sama dag.



## Yngsta stig

### Lestrarkennsla, málörvun og málfræði

Nemendum í 1.-4. bekk er skipt í færnimiðaða hópa í íslensku með það að markmiði að mæta þeim þar sem þau eru stödd í lestrarnámi. Viðfangsefni hópa eru því ólík eftir því hvar nemendur standa. Nemendum var skipt á milli 10 kennara á liðnu skólaári. Áherslur kennara taka því mið af færni nemenda í hópnum hverju sinni en viðfangsefnum má í grófum dráttum skipta niður á 10 stig sem byggja hvert ofan á annað. Sumir hópar eru þó að vinna með sameiginlega þætti að hluta eftir því hver færni viðkomandi hóps er.

Fyrstu daga skólaársins voru gerðar staðsetningarathuganir á öllum nemendum yngsta stigs og samkvæmt þeim gögnum var þeim raðað niður í færnimiðaða hópa. Síðan var viðkomandi hópi öllum kennt í einu, í öllum lotum, innan kennslustundarinnar. Tímasettar lotur eftir úthaldi hvers stigs fyrir sig og tími aukinn í hverju þrepi þegar færnimarkmiðum var náð. Sjónrænt skipulag á töflu fyrir hverja lotu með mínútu fjölda. Sjónrænt skipulag eykur færni nemenda til að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og eykur einnig virkni og úthald. Með þessu vita nemendur hvers er ætlast til af þeim út alla kennslustundina. Til að ná fram virkni í námi hjá hópnum í heild sinni eða hjá einstaklingum innan hópsins er notast við ýmis konar hvatningarkerfi eins og stjörnunemandi, kennari/nemandi leikur og Good behavior game. Þessar aðferðir aðstoða nemendur við að fylgja væntingum kennslustundarinnar og til að ná sínum markmiðum með jákvæðri styrkingu. Töfluvinna (boardwork) var innleitt en um er að ræða skilvirka leið til að innlagar á nýjum atriðum en einnig leið til að tengja saman kennd atriði og fimipjálfun. Hröðunarkort eru notuð í fimiafingum í lestri sem og fimiafingum í skrift, þar sem fylgst er með framvindu hvers nemanda fyrir sig. Staðsetningarathuganir eru teknar reglulega eftir að nemendur hafa lokið ákveðnum fjölda kennslustunda í handriti og nemendur færast þar af leiðandi á milli færnimiðaðra hópa eftir námsframvindu hvers og eins. Í mars var síðan innleidd svokölluð textafimi í alla hópa utan tveggja færnimestu hópana sem mjög góðum árangri og til stendur að innleiða þau vinnubröð í alla lestrarhópa skólans næsta skólaár.

#### Stig 1


Á stigi eitt voru fjórir hópar en þar er unnið með hljóðkerfisvitund þar sem gerðar eru æfingar eins og að ríma, tenging hljóða og orða í töluðu máli og unnið með málörvun þar sem notast er við fjölbreytt efni svo sem Tölum saman og Orðagull. Nemendum er kennt að draga til stafs og gerðar fimiafingar í



### Stig 3

Á stigi 3 voru tveir hópar en þar unnu nemendur í handriti 2–6. Í þeim handritum er lögð áhersla á lesskilning sem og málfræðiatríði svo sem samheiti og andheiti og greinamerki. Í handritunum er lögð áhersla á að þjálfar nemendur í að svara spurningum úr texta í heilum setningum. Í hverri kennslustund var unnið með orð á töflu og orðakassa sem inniheldur þau orð sem mikilvægt er að nemendur kunni að lesa og skilji áður en texti er lesinn og bæta í mál- og lesskilning nemenda. Gerðar voru fimíæfingar í orðum og textalestri daglega. Hópurinn vann verkefni í litlu lesrún í stýrðir kennslu, einnig var unnið með að uppbyggingu í sögugerð.

### Stig 4



Á 4. stigi voru tveir hópar en þar kláruðu nemendur handrit 2. Eftir handrit 2 fóru nemendur í námsefni í Gretti sterka (skólavefurinn.is) sem að kennarar höfðu aðlagð að aðferðum stýrðrar kennslu. Nemendur á þessu stigi búa yfir færinni að umskrá og lesa viðeigandi texta sér til upplýsinga eða til skemmtunar. Því er á þessu stigi lögð áhersla á flóknari og fjölbreyttari lesskilning svo sem á fræðitexta. Áherslur stigsins eru einnig á stafsetningu, ritun og eftir fund með Morningside var mikil áhersla lögð á töfluvinnu til að byggja brúa á milli kenndra

atriða og fimíþjálfunar og tryggja að nemendur skildu þau orð sem komu fyrir í þeim texta sem verið var að vinna með hverju sinni. Gerðar voru fimíæfingar í að draga rétt til stafs sem og fimíæfingar í lestri daglega. Annað námsefni sem unnið var með voru bækurnar Skrift 1-3, Lestrarlandið, Listin að lesa og skrifa og Litla lesrún.

### Stig 5

Á stigi 5 var einn hópur og var áhersla á lesskilning ennþá þungamiðja kennslunnar en einnig voru áherslur á málfræði auknar sem og að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur unnu með fjölda fræði- og sögutexta og fengu þjálfun í að sjá hvað eru aðalatriði í texta og hvað eru aukaatriði. Eins og á stigi 4 er lesskilningur kenndur í gegnum fjölbreytta texta sem búið er að aðlagð að aðferðum stýrðrar kennslu. Nemendur kynntust orðflokkinum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og fengu þjálfun að greina þau í texta. Einnig var unnið með fallbeygingu nafnorða sem og flokkun þeirra í sérnöfn og samnöfn. Í ritun var unnið með fimi æfingar á hverjum degi þar sem nemendur æfðu sig á að skrifa algengustu orðin í íslensku með áherslu á réttiritun. Námsefni skólaársins var Litla lesrún, lesrún og Ritun 1-2, ásamt fjölbreyttum fræði- og sögutextum.

### Stig 6

Á stigi 6 var einn hópur en þar var kennsla með hefðbundnara sniði og töluverð áhersla lögð áfram á lesskilning sem og málfræði. Unnið var með lestur, lesskilning, nafnorð (sérnöfn og samnöfn), kyn orða, eintölu/fleirtölu, lýsingarorð og stigbreytingu þeirra, nútíð og þátíð sagnorða og skrift. Einnig var farið í nokkrar grunn stafsetningar- og réttitunarreglur. Námsefni sem nýtt var : lesrún, lesrún 2 , Danski draugurinn, Geiturnar í garðinum, Ævintýri á Ingólfsfjalli, vinnubækur og stök verkefni í lesskilning og

málfræði.

### Stig 7

Á 7. stigi var einn hópur þar sem áherslur voru á stafsetningu, ritun, lesskilning, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð. Hver dagur byrjaði á fimi æfingum í lestri, paralestri en einnig töfluvinnu í samræmi við nýjan lesskilning hverju sinni. Nemendur fengu sögur sem þau lásu og svöruðu spurningum við, þau fengu einnig ritunarverkefni sem þau fengu að spreyta sig í að afla sér upplýsinga sjálfstætt í gegnum tölvur eða nýttu hugmyndaflugíð.

Málrækt 1 var notuð og kláruð, skrift með orðum og líka setningum og einnig málfræðihefti frá kennara.

## Skýrslur heimasvæða grunnskóla

### Hnjúkar – árgangur 2017

Umsjónarkennarar	Friðlín Björt Ellertsdóttir, Rúna Björg Ársælsdóttir og Svavar Már Ólafsson
Atferlisfræðingur	Snædís Ósk Jóhannsdóttir
Stuðningsfulltrúar	Brynjar Örn Birgisson, Elín Hafdís Ársælsdóttir og Helena Líf Magnúsdóttir.
Fjöldi nemenda haust 2023	53
Fjöldi nemenda vor 2024	53

### Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

#### Væntingar á heimasvæði

Í upphafi vetrar var mikil áhersla lögð á að kenna væntingar skólans og Vörðu, hvað þær kenna og sýna okkur. Myndir af vörðunum voru uppi í kennslustofunum og var farið daglega yfir þær og væntingarnar.

#### Ritun og almenn málfræði

Lögð var áhersla á ritun og almenna málfræði á liðnu skólaári. Kennt var að draga til stafs, hvenær nota á há og lágstafi og hvernig fyrirmyndar setningar líta út. Lögð var áhersla á skapandi skrif. Má þar nefna 6 vikna ritun og ýmis verkefni sem unnin voru yfir veturinn. Hvað málfræðina varðar má þar nefna samheiti, andheiti, sérhljóða og samhljóða. Ýmis verkefni voru unnin í kjölfarið, ýmist bókleg eða skapandi en verkefnin voru svo gjarnan hengd upp á heimasvæði.

#### Stærðfræði

Í stærðfræði var unnið með bækurnar Sproti 1a og 1b, aukaefni af heimasíðunni Gyldendal.no, stærðfræði fimi auk annarra auka verkefna. Unnið var með talnaskilning, mynstur, mælingar, form hugtökin stærra og minna og samlagningu og frádrátt.

Sæbjörg stærðfræðikennari kom inn með stýrða kennslu og stærðfræði fimi. Þar var helst unnið með lestur tölustafa, frá 1 til 99. Einnig var mikil áhersla lögð á að skrifa tölustafi rétt og skiljanlega.

Undir vorið voru reiknings aðgerðirnar samlagning og frádráttur lagðar inn og unnið með fimi æfingar. Til þess að meta afrakstur þessarar vinnu var lagt fyrir nemendur könnunarpróf í stærðfræði í lok vorannar.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Unnið var með forrit í upplýsingatækni sem efla íslensku og stærðfræði. Í íslensku var smáforritið Orðagull mest notað. Í stærðfræði voru smáforritin Sproti og Georg notuð. Til að ýta undir forritun var Box Island og Coding Safari notuð.

### Lífsleikni og samskiptafærni

Haldnir voru reglulegir bekkjarfundir þar sem skerpt var á góðum samskiptum og ýtt undir vináttu og kærleika. Í upphafi annar fengu kennarar Urriðaholtsskóla endurmenntun frá KVAN. Markmið endurmenntunarinnar var að styrkja jákvæðan anda í hópnum til þess að efla forvarnir gegn samskiptavanda og öðrum neikvæðum og meiðandi samskiptum. Nemendur unnu ýmis verkefni tengt samskiptahæfni og vináttu.

### Náttúru og samfélagsgreinar

Náttúru- og samfélagsgreinar voru kenndar í lotum þar sem nemendum var skipt í hópa þvert á heimahópa. Loturnar voru tvær en í fyrri lotunni var unnið með viðfangsefnin árstíðir, vatnafuglar, tilfinningar og sjálfsmynd. Í seinni lotunni var unnið með líkamann, umferðarskólann og íslensku húsdýrin. Fyrirkomulagið var þannig að allir hóparnir kláruðu öll viðfangsefnin í fyrri lotunni áður en haldið var í þá seinni þar sem var sama fyrirkomulag.

#### Árstíðir

Nemendur lærðu um árstíðirnar og hvað einkennir þær og aðgreinir í íslenskri náttúru. Nemendur lærðu um heiti vikudaganna og mánuðina og hvernig almanakið er uppsett. Í þeirri vinnu var stuðst við efni úr bókinni Halló heimur 1.

#### Tilfinningar og sjálfsmyndin

Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í þemabók tengd tilfinningum og sjálfsmyndinni. Þar lærðu nemendur að gera grein fyrir hvar styrkleikar þeirra liggja og að sjálfsmynd sé sú mynd eða hugsun sem við höfum á okkur sjálfum sem hefur áhrif á hegðun okkar, líðan og hvernig við hugsum um okkur sjálf. Einnig lærðu nemendur að þekkja mismunandi tilfinningar og átta sig á eigin líðan sem og annarra. Bókin *Láttu mig vera! Áhyggjupúkar* var lesin fyrir nemendur og í kjölfarið unnið verkefni sem þjálfar nemendur í að finna leiðir til að losa sig við áhyggjur.

#### Vatnafuglar

Unnið var með efni af fuglavef MMS og fengu börnin að læra um og kynnst algengustu vatnafuglunum í nærumhverfinu. Kennt var í lotum en fyrsti tíminn fór yfir hugtakið vatnafuglar og í framhaldinu var tekinn fyrir einn fugl í hverjum tíma. Nemendur voru kynnt fyrir fæðu, dvalartíma á landinu o.fl. og unnu svo í kjölfar verkefni um fuglinn. Verkefnin voru ýmist skrifleg, skapandi eða bæði í senn.

#### Líkaminn

Nemendur lærðu um nokkur líffæri líkamans svo sem hjarta, lungu og heila úr námsefninu *Halló heimur 1*.

#### Umferðarskóli

Nemendur lærðu helstu umferðarreglur gangandi- og hjólandi vegfarenda. Ásamt þess var farið yfir öruggustu leiðina í skólann og önnur hugtök í umferðinni. Í þeirri vinnu var stuðst við efni úr bókinni Halló heimur 1 ásamt verkefnablöðum og úrklippu verkefni. Farið var í vettvangsferð í nærumhverfi til þess að skoða og skilgreina umferðarumhverfið en einnig til að fara yfir hegðun í umferðinni.

#### Íslensku húsdýrin

Unnið var með efni úr bókinni Hani, krummi, hundur, svín ásamt húsdýravef MMS. Kennt var í lotum þar sem hver hópur fékk 5 tíma hver en í hverjum tíma var farið yfir 1-2 dýr og verkefni um þau dýr unnin. Nemendur voru kynnt fyrir hugtökum á borð við húsdýr, spendýr, klaufdýr og hófdýr. Verkefni voru ýmist skrifleg og/eða skapandi og voru af ýmsu tagi.

### Kennsluhættir

Kennsluhættir voru gjarnan mismunandi eftir námsgreinum. Einungis var notast við stýrða kennslu og fimipjálfun í lestri. Stuðst var við stýrða kennslu að hluta í málfræði kennslu en einnig var notast við útlistunarkennslu, leiki og námspil. Í stærðfræði var einnig notast við stýrða kennslu, leiki og námspil en þar að auki sýnikennslu og útlistunarkennslu. Í náttúru- og samfélagsfræði greinum var stuðst við sýnikennslu, hópavinnu, þemanám og samþættingu og umræðu og spurnaraðferðum.

### Námsmat

Í vetur var notast við símat og leiðsagnarmat fyrir námsmat nemenda í 1. bekk. Í stýrðu kennslunni og fimi þjálfuninni er mikið um leiðsagnarmat en þar fá nemendur stöðuga endurgjöf og villuleiðréttingu ásamt skýrum námsmarkmiðum sem gerir þeim kleift að vita hvar þau standa og að hverju er stefnt. Stýrð kennsla hvetur til sjálfsmats og jafningjamats en gefur kennurum einnig tækifæri til stöðugar endurgjafar. Leiðsagnarmatið fór annars vegar fram með óformlegum hætti og hins vegar formlegum. Óformlegu leiðirnar voru t.d. munnleg endurgjöf, hrós og spurningar um efnið en þær formlegu voru t.d. að hafa námsmarkmið eða markmið verkefna sýnileg og veita strax endurgjöf (t.d. í formi stiga, límmiða eða stimpla) og að merkja jafnóðum við villur og fá nemendur til þess að leiðrétta þær. Endurgjöf fór því fram munnlega, skriflega og í gegnum Mentor.

### Vettvangsferðir

Á haustönn fóru nemendur í Hörpu á tónleika með Sinfóníu hljómsveit Ísland og sáu Dýrasinfóníuna. Einnig var farið á hrekkjavöku- jazztónleika í Tónlistarskóla Garðabæjar. Farið var svo í árlega jólaheimsókn í Golfskálann Odd en þar var nemendum boðið upp á kex og safe. Tveir jólasveinar mættu síðan á svæðið og sungu með nemendum og gáfu þeim mandarínur. Á vorönn fóru nemendur í danspartý á Garðatorgi í tilefni Barnamenningarhátíðar þar leiddu Friðrik Agni og Anna Claessen í gegnum dansa frá öllum heimshornum. Í vorferðinni var farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.



### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Elstu nemendur á leikskólastigi komu í eina heimsókn yfir skólaárið þar sem hóparnir þar sem þau tóku þátt í DI lestrarkennslu. 1. bekkur fór svo í eina heimsókn á leikskólastig til þeirra og fengu þar að taka þátt í frjálsum leik. Á hrekkjavökunni var öllum skólanum blandað saman og skipt var í hópa þvert á alla bekkí ásamt leikskólastiginu. Börnin gengu í sínum hópum á milli stöðva gekk þetta allt saman mjög vel.

## Samantekt

Kennarateymið í 1. bekk samanstóð af þremur kennurum en þar að auki voru þrjár stuðningsfulltrúar og einn atferlisfræðingur. Nemenda hópurinn var mjög stór og voru margar skemmtilegar áskoranir sem biðu nýrra kennara en þegar líða tók á veturinn varð hópurinn þéttur og samstilltur.

Lestrarkennslan gekk mjög vel í vetur þar sem miklar og góðar framfarir komu fram hjá allflestum nemendum. Meðaltal lesinna orða á lesfímiprófi Lesferils í 1. bekk er 57 orð á mínútu.

Stærðfræðikennsla gekk mjög vel í vetur. Nemendur eru á misjöfnum stað í stærðfræði og væri því gagnlegt að skipta þeim upp í færnimiðaða hópa á komandi vetri. Kennsla náttúru- og samfélagsgreina var einnig mjög vel heppnuð og þótti fyrirkomulagið (kennsla í lotum) heppnast mjög vel bæði fyrir kennara og nemendur.

Heilt yfir erum við virkilega ánægð með veturinn. Bæði nemendur og starfsfólk unnu vel og gerðu sitt besta. Teymið vann vel saman og tæklaði öll verkefni í sameiningu. Nemendur tóku miklum framförum bæði í námi og í skólafærni og erum við verulega stolt af þeim.

## Hlíð – heimasvæði barna fædd 2016

Umsjónarkennarar	Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Lilja Rún Sigurðardóttir og Páll Arnarson
Stuðningsfulltrúar	Milena Ganzha, Ísak Heningsson, Berglind Birta Fanneyjardóttir, Helgi Már Kjartansson og Theodór Sigurgeirsson
Fjöldi nemenda í ágúst 2023	60
Fjöldi nemenda í maí 2024	60

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Vinna með væntingar á heimasvæði

Í vetur var unnið mikið með væntingar sem gerðar eru til nemenda. Farið var reglulega yfir væntingar á heimasvæði, væntingar í rútu, væntingar á útsvæði og væntingar í matsal. Væntingar í matsal og væntingar í rútu voru viðfangsefni sem þurfti að fara oft yfir með öllum.

### Ritun

Skólaárið 2023 – 2024 unnu nemendur ritunarverkefni í sögubók, gerðu ritun á 6 vikna fresti um atburði sem höfðu átt sér stað á borð við sumarfrí, hrekkjavöku, jólafrí og afmæli skólans. Einnig var gert ritunarverkefni út frá leiksýningunni Krakkarnir í hverfinu. Önnur ritunarverkefni áttu sér stað í íslensku kennslu en þar æfðu nemendur sig í að draga til stafs í skriftarfimi. Einnig voru ritunarverkefni fléttuð inn í aðrar námsgreinar yfir veturinn. Bækurnar Ritrún 1 og 2 voru notaðar til að dýpka kunnáttu nemenda á íslensku máli. Mikil áhersla var lögð á sögugerð. Þar fengu nemendur verkefni að gera sögur með upphafi, miðju og endi en einnig að velja aðalpersónu og umhverfi.

### Stærðfræði

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti í stærðfræði. Yfir allt skólaárið voru nemendur í fímipjálfun þar sem þeir reiknuðu eins mörg dæmi og þau gátu á 30 sekúndum, fjórar umferðir. Tilgangur var að þjálfa færni í grunnþáttum svo sem samlagningu og frádrætti og byggja upp úthald og athygli.

Nemendur gerðu einnig fimi æfingar í að skrifa tölustafi í 30 sekúndur í einu, þrisvar sinnum. Tilgangur slíkra æfinga var að festa færni í sessi, svo sem að snúa tölustöfum rétt og byggja upp góðan grunn í aðgerðum sem og að æfa úthald. Notast var við Sprota 2a nemendabók og æfingahefti, Sprota 2b

nemendabók og æfingahefti, fimi blöð, fjölbreytt prentuð stærðfræðihefti, Stærðfræðispæjara 1-2, verkefni í iPad, hlutlæg verkefni og fleira.

Nemendur nýttu sér góða veðrið hér á vordögum til þess að fara út og gera hinar ýmsu mælingar eftir að hafa verið í mælingakafli í Sprota. Stærðfræðin var einnig samtvinnuð með náttúrufræði þar sem nemendur fóru út að týna ánamaðka, mældu lengd þeirra og báru síðan niðurstöðurnar saman.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Í hringekju var einn kennari með upplýsinga- og tæknimennt. Þessir tímar urðu því miður ekki margir þar sem önnur verkefni tóku tíma frá okkur.

Í upplýsingatækni var unnið með Box Island það er kennsluleikur sem er hannaður til að kenna börnum grunn atriði forritunar. Leikurinn er ætlaður börnum á aldrinum 6-12 ára og er notaður til að kynna hugtök eins og röðun, lykkjur, skilyrðissetningar og grunneiginleika reikniaðgerða. Í leiknum ferðast leikmenn um mismunandi eyjar með því að leysa þrautir sem krefjast þess að þeir noti forritunarhugtök til að leiða persónu sína í gegnum mismunandi áskoranir.

Leikurinn var þróaður af íslenska fyrirtækinu Radiant Games og hefur hlotið lof fyrir að vera fræðandi og skemmtilegur. Box Island hefur verið notaður bæði í skólastarfi og heima til að auka skilning barna á tækni og forritun á skapandi og aðgengilegan hátt.

Nemendur notuðu iPad til að afla sér upplýsinga fyrir hin ýmsu verkefni sem unnin voru á skólaárinu. Smáforrit í spjaldtölvum voru einnig notuð í stærðfræði. Í stærðfræði unnu nemendur með forritið Evolytes.

### Enska

Nemendur fengu nokkra tíma í enskukennslu sem var hluti af hringekju eins og upplýsinga og tæknimenntin. Eins og kom fram í kaflanum hér að ofan voru tímarnir ekki margir þar sem við þurftum að nýta tímann í önnur verkefni. Í ensku fórum við aðeins í orðaforða eins og liti, föt og ávexti ásamt því að gera ritunarverkefni.

### Lífsleikni og samskiptafærni

Lífsleikni og samskiptafærni kennsla fór fram í formi umræðna og verkefna. Í byrjun skólaárs var farið vel yfir góð samskipti og hvernig við viljum láta koma fram við okkur. Það var lögð áhersla á hvað það er að vera góður vinur og hvað góðir vinir gera. Hópur nemenda fóru í auka samskiptahæfnipjálfun sem byggt var á efni frá KVAN.

Í mars 2024 tók bekkurinn þátt í skemmtilegu fræðsluverkefni sem við kölluðum Hetjuverkefni. Verkefnið snýst um að fræða börn um helstu einkenni slags (heilablóðfalls) og viðbrögð við því – og að miðla því áfram til foreldra, ömmu og afa. Taka skal fram að efnið er ekki sett fram á hátt sem hræðir börn heldur byggir það á lek og hvatningu til barna um að miðla þekkingu sinni áfram.

Í hetjuverkefninu fylgdust við með fjórum ömmu- og afahetjum sem fá skyndilega einkenni heilablóðfalls. Nemendur unnu svo verkefni í vinnubók út frá því sem við lásam um í kaflanum. Í lok



verkefnisins fengu nemendur viðurkenningarskjal og tóku upp myndband af FAST hetju söngnum.


### Náttúru og samfélagsgreinar

Í náttúrufræði voru bækurnar Halló Heimur 1 og 2 notaðar. Einungis einn kafli var notaður í Halló Heimur 2 og nýtist hún því áfram á næsta skólaári.

Vinna í náttúru- og samfélagsfræðigreinum voru unnin í þemavinnu. Þemaverkefni voru unnin í stílabók sem og í skapandi vinnu þar sem nemendur unnu einstaklingsverkefni og í hópum. Skapandi verkefni voru síðan hengd upp á veggjum skólans eða sett í ferilmöppu nemanda. Þemaverkefni voru eftirfarandi:

#### Ánamaðkar

Unnið var með bókina Milli himins og jarðar - Ánamaðkar. Svo unnu krakkarnir hefti sem var útbúið úr námsefninu. Börnin voru að fræðast um grunnþarfir ánamaðka og mikilvægi þeirra í náttúrunni. Í lok þessa verkefnis var farið í vettvangsferð og ánamaðkar týndir, settir í box og rannsakaðir. Mikið var unnið í hópum í þessu verkefni. Í verkefninu var samþætting mikil meðal annars samvinna stærðfræði og ritun.



#### Jólagjöf

Jólagjöfin hjá 2. bekk Urriðaholtsskóla til foreldra sinna var dagatal. Í ár var ákveðið að byrja snemma til að lenda ekki í tímaþröng. Nemendur bjuggu til 12 myndir í A5 stærð. Nemendur notuðu fjölbreyttar aðferðir við vinnu verkefnisins eins og að mála, klippa og líma. Myndirnar voru flestar tengdar árstíðunum.

#### Risaeðlur

Í Risaeðluþemanu var lögð áhersla á muninum á jurtaætum og kjötætum. Farið var yfir helstu tegundir risaeðlna á borð við Grameðlu, Finngákn og fleiri. Nemendum var síðar skipt í hópa þar sem markmiðið var að verða sérfræðingar í einni risaeðlu. Í því skrifuðu þau helstu einkenni hennar og bjuggu svo til risaeðluna sjálfa.





### Lína Langsokkur og Astrid Lindgren

Nemendur gerðu Línu Langsokk mynd og lærðu að flétta með því að flétta á henni hárið. Myndirnar voru hengdar upp á vegg skólans. Nemendur unnu verkefni í sér útbúið hefti og einnig í stílabók. Nemendur hlustuðu á sögu um Línu Langsokk og unnu ritunarverkefni um það hvað þeim fannst merkilegast við Línu.



### Kennsluhættir

Í íslensku fór kennsla fram í hópum þvert á árganga þar sem kennt var eftir stýrðri kennslu ásamt fimipjálfun. Stærðfræði einkenndist af stýrðri kennslu og fimipjálfun yfir allt árið. Við notuðumst við sýnikennslu, hópavinnu og útikennslu. Í Náttúru- og samfélagsfræði var stuðst við sýnikennslu, útikennslu, hópavinnu, þulunám og þjálfunaræfingar sem og umræðu og

spurnaraðferðir.

### Námsmat

Námsmat á skólaárinu var gefið í lok janúar 2024 fyrir haustönn og í maí 2024. Hæfni nemenda var metin reglulega yfir skólaárið bæði með verkefnum, könnunum og þátttöku í kennslustundum. Nemendur fengu námsmat á Mentor þar sem hæfni nemenda samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla var metin í öllum fögum. Allir nemendur í 2. bekk fara reglulega í staðsetningakönnun í lestri tengd framvindu lestrarnáms í stýrðri kennslu.

### Vettvangsferðir

Golfklúbburinn Oddur bauð nemendum skólans í aðventuferð í golfskálann. Þar var boðið upp á mandarínur, piparkökur og safu. Jólasveinn mætti á svæðið og söng með krökkunum við góðar undirtektir.

Eftir áramót bauð Tónlistarskóli Garðabæjar nemendum á jazztónleikana, Jazzhrekki í tilefni af hrekkjavökunni. Tónleikarnir voru byggðir á þjóðtrú um að á tímamótum verði skilin milli mannheims og heims hins yfirnáttúrulega óljós, álfar, huldufólk og uppvakningar birtast.

Farið var í Hörpuna á Dýrasinfóníuna. Í Dýrasinfóníunni segir frá allskonar dýrum, bæði skrytnum og skemmtilegum, í tali og tónum. Sum dýranna fela sig í fjörugum lögunum og er það skemmtileg þraut fyrir tónleikagesti að leggja við hlustir og reyna að finna þau.

Í nóvember gerðist sá merki atburður að Venus kyssti tunglið. Við í 2. bekk skelltum okkur út og skoðuðum þetta með berum augum.

Við vorum svo heppin að fá heimsókn frá tveimur lögreglukonum sem komu til okkar í heimsókn með smá fræðslu, nemendur fengu að prófa handjárnin og endaði heimsóknin á að við fengum að skoða lögreglubílinn og hlusta á sírenurnar.





Við nýttum nærumhverfið hér í Urriðaholti og fórum í marga göngutúra þar sem verkefni voru mismunandi. Við fórum og skynjuðum umhverfið eftir kafla í Halló Heim 1, við fórum og skoðuðum umferðarmerkin eftir umferðarfræðslu og gengum nokkrum sinnum niður að Urriðavatni.

Í vorferðinni okkar var ferðinni haldið í Furulund inni í Heiðmörk. Við fengum mjög gott veður þrátt fyrir smá kulda. Allir nemendurnir skemmtu sér konunglega í skóginum og nutu sín að leika í öllu því sem hafði upp á að

þjóða þar. Við grilluðum svo pylsur og fengum safu í hádegismatinn áður en ferðinni var haldið aftur upp í skóla.

### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Í vetur var samstarf milli heimasvæða í DI lestrarkennslu þar sem nemendum var skipt í færnimiðaða hópa. Annað samstarf milli heimasvæða var á skertum dögum á borð við hrekkjavöku, öskudag, afmæli skólans og fleira. Þá voru nemendur skipt í hópa þvert á árganga og unnin margs kyns verkefni um allan skólann. Samstarf milli 2.bekks og leikskólastigs var lítið þetta skólaárið en lítill hópur úr 2.bekk horfði á leikrit sem krakkar á leikskólastigi settu upp.

### Samantekt

Skólaárið 2023-2024 hjá 2. bekk var skemmtilegt, skapandi og krefjandi á köflum. Hópnum var skipt í þrjá misstóra hópa eftir því sem hentaði hverju svæði fyrir sig. Hópaskiptingin hélt sér nokkurn veginn frá því úr 1.bekk og ákváðum við ekki að breyta því sem virkaði vel. Við fengum inn nýja nemendur jafnt og þétt yfir árið ásamt því að við kvöddum einhverja nemendur líka. Við byrjuðum skólaárið sem 60 nemendur og enduðum það einnig þannig. Þemaverkefni ársins gengu vel og vorum við ánægð með hversu skapandi og áhugasamir nemendur voru.

Við vorum með mikið af bekkjarfundum þar sem allur bekkurinn hittist og ræddi mál sem brann á þeim. Þetta reyndist mjög vel og náðum við einnig að koma fram okkar væntingum til þeirra í gegnum þessa bekkjarfundu. Í vikulok voru gjarnan auka hreyfitímar til að hrista hópinn betur saman og einnig til að fylla upp í íþróttatíma nemenda. Börnin voru þessari nýbreytni fegin enda orðin þreytt í vikulok. Okkur kennurunum fannst einnig gaman að sjá hvað nemendurnir nutu sín í þessum skemmtilegu tímum.

Hjá okkur í 2. bekk höfum við verið með skýran ramma en mætum öllum nemendum á sinn hátt. Heimasvæðið hefur notið góðs af metnaðarfullum stuðningsfulltrúum sem eru mikilvægur hluti af teymi heimasvæðisins.

Á næsta skólaári viljum við auka upplýsinga- og tækniþennt, með því að efla notkun tækja í náminu til þess að nemendur þjálfist í að notast við tæknina í almennu námi. Við notuðum nær eingöngu tækin í stærðfræði sem gekk mjög vel og nemendur ánægðir með að brjóta kennsluna upp með æfingum. Hægt væri að nota þau meira í t.d. ritun leyfa þeim að skrifa sögur og æfa sig í ritvinnslu. Læra að nota orðabók og fleiri forrit sem eru til.


Í náttúru- og samfélagsgreinum hefðum við viljað fara aðeins dýpra í sum þemum sem við tókum fyrir. Skoða betur stundatöflu hvernig við gætum komið því betur fyrir næsta skólaári. Hins vegar gengu þau öll mjög vel og nemendur almennt mjög duglegir og vinnusamir. Skapandi vinnan þótti okkur vera árangurs rík.

Heilt yfir gekk veturinn vel og náðum við miklum framförum með hópinn og erum stolt af honum og teyminu okkar.

## Hraun – heimasvæði barna fædd 2015

Umsjónarkennarar	Guðbjörg Pálsdóttir, Hanna Ósk Helgadóttir, Finnur Jónsson fór í fæðingarorlof í febrúar og Theodor Sigurgeirsson tók við kennslu.
Proskabjálfar	Kristín Ösp Sigurðardóttir og Selma Ramdani
Stuðningsfulltrúar	Alma Rún Guðfinnsdóttir, Ellen Marta Baran, Brynjar Örn Birgisson
Fjöldi nemenda í ágúst 2023	46
Fjöldi nemenda í maí 2024	45

### Viðfangsefni nemenda á skólaárinu



#### Vinna með væntingar á heimasvæði

Í vetur var unnið mikið með væntingar sem gerðar eru til nemenda. Fyrir alla tíma var farið yfir væntingar á heimasvæði. Í upphafi árs ákvað hópurinn í sameiningu nokkrar bekkjarreglur og væntingar þeirra til heimasvæðisins sem og annara nemenda. Hópurinn ákvað einnig væntingar fyrir umsjónarmenn og til hvers var ætlað af þeim. Aðrar væntingar sem farið var reglulega yfir voru væntingar í rútu, væntingar í matsal og væntingar í útiveru.

#### Ritun

Skólaárið 2023 – 2024 unnu nemendur ritunarverkefni í sögubók, gerðu ritun á 6 vikna fresti um atburði sem höfðu átt sér stað á borð við jólafrí, hrekkjavöku, páskafrí eða sumarfrí. Önnur ritunarverkefni áttu sér stað í íslensku kennslu en þar var lagt áherslu á vönduð vinnubrögð, draga rétt til stafs og stafsetningu. Einnig voru ritunarverkefni flétuð inn í aðrar námsgreinar yfir veturinn.

#### Stærðfræði

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti svo sem hringekju í hverri viku þar sem unnið var með fjölbreytt verkefni tengd þeim viðfangsefnum sem unnið var með hverju sinni. Þá var notast við stærðfræði smáforrit í spaldtölvum sem og hlutbundin verkefni til að byggja upp talnaskilning.

Einnig var unnið með fimi æfingar en þá reikna nemendur fjórar umferðir, hver umferð ein mínúta og kepptust við sjálfa sig að ná fleiri dæmum í næstu umferð. Tilgangur var að þjálfna færni í grunnþáttum svo sem samlagningu og frádrætti og byggja upp úthald og athygli.

Nemendur tóku hluti af vetri í að þjálfna sig í að skrifa tölustafi í 30 sekúndur í einu, þrisvar sinnum. Tilgangur slíkra æfinga var að festa færni í sessi, svo sem að snúa tölustöfum rétt og byggja upp góðan grunn í aðgerðum sem og að æfa úthald og markmiðasetningu. Þá var mikið talið áfram og aftur á bak, á tveim, fimm, tugum og hundruðum. Notast var við Sprota efnið sem og æfingahefti ásamt fimi í stærðfræði, fjölbreytt prentuð stærðfræðihefti, Stærðfræðispæjari 1-2, verkefni í iPad, hlutlæg verkefni og fleira.

#### Upplýsinga- og tæknimennt

Nemendur notuðu iPad til að afla sér upplýsinga fyrir hin ýmsu verkefni sem unnin voru á skólaárinu. Eins og í stærðfræðitímum, þemaverkefnum og í lífsleikni svo dæmi séu tekin. Nýtt voru mörg forrit, til dæmis Georg og klukka, Georg og félagar ásamt heimasíðuna Gyldendal sem inniheldur verkefni í takt við stærðfræði námsbækurnar Sprota. Nemendur nýttu iPad til að safna sér upplýsinga í mörgum þeim þemum sem unnin voru á kennsluárinu.

### Lífsleikni og samskiptafærni




Nemendur unnu með sjálfsvirðingu, vináttu, samskipti og líðan í skólanum í lífsleikni í vetur. Unnið var með mismunandi verkefni t.d. horft á myndband um einelti og gert verkefni út frá því og búið til stuttmynd um vináttu. Öll skrifleg verkefni voru sett saman í litla bók sem nemendur bjuggu til.

### Náttúru og samfélagsgreinar

#### Kort og landakort


Í þemanu var stuðst við bækurnar Komdu og skoðaðu kortin og vinnubókina Könnum kortin. Upplýsingatækni var samþætt í þessa þema að hluta til þar sem nemendur fengu að spreyta sig á verkefnum þar sem heimurinn var skoðaður í Google Earth sem og til að skoða nærumhverfi sitt í Google street view. Markmið þessa þema var að nemendur myndu öðlast skilning á áttum, lestri korta sem og notagildi kortabóka.

#### Fjöll og eldgos



Nemendur útbjuggu bók sem nefndist Fjallabókin mín þar sem unnin voru einstaklings verkefni tengd lesefni hvers tíma og myndskreytt. Farið var yfir helstu fjöll og eldfjöll á Íslandi og náttúruhamfarir. Farið var yfir uppbyggingu jarðar og rætt um af hverju eldgos og jarðskjálftar eiga sér stað og af hverju slíkar náttúruhamfarir eru algengari á Íslandi heldur en annarstaðar í heiminum. Markmið kennslunnar var að nemendur myndi öðlast þekkingu á þeim náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvernig bregðast skal við þeim. Hér var stuðst við bækurnar Komdu og skoðaðu fjöllin og Komdu og skoðaðu eldgos.

#### Himingeimurinn



Nemendur fræddust um Himingeimin almennt og sérstaklega um okkar sólkerfi. Til þess að afla sér upplýsinga var horft á myndbönd, lesið úr bókinni Komdu og skoðaðu Himingeiminn og úr öðrum stuttum textum. Út frá þessum upplýsingum gerðu nemendur margskonar verkefni. Nemendur unnu út frá hefti þar sem fyllt var inn í upplýsingar um pláneturnar og í lokin bjuggu nemendur til sína eigin plánetu. Einnig var unnið með stærð hnattanna í hópverkefni sem var hengt upp á vegg. Nemendur klipptu út, límdu, og máluðu plánetur og sólina sem var raðað í

réttri röð. Einnig bættu nemendur við upplýsingum um hvað þau hafa lært um sólkerfið og skreyttu eftir þeirra lyst.

#### Humlur


Kennarar og nemendur lásu saman bókina Humlur og fræddust um þær. Út frá bókinni unnu nemendur verkefni þar sem þau fylla inn upplýsingar um humlur eins og lífshringur þeirra og hver fæða þeirra er



og myndskreyttu. Einnig hönnuðu nemendur sögu þar sem þau sjálf voru humlur, og fjölluðu um hvað humlur gera. Þeim fannst þetta verkefni afar skemmtilegt og vildu sumir kynna sínar sögur fyrir heimahóp sínum. Markmið þemans var að nemendur læri um eðli og líffræði Humlu og að nemendur efli sig í líffræðislegum orðaforða tengt skordýrum.

### Jólagjöf

Jólagjöfin hjá 3. bekk Urriðaholtsskóla til foreldra sinna var myndverk úr timbri, nöglum og garni. Nemendur þússuðu spýtu kubb, völdu sér form og mynduðu það með nöglum og þræddu svo garnið á milli.



### Kennsluhættir

Í íslensku fór kennsla fram í hópum þvert á árganga þar sem kennt var eftir stýrðri kennslu ásamt fimipjálfun (sjá lestrarkennslu, málörvun og málfræði hér að ofan). Stærðfræði einkenndist af stýrðri kennslu og fimipjálfun. Í Náttúru- og samfélagsfræði var stuðst við sýnikennslu, hópavinnu og þjálfunaræfingar sem og umræðu og spurnaraðferðir.

### Námsmat

Námsmat á skólaárinu var gefið í lok janúar 2023 fyrir haustönn og í maí 2023. Hæfni nemenda var metin reglulega yfir skólaárið bæði með verkefnum, könnunum og þátttöku í kennslustundum. Nemendur fengu námsmat á Mentor þar sem hæfni nemenda samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla var metin í öllum fögum. Allir nemendur í 3. bekk fara reglulega í staðsetningakönnun í lestri tengd framvindu lestrarnáms í stýrðri kennslu.

Í janúar tók Urriðaholtsskóli við nemendastýrð foreldraviðtöl og var 3. bekkur einnig með í því. Nemendur í 3. bekk voru allan janúar að undirbúa sig og vinna í hefti sem þau fóru svo í gegnum á foreldraviðtals deginum. Nemendur stóðu sig ótrúlega vel bæði í undirbúningi og á deginum sjálfum.

### Vettvangsferðir

Fyrir áramót var farið var á Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ þar sem nemendur hönnuðu húsgögn og hluti úr allskonar ólíkum efnivið og settu inn í hús, verkin voru til sýnis í desember.

Listasafn Háskóla Íslands bauð hópnum á skemmtilega sýningu þar sem listamenn voru búnir að búa til verk sem tengjast hafinu. Nemendur voru mjög áhugasamir og höfðu gaman af.


Golfklúbburinn Oddur bauð nemendum skólans í aðventuferð í golfskálann. Þar var boðið upp á mandarínur, piparkökur og safa. Jólasveinar mættu á svæðið og sungu með krökkunum við góðar undirtektir.

Eftir áramót fórum við í skautuferð þar sem nemendur lærðu að spila hokkí og voru einnig í frjálsum leik.

Farið var í Hörpuna á sýningu í Eldborg sem heitir Fljúgðu, fljúgðu klæði þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands spilaði ljúfa tóna. Ferðin gekk vel og nemendur stóðu sig vel á meðan sýningunni stóð.

Þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir bauð 3. bekk á sýningu sem heitir Landnámskrakkar en þar var umfjöllunarefnið fornleifafræði, landnám og lífið í landsnámskálanum.

Hópurinn fór í fjöruferð þar sem nemendur skiptu sér upp í hópa og bjuggu til kastala úr því sem þau fundu í fjörunni. Nemendur voru mjög áhugasamir og metnaðarfullir og skemmtu þau sér mjög vel. Nemendur fengu að koma með "spari" nesti sem var borðað í grasinu í sól og blíðu.



### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Í vetur var samstarf milli heimasvæða í DI lestrarkennslu þar sem nemendum var skipt í færnimiðaða hópa. Annað samstarf milli heimasvæða var á skertum dögum á borð við hrekkjavöku, hinsegin daga, öskudag, afmæli skólans og fleira. Þá voru nemendur skipt í hópa þvert á árganga og unnin margs kyns verkefni um allan skólann.

Nemendur í 3. bekk voru í samstarfi við elstu deild leikskólans í lok skólaárs. Elsta deild leikskólans kom í heimsókn á heimasvæði 3. bekkjar þar sem unnið var verkefni sem nemendur í 3. bekk hjálpuðu yngri nemendum að vinna. Nemendur í 3. bekk fóru einnig í heimsókn í leikskólann þar sem þau fengu að leika við krakkana og sjá svæðið þeirra.



### Samantekt

Skólaárið 2023-2024 hjá 3. bekk var skemmtilegt, skapandi og krefjandi á köflum. Þemaverkefni ársins gengu vel og vorum við ánægð með hversu skapandi og áhugasamir nemendur voru.

Á árinu lögðum við mikla áherslu á samskipti og væntingabjálfun. Eftir þá vinnu teljum við að við séum að uppskera núna, enda hafa t.d. vettvangsferðir og aðrar rútuferðir gengið vel. Samskipti milli nemenda er einnig á góðri leið og munum við halda þeirri vinnu áfram á næsta skólaári.

Hjá okkur í 3. bekk höfum við verið með skýran ramma en mætt öllum nemendum á viðeigandi hátt. Nemendur sem hafa þurft viðbótar stuðning hafa fengið aðstoð atferlisfæðinga, þroskabjálfa og nema í hagnýtri atferlisfræði frá Háskóla Íslands. Þeir hafa unnið með þeim nemendum að einstaklingsmiðuðu hvatningakerfi sem hefur reynst mjög vel og vonumst við til að það haldi áfram á næsta skólaári. Þá hefur heimsvæðið notið góðs af metnaðarfullum stuðningsfulltrúum sem eru mikilvægur hluti af teymi heimasvæðisins.

Heilt yfir gekk veturinn vel og náðum við miklum framförum með hópinn og erum stolt af honum ásamt teyminu okkar.



## Höfði – heimasvæði barna fædd 2014

Umsjónarkennarar	Margrét Kristín Jónsdóttir og Sandra María Bergþórsdóttir
Stuðningsfulltrúar	Bergur Ísak Ólafsson Guðjón Helgi Friðriksson Hera Björg Ingadóttir Ragnhildur Birta Nikulásdóttir
Fjöldi nemenda í ágúst 2023	37
Fjöldi nemenda í maí 2024	39

### Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

#### Vinna með væntingar á heimasvæði

Væntingar voru kynntar í byrjun skólaársins og var unnið þétt með þær á haustönn og teknar reglulega þegar á þurfti að halda. Væntingar á heimasvæði voru orðin nokkuð góðar eftir áramót. Unnum einnig vel með gildi skólans Virðing - Umhverfi - Ábyrgð og þýðingu þeirra í samskiptum milli nemenda og umgengni í skólanum. Væntingar á fótboltavelli þurfti að vinna vel og ítrekað með allt árið.

#### Ritun

Nemendur gerðu ritunarverkefni reglulega um það sem var á döfinni. Ritunarverkefni voru m.a. gerð um sumarfrí, jólafrí, páskafrí og ferð á sífóniútónleika. Einnig var unnið með ritunarverkefni þar sem nemendur áttu að búa til og skálda sögu eða frásögn. Áherslur í ritun voru að skrifa rétt, bil á milli orða, vanda skrift og fyrirmyndar málsgrein. Einnig var unnið með upphaf -miðju og endi í frásögn eða sögu. Ritun var líka samþætt með öðrum námsgreinum eins og náttúru-og samfélagsgreinum, ensku og lífsleikni.

#### Stærðfræði

Nemendum var skipt upp í þrjá færnimiðaða hópa. Kennsluhættir einkenndust af stýrðri kennslu og fimi þjálfun (Morningside efni), töfluvinnu (e. *Board work*) sem og sýnikennslu. Stuðst var við námsefni frá Morningside, Sprota 4a-b og annað ítarefni frá kennurum. Viðfangsefni skólaársins voru almennar reikniaðferðir, hnitakerfi, klukkan, tölfræði, almenn brot, rúmfræði og mælingar.

Nemendur notuðu einnig spjaldtölvur sem uppbrot á kennslu og spreyttu sig á stærðfræðileikjum í tengslum við námsefni.

#### Upplýsinga- og tæknimennt

Í upplýsinga- og tæknimennt var unnið með að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á gagnrýnn og skapandi hátt. Unnin voru fjölbreytt og skemmtileg verkefni til þess að auka færni nemenda í upplýsingalæsi. Nemendur leituðu upplýsinga og nýttu við verkefnavinnu og nýttu upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. Æfingar í fingrasetningu, ritunarverkefni með rétttri fingrasetningu, rit og myndvinnsla, grunnatriði í Google ritvinnslu (word/docs), töflureikni (excel) og skyggnum (power point). Þar sem unnið var með frjálst verkefnaval ásamt samþættingu við þema, íslensku, lífleikni og ensku. Áhersla var lögð á að farið væri eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun.

### Lífsleikni og samskiptafærni

Í lífsleikni var unnið með sjálfsmynd og líkamsvirðingu. Bekkjarfundir voru haldnir þar sem farið var yfir hvernig orð okkar hafa afleiðingar og hvernig við tölum við hvert annað. Einnig var lögð áhersla á hvernig við tölum við okkur sjálf, hvernig við setjum okkur markmið og hvernig við búum okkur til lítil markmið (skref) í átt að stærra markmiði.

Markviss vinna var með leiðtogafærni og bekkjaranda nemendahópsins. Þar var nýtt efni úr *Verkfærakistunni* eftir Vöndu Sigurgeirsdóttur (KVAN). Þá var unnið með samskiptahæfni og vináttuþjálfun. Áhersla var lögð á hvaða eiginleika góður vinur býr yfir, hvers konar vinur við viljum sjálf vera og hvaða eiginleika við þurfum þá að leggja áherslu á að tileinka okkur. Kennsla var bæði einstaklings miðuð sem og unnið í hópum eins og við átti hverju sinni.

### Náttúru og samfélagsgreinar

Í náttúru- og samfélagsgreinum var skólaárinu skipt upp í lotur og eitt viðfangsefni tekið fyrir í hverri lotu. Náttúru- og samfélagsfræði var að einhverju leiti samþætt við upplýsingatækni.

### Líkaminn

Hér var lesin bókin *Komdu og skoðaðu líkamann* og annað ítarefni nýtt, svo sem myndbönd. Markmiðið var að nemendur myndu öðlast þekkingu á uppbyggingu mannlíkamans sem og hans grunnþörfum. Nemendur útbjuggu dúkkulísu hefti sem innihélt nokkrar blaðsíður. Á hverja blaðsíðu var eitt viðfangsefni tekið fyrir. Nemendur lærðu allt það helsta um mannlíkamann, allt frá því hvernig við verðum til og hvernig uppbygging vöðva, beina og tauga er og teiknuðu uppbyggingu þeirra í dúkkulísuna sína. Einnig lærðu nemendur um fingraför okkar og stimpluðu sitt eigið fingrafar í heftið sitt.

### Þjóðsögur

Sagan um Búkollu var nýtt. Markmiðið var að auka og efla orðaforða ásamt því að leyfa nemendum að nota ímyndunaraflíð til að túlka og endursegja söguna. Mikið var um einstaklingsverkefni og eitt hópverkefni. Nemendur lásu söguna, bjuggu til myndasögu og ritunarverkefni í tengslum við þjóðsöguna. Upplýsingatækni var hér samþætt við samfélagsfræði og unnu nemendur þar hópverkefni. Eftir að nemendur höfðu kynnt sér þjóðsöguna vel þá útbjuggu nemendur persónur, hluti og söguvið sögunnar í formi dúkkulísa og endursögðu söguna með hjálp *Stop Motion* tölvuforritsins.

### Tæknin

Lesin var bókin *Komdu og skoðaðu tæknina*. Markmiðið var að nemendur myndu þekkja hvernig tæknin nýtist þeim í daglegu lífi og einnig hvernig uppfinningar hafa bæði auðveldað líf margra og gert það líka erfiðara. Nemendum var síðar skipt upp í fjögurra manna hópa og fékk hver hópur eitt viðfangsefni úr bókinni. Nemendur áttu síðan að finna heimildir, bæði í bókinni og á veraldarvefnum, um sitt viðfangsefni og búa til veggspjald með þeim upplýsingum. Nemendur fengu síðan foreldra sína í heimsókn í skólann og var formleg kynning á verkefnum og veggspjöldum.



Nemendur fóru einnig í vettvangsferð á Þjóðminjasafnið í tengslum við tæknina, sjá nánar í *vettvangsferðir*.

### Refurinn

Hér var náttúrufræði og upplýsingatækni samþætt. Nemendur horfðu á fræðslumynd um refinn sem kveikju á viðfangefninu. Einstaklingsverkefni var í formi hugarkorts þar sem nemendur söfnuðu saman upplýsingum um refinn svo sem feldur hans, litbrygði, fæða og dvalarstaðir. Síðar var nemendum skipt upp í þriggja til fjögurra manna hópa og áttu að nýta sér upplýsingar úr fræðslumyndinni, hugarkortinu sem og bókinni *Refurinn* og útbúa skyggusýningu með öllum helstu upplýsingum um refinn.

### Erlend tungumál

Viðfangsefni skólaársins var enska. Unnið var með margvíslegan orðaforða í tengslum við til dæmis tölur, liti mánuði, vikudaga, veðrið, fjölskyldu og skólatengd hugtök. Einnig var mikil áhersla lögð á hlustun og lesskilning. Verkefnablöð og ítarefni frá kennara voru notuð sem námsgögn sem að hluta var frá *British Council - Learn English Kids*. Einnig var stuðst við verkefni úr bókinni *Work out* og bækurnar *Hickory* og *Dickory nýttar*. Kennt var að hluta með stýrðri kennslu, töfluvinnu, þulunámi og þjálfunaræfingum.

### Kennsluhættir

Í íslensku fór kennsla fram í hópum þvert á árganga þar sem kennt var eftir stýrðri kennslu ásamt fimi þjálfun (sjá nánar hér að ofan). Stærðfræði einkenndist einnig að mestu leiti af stýrðri kennslu og fimi þjálfun. Í náttúru og samfélagsfræði greinum, ensku og lífsleikni fór kennsla fram með leitarnámi, sýnikennslu (sérstaklega í stærðfræði og ritun), hópavinnu, þulunámi og þjálfunaræfingum sem og umræðu og spurnar-aðferðum.

### Námsmat

Námsmat nemenda var metið á fimm tákna matskvarða á Mentor. Metin voru námsgreinarnar stærðfræði, íslenska, lífsleikni, enska og náttúru - og samfélagsfræði, list- og verkgreinar, sund og íþróttir. Lesfimi var lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, september, janúar og maí. Einnig var lagt fyrir lesskilningspróf (Orðarún) í október og apríl. Niðurstöður voru sett inn á Mentor.

### Vettvangsferðir

#### Golfskálinn

Nemendur fóru í golfskálann Odd í aðdraganda jólanna og fengu þar að eiga notalega stund saman. Jólasveinar kíktu í heimsókn með færandi hendi, bæði með mandarínur og brandara.



### Brennómót

Í október var haldið brennómót skólans og fóru nemendur í íþróttahúsið Miðgarð til að taka þátt í brennómóti skólans sem var skipulagt af íþróttakennurum. Nemendum var skipt í lið og spiluðu nemendur úr 3-4 bekk í sama riðli.

### Þjóðminjasafnið

Nemendur fóru á Þjóðminjasafnið í tengslum við þemaverkefni og fengu þar mjög skemmtilega fræðslu og kynningu á því hversu mikið og hvernig, tæknin hefur þróast undanfarin ár og áratugi.



#### Barnameningarhátíð – Hönnunarsafnið

Við fórum á hönnunarsafnið og fengum skemmtilega fræðslu frá danshöfundinum Söfnu Soffíu þar sem hún lýsti fyrir krökkunum ferðalagi sínu á hönnun flugeldasýninga um allan heim sem og tengslum flugelda við blómategundir. Við í 4.



bekk fengum síðan tækifæri til að hanna „eldblóm“ í formi dúska sem voru til sýnis á barnameningarhátíð í Garðabæ í 22. - 27. apríl.



stund saman.

### Skautar

Í mars fór hópurinn saman í vetrarferð og var ferðinni haldið í Skautahöllina í Egilshöll. Þar léku nemendur sér á skautum og áttu skemmtilega




### Harpa



4. bekkur fór ásamt 3. bekk á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á Fljúgðu, fljúgðu klæði. Þar var sögumaður sem las fyrir okkur hinar ýmsu þjóðsögur og Sinfóníuhljómsveitin spilaði og túlkaði atburðarrásina í ljúfum, sem og drungalegum tónum. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listasafns Íslands þar sem þjóðsagnaarfurinn er viðfangsefni í tali, tónum og myndlist.

### Vorferð

Í vorferðinni á þessu skólaári fór 4. bekkur í hjólaferð. Nemendur fengu að taka með sér spari nesti og hjóluðum við á útivistarsvæðið hjá íþróttamiðstöðinni Ásgarði. Lögðum af stað um kl. 9:00 og komum til baka í hádegismat um kl. 11.30. Vorum nokkuð heppin með veður, þurr og sólin lét sjá sig. Nemendur fengu að leika frjálst, sumir nýttu tækifærið og æfðu atriði fyrir hæfileikakeppni vorhátíðar skólans. Nemendur voru duglegir að hjóla þó Urriðaholtsstrætis brekkan á heimleiðinni hafi verið ansi erfið í lok ferðar.



## Samantekt

Skólaárið var fyrst og fremst skemmtilegt, skapandi, lærdómsríkt og krefjandi á köflum. Þemaverkefni ársins gengu vel og vorum við ánægð með hversu skapandi og áhugasamir nemendur voru.



Mikil áhersla var lögð á samskipti og væntingar í vetur. Vorum mikið að vinna með gildi skólans virðingu, ábyrgð og umhverfi. Samskipti í útiveru voru oft á tíðum erfið og þá sérstaklega á fótboltavellinum. En það var gaman að sjá hópinn í vettvangsferðum á vorönn, þar sem þau voru til fyrirmyndar.

Sérstaklega var gaman að sjá nemendur þegar foreldrar komu í heimsókn til að hlusta á upplestur í litlu upplestrarkeppninni og kynningu á verkefnum tengdu námsefni um tæknina.

Heilt yfir gekk veturinn vel og náðum við miklum framförum með hópinn og erum stolt af honum ásamt teyminu okkar.

## Miðstig og unglíngastig

### Fimipjálfun í lestri og stærðfræði

Nemendur er skipt upp í færnimiðaða hópa í íslensku og stærðfræði í 5.-9. bekk. Kennt var í 55 mínútna lotum eftir hádegi þar sem áhersla var á að þjálfa grunnfærni í stærðfræði hjá öllum nemendum byggt á staðsetningaathugunum í upphafi árs og reglulega yfir árið. Í íslensku hópum eru nemendur ýmist að leggja áherslu á lestur, ritun og lesskilning og til viðbótar málfræði og flóknari ritun eftir því sem við á í hverjum hópi. Fjallað verður um færnimiðaða hópa og síðan verður útlistað hvað var fjallað um í

stærðfræðihópum þar sem farið var í það stærðfræðiefni sem kemur að öðru en grunn reikniaðgerðum.

## Lestur

Nemendum er skipt í færnimiðaða hópa í íslensku með það fyrir augum að mæta þeim þar sem þau eru stödd í lestrarnámi. Viðfangsefni hópa eru því ólík eftir því hvar nemendur standa. Nemendum var skipt á milli 6 kennara á liðnu skólaári. Áherslur kennara taka því mið af færni nemenda í hópnum hverju sinni en viðfangsefnum má í grófum dráttum skipta niður á eftirfarandi stig sem byggja hver ofan á annað:

### Stig 1

Áherslur stigsins er að auka lestrarfærni, lesskilning, undirstöðuatriði í málfræði og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Til að vinna með þessa námsþætti er notast við færnimiðað námsefni sem styður við kennslu í lesskilningi, lesfimi og málnotkun. Fjölbreytt ritun var unnin ásamt bókmenntarverkefni. Allt skólaárið var unnið með TAPS kennsluefni (Thing Aloud Problem Solving). Þetta námsefni eflir færni í rökhugsun, samvinnu og lesskilning. Nemendum er kennd ákveðin námstækni og þrautseigja æfð við að greina upplýsingar úr texta og leysa vandamál. Með færnimiðuðu námsefni er verið að koma til móts við nemendur, efla sjálfstæði í vinnubrögðum og sjálfstraust í námi.

### Stig 2

#### Áherslur stigsins

Áherslur stigsins eru lestrarfærni, orðaforði, lesskilningur og ritun.

#### Viðfangsefni

Í lestri unnu nemendur með bókina Annar smellur og lesskilningsefni af Skólavefnum. Nemendur lásu stuttar aldursmiðaða skáldsögu og unnu verkefni úr bókinni. Yngri nemendur lásu Byr vampíra hér? og eldri nemendur lásu bókina Fimbulvetur.

Í málfræði unnu nemendur með bókina Málrækt 1 ásamt stökum verkefnum af vef. Áherslan var á undirstöðu atriði nafnorða og lýsingarorða (kyn, tala, föll).

Í ritun í vetur var lögð áhersla á fyrirmyndarmálgreinar. Áhersla var lögð á upphaf, miðju og endir og að samfella og samhengi væri í sögunni.

### Stig 3

#### Áherslur stigsins

Áherslur stigsins eru lesskilningur og málfræði. Einnig var unnið með framsögn og hlustun.

#### Viðfangsefni

Í málfræði var áhersla á orðflokka nafnorð (fallbeyging, kyn, tala, greinir), lýsingarorð (stigbreyting, fallbeyging, kyn, tala) sagnorð (nú tíð/þá tíð, nafnháttur). Í bókmenntum lásu nemendur bókina „Kennarinn sem hvarf“ eftir Arndísi Þórarinsdóttur í skólanum með kennara. Kennari las einn til tvo kafla í hverjum tíma og unnu nemendur tilbúið verkefni eftir höfund eftir hvern kafla. Einnig lásúm við “fólkið í blokkinni” og unnu nemendur spurningar úr hverjum kafla bæði í skriflegu formi ásamt því að notast við snjall forrit. Við lesturinn stoppaði kennari reglulega þar sem rætt var um hvað textinn væri og nemendur spurðu spurninga og voru spurðir spurninga. Verkefnin sem unnin voru í lok hvers kafla voru ýmist, hefðbundnar skriflegar spurningar eða spurningakeppni í gegnum forritið „blooket“. Í lokin gerðu nemendur stuttmynd upp úr bókinni og sýndu samnemendum sínum.

Unnið var með fjölbreytt ljóð, óbundin og bundin, ljóðstafi og rím.

Í lesskilningi var nemendum kennt um hlutverk í gagnvirkum lestri og unnið með þau í fjölbreyttum verkefnum. Lesskilningsverkefni voru unnin jafnt og þétt yfir veturinn. Unnið var með bækurnar Orðspor 1 lesbók, Orðspor 1 vinnubók, annan smell og verkefni af Læsisvefnum. Í hlustun var unnið með stafsetningu, þá sérstaklega i og y og greinarmerki.

Í ritun í vetur var lögð áhersla á persónusköpun og sögusvið. Áhersla var lögð á upphaf, miðju og endir og að samfella og samhengi væri í sögunni.

Unnið var með bækurnar Orðspor 1 lesbók, Orðspor 1 vinnubók, Málrækt 2, Annar Smellur og ýmis fjölbreytt verkefni af 123.skoli, Skólavefnum, og frá kennara

#### Stig 4

##### Áherslur stigsins

Áherslur stigsins eru lesskilningur og málfræði. Einnig var unnið með framsögn og hlustun.

##### Viðfangsefni

Í málfræði var áhersla á orðflokka nafnorð (fallbeyging, kyn, tala, greinir), lýsingarorð (stigbreyting, fallbeyging, kyn, tala) sagnorð (nútið/þátíð, nafnháttur). Í bókmenntum lásu nemendur bókina „Kennarinn sem hvarf“ eftir Arndísi Þórarinsdóttur í skólanum með kennara. Kennari las einn til tvo kafla í hverjum tíma og unnu nemendur verkefni við lok hvers kafla. Einnig lásúm við “fólkið í blokkinni” og unnu nemendur spurningar úr hverjum kafla bæði í skriflegu formi ásamt því að notast við snjall forrit. Við lesturinn stoppaði kennari reglulega þar sem rætt var um hvað textinn væri og nemendur spurðu spurninga og voru spurðir spurninga. Verkefnin sem unnin voru í lok hvers kafla voru ýmist, hefðbundnar skriflegar spurningar eða spurningakeppni í gegnum forritið „blooket“. Í lokin gerðu nemendur stuttmynd upp úr bókinni og sýndu samnemendum sínum.

Unnið var með fjölbreytt ljóð, óbundin og bundin, ljóðstafi og rím.

Í lesskilningi var nemendum kennt um hlutverk í gagnvirkum lestri og unnið með þau í fjölbreyttum verkefnum. Lesskilningsverkefni voru unnin jafnt og þétt yfir veturinn. Unnið var með bækurnar Orðspor 1 lesbók, Orðspor 1 vinnubók, annan smell og verkefni af Læsisvefnum. Í hlustun var unnið með stafsetningu, þá sérstaklega i og y og greinarmerki.

Í ritun í vetur var lögð áhersla á persónusköpun og sögusvið. Áhersla var lögð á upphaf, miðju og endir og að samfella og samhengi væri í sögunni.

Unnið var með bækurnar Orðspor 1 lesbók, Orðspor 1 vinnubók, Málrækt 2, Annar Smellur og ýmis fjölbreytt verkefni af 123.skoli, Skólavefnum og frá kennara.

#### Stig 5 og 6

##### Áherslur

Á 5. og 6. stigi eru nemendur sem eru komnir með góð tök á lestri og lesskilning. Í vetur var lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miðuðu að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Unnið var markvisst með orðaforða og lesskilning í gegnum fjölbreytta bókmenntatexta. Ein af megináherslum vetrarins var einnig að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda í bæði ræðu og riti ásamt því að efla skapandi hugsun og lausnaleit.

##### Viðfangsefni

##### Lestur og bókmenntir

Í vetur var unnið markvisst með fjölbreytt lesefni sem gaf nemendum tækifæri á því að kynna mismunandi textaformum og efla um leið lesskilning og orðaforða. Má þar nefna sögur, ljóð, ævintýri, þjóðsögur, Íslendingasögur, fræðitexta og fleira.

### 5.stig

Nemendur á 5.stigi lásu skáldsöguna Kennarinn sem hvarf eftir Bergrúnu Írisi og unnu jafnóðum verkefni tengdum lestrinum. Þegar nemendur luku við lesturinn unnu þau ritgerð upp úr efni bókarinnar undir leiðsögn kennara. Markmið ritgerðarinnar var að aðstoða nemendur við að temja sér góð vinnubrögð í ritun, þjálfaga gagnrýna hugsun nemenda og þjálfaga nemendur í að vinna úr upplýsingum á skipulagðan og rökréttan hátt.

Fyrir áramót las kennari Íslendingasöguna Eglu fyrir nemendur. Kennari las einn til tvo kafla í hverjum tíma og unnu nemendur mismunandi verkefni við lok hvers kafla. Nemendur lærðu mismunandi námstækni við að vinna úr því sem þau voru að lesa. Má þar nefna hugarkort, semja spurningar og svara þeim, teikna myndir, spá fyrir um næsta kafla og fleira. Í lok bókarinnar unnu nemendur í sameiningu stuttmynd upp úr efni bókarinnar.

Auk þessara tveggja bóka lásu nemendur stuttar sögur/frásagnir í allskonar bókmenntastílum og unnu verkefni tengdum þeim.

### 6.stig

Á 6 stigi lásu nemendur bókina Eldurinn eftir Hjalta Halldórsson og unnu samhliða lestrinum lestrardagbók þar sem þeir svöruðu spurningum um efni bókarinnar. Þá lásu nemendur einnig bækur sem eru gefnar út af MMS, má þar nefna Smásagnarmáræði, Samtímasögur og Það kom að Norðan. Upp úr öllum bókunum var unnið áfram bæði í gegnum umræður í bókaklúbbum og skriflega í verkefnabækur.

Nemendur lásu einnig Íslendingasöguna Kjalnesingasaga í gegnum þemavinnu undir lok skólaársins. Kennari las bókina fyrir nemendur og spjallaði samhliða lestrinum um innihald sögunnar. Í lok hvers kafla unnu nemendur verkefni í lestrardagbók sem þeir skiluðu til kennara við lok lestsins. Við lok lestsins kusu nemendur að vinna sameiginlega stuttmynd upp úr efni bókarinnar.

### Ritun

Nemendur fengu markvissa þjálfun í því að skipuleggja og orða texta sem hæfir tilefni ritunar ásamt því að skoða texta annarra höfunda og nýta sér þá við eigin ritun. Kennari nýtti meðal annars ritunarvef MMS og ritunarverkefnið skrifað í skrefum ásamt því að gefa nemendum reglulega tækifæri til þess að skrifa sjálfstæða og skapandi ritun. Á meðan nemendur unnu að ritunarverkefnum gekk kennari á milli nemenda og átt við þá ritunarsamtöl með það að markmiði að styðja við og efla ritun nemenda. Á bæði stigum 5 og 6 unnu nemendur ritgerð undir leiðsögn kennara.

### Framsögn, hlustun og áhorf

Í vetur þjálfuðu nemendur hæfni sína í framsögn með aðstoð kennara. Nemendur fengu kynningu á því hvað einkennir góða framsögn ásamt því að æfa framsögn í kennslustundum. Í vetur hlustuðu nemendur reglulega á þættina Hlustaðu nú á KrakkaRúv. Nemendur lærðu mismunandi aðferðir til þess að vinna úr hlustunaræfingum.

### Málfræði og stafsetning

Í málfræðikennslu var lögð áhersla á orðflokkana nafnorð (fallbeyging, kyn, tala, greinir og stofn), lýsingarorð (stigbreyting, fallbeyging, stofn, kyn, tala) sagnorð (nútið/þátíð, stofn, nafnháttur) og fornöfn (persónufornöfn, spurnarfornöfn, eignarfornöfn, ábendingarfornöfn, tilvísunarfornöfn og

óákveðin fornöfn.). Í ritunarverkefnum var lögð áhersla á helstu atriði íslenskrar málfræði og stafsetningar þar sem nemendur beittu þekkingu sinni við að búa til setningar, málgreinar og efnisgreinar. Málfræðikennslu var fléttað inn í allt íslenskunám í vetur í gegnum fjölbreytt verkefni, krossgátur, orðaleiki og fleiri viðfangsefni.

## Námsgögn

### 5.stig

Á 5.stigi var notast við bækurnar Málrækt 2 og 3, Smellur, 3, Flökkuskinna, Töfraskinna, Egla, Kennarinn sem hvarf. Þá var einnig notast var við heildstæðu lesskilningsverkefni Grísku guðirnir og Grettir sterki.

### 6.stig

Á 6 stigi var notast við bækurnar Eldurinn, Kjalnesingasaga, Það kom að Norðan, Smásagnarmáræði, Samtímasögur, Málið í mark (Fallorð og Sagnorð) og Gullvör.

Auk þessara bóka og verkefna var notast við ýmiss önnur verkefni af bæði skólavefnum og 123skoli.is á báðum stigum.

## Stærðfræði í færnimiðuðum hópum þvert á mið og unglíngastig

Stærðfræði á mið- og unglíngastigi var kennd í færnimiðuðum hópum þvert á árganga frá ágúst - febrúar. Fyrri hluta skólaársins var lögð mikil áhersla á fími æfingar í grunnþáttunum; samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Á mánudögum fengu nemendur kennslu í annarri stærðfræði sem ekki er kennd í gegnum fími, s.s. rúmfræði, tugabrotum, negatífa tölum, tölfræði og algebra.

Seinni hluta skólaársins var nemendum skipt aftur í færnimiðaða hópa út frá getu þeirra í fími og öðru námsefni sem ekki er kennd með fimipjálfun. Kennslustundinni var skipt upp, þar sem helmingur tímans fór í fimiafingar og seinni hlutinn aðra stærðfræði sem ekki er kennd í gegnum fími.

Fyrst verða stigum í fimipjálfun gerð skil og síðan verður fjallað um stærðfræðikennslu í árgöngum.

## Fimipjálfun

Í upphafi skólaárs var tekin staðsetningarathugun í stærðfræðiefni frá Morningside á öllum nemendum á mið- og unglíngastigs. Gögn voru greind og nemendum skipt upp í færnimiðaða hópa. Nemendur færðust síðan á milli hópa eftir því sem færni þeirra jókst. Kennt var fimm sinnum í viku fimmtíu og fimm mínútur í senn.

### Stig 1

Unnið var með fimiafingar sem efla grunnþætti í stærðfræði eins og að skrifa tölur frá 0-9 og sjá/segja tölur. Þegar nemendur höfðu náð færni í þessum grunnþáttum færðust þeir yfir í  $+$ / $-$  og  $\times$ / $\div$ . Nemendur æfðu margföldunartöflurnar heim til að auka á færni sína í fími- margföldun. Mánaðarlega voru tekin stöðupróf til að sjá hvort nemendur væru að tileinka sér þá þætti sem verið var að vinna með í fími. Stíka 1a nemendabók og æfingahefti var notuð til að kenna rúmfræðiform, ummál og flatarmál, mælingar og horn. Námsmat var tekið eftir hvern kafla.

### Stig 2

Unnið var með fimiafingar sem efla grunnþætti í stærðfræði, þ.e.a.s. samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Kennslustundinni var skipt upp í fjórar lotur. Í lotu 1 unnu nemendur fimiafingar þar sem unnið var með talnaskilning í samlagningu og frádrætti. Í lotu 2 voru nemendur að efla fími í samlagningu og frádrætti, þar sem nemendur þurfa m.a. að sína leikni og færni í t.d. að geyma í samlagningu og taka til láns. Í lotu 3 unnu nemendur fimiafingar þar sem unnið var með talnaskilning í margföldun og deilingu. Í lotu 4 voru nemendur að efla fími í margföldun og deilingu, þar sem

nemendur þurfa m.a. að sína leikni og færni í t.d. að margfalda tvær, tveggja og þriggja stafa tölur saman eða að deila tveggja stafa tölum með þriggja til fjöggra stafa tölum. Þegar nemendur höfðu náð færni í samlagningu og frádrætti færðust þeir yfir í almenn brot þar sem nemendur vinna flóknari verkefni með samlagningu og frádrætti.

Með þessari nálgun í stærðfræði er verið að mæta hverjum nemenda á sínum forsendum. Með Morningside námsefninu er færni nemenda betur kortlögð þar sem hægt er að sjá hvaða færni er komin og hvað nemendur þurfa að læra. Í stærðfræði þarf að byggja góðan grunn í reikniaðgerðunum samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu til að hægt sé að kenna nemendum flóknari stærðfræði. Með fimipjálfun erum við að gera nemendur leiknari við að reikna grunn reikniaðgerðirnar í stærðfræði og stuðlum þannig að því að færnin viðhelst og nemendur verða fljótari að reikna einföld stærðfræðidæmi. Með fimi efninu fengu nemendur strax leiðsögn um hvað þurfti að laga og hvað væri vel gert. Nemendur skrá í hæfnikort framfarir sínar, sem er mikil hvatning fyrir nemendur, þar setja þau sér markmið og sjá strax framfarir sínar.

Námsefnið frá Morningside er til fyrirmyndar og frábær viðbót inn í stærðfræðina og mátti sjá miklar framfarir í færni, úthaldi og námsástundun allra nemenda. Það er spurning hvort á næsta skólaári þurfi að skoða betur þegar nemendum er skipt í hópa og hvort það sé betra að allir séu í stærðfræði á sama tíma, því þá er hægt að færnimiða hópana betur. Í lokin voru nemendur orðnir frekar þreytt á þessu fyrirkomulagi enda keyrslan mikil frá degi til dags og verið að ætlast til mikils af nemendum. Nokkrir nemendur luku við samlagningu og frádrátt og munu því byrja í fimiefni í almennum brotum næstkomandi haust á meðan aðrir halda áfram að byggja upp sína færni í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.

### Stærðfræði í 5.-6. bekk

Nemendum í 5.-6. bekk var skipt í tvo hópa í almennri stærðfræði þar sem unnið var með eftirfarandi, tugabrot, negatífar tölur, tölfræði, rúmfræði og mælingar. Nemendur fengu innlagn frá kennara um hvern námsþátt. Nemendur fengu áætlun sem þau höfðu ákveðinn tíma til að ljúka. Nemendur unnu hópaverkefni m.a. í tölfræði og rúmfræði. Eftir hvern námsþátt/kafla tóku nemendur námsmatsverkefni.

Námsefni: Stika 1a nemendabók og æfingahefti, Stika 1b nemendabók og æfingahefti (5. bekkur) Stika 2a nemendabók og æfingahefti, Stika 2b nemendabók og æfingahefti (6. bekkur). Nemendur fengu einnig fjölbreytt verkefni frá kennurum.

### Stærðfræði í 7.-9. bekk

Um haustið var stærðfræðikennsla lögð áhersla á algebrukennslu, sérstaklega jöfnur. Meðal efnis sem notað var í tímunum voru bækurnar „Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla“, “Skali 1A” og “Stika 3”. Aftur á móti aðlöguðu kennarar efnið fyrir þá nemendur sem þurftu á því að halda.

Á veturna var kennsla helguð brotum og prósentum. með því að huga sérstaklega að úrlausn orðadæmum og þýðingu þeirra á stærðfræðimál.

Að lokum, um vorið, lögðum við áherslu á rúmfræði, byrjað á kynningu á nýjum verkfærum (gráðuboga) og nemendur lærðu að mæla horn, og síðan var haldið áfram með útreikning á ummál og flatarmál mismunandi fígúra. Nemendur 8. bekkjar lærðu líka útreikning á flatarmál príhyrnings og fengu að kynnast Pýþagórasarreglunni.

## Legoland – heimasvæði barna fædd 2012-2013

Umsjónarkennarar	Hrafninna Grettisdóttir, Anton Helgi Hannesson, Sólveig Björnsdóttir og Agatha Alexandersdóttir.
Stuðningsfulltrúar	Jóhann Valur Þorsteinsson, Fríða Rún Vestmann
Fjöldi nemenda fædd 2012	25
Fjöldi nemenda fædd 2013	32
Fjöldi nemenda í maí 2023	57 (34 árið 2013, 24 árið 2012)

### Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

#### Íslenska

Hljóðlestrarstundir voru fimm sinnum í viku fyrst á morgnanna í 15 mínútur að meðaltali.

Í hverri viku áttu nemendur að lesa heima a.m.k fimm sinnum í viku fyrir foreldra/forráðamenn sem skráðu lesturinn í rafrænan lestrarferil. Umsjónarkennarar fóru yfir lesturinn á mánudögum og skráðu niður. Nemendur fengu fjórum sinnum einkunn fyrir heimalesturinn í vetur.

Nemendur hlustuðu á söguna Skólaslit 3 í nestitímum í október.

Tvö lestrarátök voru á vorönninni: Popplestrarátak og Bókahillan.

Við fórum yfir reglur í stafsetningu og tókum æfingar. Nemendur æfðu sig í skrift yfir veturinn.



#### Lífsleikni og samskiptafærni

Nemendur í 5. og 6. bekk unnu bekkjarreglur og gerðu veggspjald um það sem við viljum sjá, gera, finna og heyra í skólastofunni og það sem þau vildu ekki að kæmi fram þar.

Nemendur unnu með sjálfsmynd og samskipti.

Nemendur unnu einnig með tilfinningar og andlega líðan.

Námsgögn: Ég og sjálfsmyndin, Kvan, Ertu? og önnur verkefni frá kennara.

Einu sinni í viku var bekkjarfundur hjá 5. bekk, þar sem nemendur og kennarar töluðum um hvað betur mætti fara, hvernig þeim liði og stunduðu hugleiðslu. Suma tíma var stuðst við Kvan og ýmsir hópeflingarleiki notaðir til þess að efla það sem var verið að vinna að hverju sinni.

6. bekkur vann ýmis verkefni þar sem stuðst var við efni frá Kvan. Meðal annars var unnið með leiðtogaþjálfun. Þar fóru nemendur yfir einkenni jákvæðra og neikvæðra leiðtoga og rýndu í eigin hegðun í því samhengi. Þá unnu nemendur með bekkjaranda, vináttu, einelti, orðbragð og framkomu.



## Erlend tungumál

### Enska

Enska var í sitthvoru lagi hjá 5 og 6. bekk á haustönn en sameinaðist á vorönn.

Hjá nemendum í 5. bekk var lögð áhersla á verkefnaíðnað nám í gegnum þemavinnu. Þar sem stuðst var við: íþróttir, uppfinningar, atvinnugreinar, matarmenning, dýr í útrýmingarhættu og að búa til sitt eigið fyrirtæki. Í gegnum verkefni æfðu nemendur framkomu, upplýsingatækni, hlustun, ritun, lestur og talað mál. Almenn voru verkefni hópverkefni þar sem nemendur unnu 3-4 saman og skiptu á milli sín verka með hjálp kennara. Tekið var tillit til ferli, útkomu, samvinnu og þrautseigju þegar kom að námsmati. Einni voru lögð fyrir námsmatsverkefni nokkrum sinnum yfir árið, til þess að athuga orðaforða.

Nemendur í 6. bekk var lögð áhersla á verkefnaíðnað nám. Mikil áhersla var lögð á lesskilning og hlustun. Einnig var lögð áhersla á ritun og talað mál. Nemendur hlustuðu á hljóðbókina *Charlie and the Chocolate Factory* og unnu ýmis verkefni úr henni. Að lokum horfðu nemendur svo á bíómyndina. Nemendur lásu ýmsa texta og svöruðu spurningum úr þeim. Bæði var notast við námsbókina *Yes we can 6* en einnig annað námsefni á netinu. Að lokum unnu nemendur ýmis hópverkefni til að mynda um Bretland, dýr í útrýmingarhættu, viðtal og bjuggu nemendur til sitt eigið fyrirtæki.


### Náttúrufræði og samfélagsfræði

Náttúrufræði-og samfélagsfræði nemenda í 5. og 6. bekk fór fram í gegnum þematengt nám, þar sem oft samtvinnumust námsgreinar. Þemun voru: Eldgos, Ísland, Evrópa, tækni og vísindi, út um mela og móa og kynjafræði og hinseginleikinn.

#### Eldgos:

Veggspjald um helstu eldstöðvar: Fyrst var fjallað almennt um eldgos og eldstöðvar og stuðst við bókina *Ísland: hér búum við*. Nemendur gerðu svo veggspjöld í hópavinnu um a.m.k. eina eldstöð.

Almannavarnir fyrir eldgos: Nemendur áttu að ímynda sér að sinn heimabær þyrfti almannavarnir gagnvart eldgosum. Þetta verkefni var aðalega hugmyndavinna og blandaði saman staðreyndum úr bókinni *Ísland: hér búum við*, netinu og skapandi vinnu. En nemendur notuðu þar upplýsingar um hvað er mikilvægt að hafa í huga á stöðum þar sem eldgos eru algeng.



### Evrópa:

Kynningar um Evrópulönd og fáanar: Nemendur fengu 2 Evrópulönd til þess að skrifa að fjalla um í stuttri glærukynningu í „Google Slides“. Unnu nemendur 3-4 saman í hópum að kynningunum. Nemendur kynntu svo landið sitt fyrir bekknum. Að lokum lituðu nemendur fána allra landa í Evrópu og fékk hver nemandi 1-2 fána að lita.



### Draumaferðin/draumaeyjan:

Nemendur skipuleggja langa ferð um Evrópu, helst til margra landa. Þarf hver hópur að taka saman hver kostnaður er á flugi, gistingu, mat, skemmtun o.fl. Kennarar voru ekki með hámarksverð á ferðinni. Þegar helstu punktarnir voru komnir niður, bjuggu nemendur til glærusýningar og enduðu sá því að kynna fyrir bekknum. Nemendur unnu einnig verkefni þar sem þau bjuggu til sína eigin draumaeyju með kortalykli.



### Ísland:


Landshlutaverkefni: Nemendur fengu fyrst almenna kynningu á landshlutunum og svöruðu spurningunum upp úr bókinni. Eftir það var þeim skipti niður í hópa og fékk hver hópur sinn landshluta, hlutunum var skipt niður í vestfirði, vesturland, norðurland eystra - og vestra, austurland, suðurland, suðurnes, hálendi og höfuðborgarsvæðið. Að lokum gerðu nemendur svo spurningar upp úr sýnum landshluta og útbjuggu kennarar spurningakeppni út frá þeim.



**Tækni og vísindi:** Stuðst var við bókina Náttúrlega í þessu þema, þar sem nemendur lærðu um helstu uppfinningar í gegnum aldinnar. Má þar nefna rafmagn, bíla, vöruflutninga o.fl. Þegar nemendur höfðu lært það helsta tóku þau svo þátt í nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Nemendur unnu 1-2 af hugmynd af uppfinningu sem leysti eitthvert vandamál nútímans.

**Út um mela og móa:** Stuðst var við bókina Náttúrlega í þessu þema, þar sem nemendur lærðu um helstu gróðurlendi á Íslandi. Gróðurlendum var skipt niður í mólendi, moslendi, votlendi, graslendi, blómlendi og skóg-og kjarrlendi. Nemendur unnu hópverkefni í anda kennsluáðferðarinnar púslaðferð þar sem nemendur urðu sérfræðingar í einu gróðurlendi og kynntu svo fyrir öðrum nemendum og kennurum.

**Kynjafræði og hinseginleiki:** Stuðst var við efni úr bókunum Ég og sjálfsmýndin og Börn í okkar heimi - Fordómar og þröngsýni. Einnig var stuðst við annað efni frá kennurum og á netinu. Nemendur lærðu um helstu hugtök hinseginleikans svo sem kynhneigð, kyn og kyngervi, kynjatvíhyggja, kyntjáning, kyneinkenni og kynvitund. Nemendur unnu ýmis skemmtileg verkefni tengt þessu. Nemendur unnu verkefni um bleika og bláa kassann sem byggir á því að rýna í kynjatvíhyggjuna og velta fyrir sér hvað gerir það að verkum að við þössum ekki í kassann sem við fáum úthlutað út frá líffræðilegu kyni. Þá unnu nemendur hópverkefni um fána hinseginleikans þar sem þeir drógu fána undir regnhlífinni og kynntu sér hópinn sem notar þann fána. Þá lærðu nemendur um fordóma og þröngsýni og áhrif þess á líf fólks.



## Vettvangsferðir

### Ung - RIFF Kvikmyndahátíð

Nemendur fóru saman með rútu í Smárabíó á opunarhátíð Reykjavík film festival. Forseti Íslands kom og sagði nokkur orð. Horfðum við svo á skemmtileg bíómynd saman sem heitir "Hættuspil" (scary girl). Þar fengu þau að upplifa alvöru bíó stemmingu þar sem hægt var að kaupa sér popp eða nammi til að njóta á meðan á myndinni stóð.



### Jólaferð í golfskálann

Nemendur fóru saman í golfskálann hjá Oddi. Þar fengu þau djús og smákökur, einnig fengu þau óvænta heimsókn frá tveimur jólasveinum og sungum við saman nokkur jólalög.



### Gunni og Felix

12. febrúar fórum við saman í tónlistarskóla Garðabæjar og fengum fyrirlestur og skemmtiatriði frá vinunum Gunna og Felix.



### Sinfóníutónleikar í Hörpu

Nemendur fóru saman í Hörpu á sýningu á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sýningin heitir "Fljúgðu, fljúgðu klæði".




### Hvar er Valli?

Nemendur í 6.bekk fóru saman á bóksafn Garðabæjar. Þar fóru þau í skemmtilegan ratleik á vegum bókasafnsins. Tilgangur leiksins var að auka færni nemenda til þess að leita, lesa á kort, finna bækur og nota sjálfsafgreiðsluvélar bókasafnsins. Nemendur fengu sérstakt hrós frá starfsmönnum bókasafnsins fyrir góða umgengni og hljóð.

### Vísindasmiðja

Í vetur fór 5.bekkur í vísindasmiðjuna. Farið var í tveimur hópum og fengum nemendur fræðslu um eðlisfræði og vísindi. Þau fengu að sjá og skoða uppfinningar.



## Vorhátíð

Við fórum saman í Gufunes. Þar var hægt að leika sér í risa kastala, spila blak, sulla og margt fleira. Við grilluðum pulsir og nutum náttúrunnar og góða veðursins saman.



## Samantekt

Veturinn var viðburðarríkur og skemmtilegur. Miklar breytingar áttu sér stað á skólaárinu en fyrir jólin voru nemendur í 5. og 6. bekk með aðstöðu á græna svæðinu í eldri byggingunni. Eftir jólin voru svo flutningar út í Legoland. Fljótlega eftir það sameinuðust 5. og 6. bekkur og hófst þá samkensla þessara árganga í þema, ensku og upplýsingatækni. Þessi sameining gekk vonum framár og erum við kennararnir ánægðir með niðurstöðuna og hversu vel krökkunum tókst að aðlagast þessu nýja kerfi. Kennararnir í 5. og 6. bekk eru sammála um að samkensla þessara árganga hafi haft jákvæð áhrif á nemendur og því ekkert því til fyrirstöðu að halda samkenslunni áfram á næsta ári.

Við enduðum svo skólaárið á að flytja okkur í nýju byggingu skólans á bláa svæðið í maí. Okkur þótti rosa gott að komast aftur inn í skólann en við kennararnir erum sammála að þessir miklu flutningar hafa haft áhrif á nemendur í vetur. Mikið rót og skortur á festu þótti okkur hafa áhrif á bæði líðan nemenda í skólanum sem og aga á heimasvæðinu. Á haustönn var mikið um stuðning hjá 6. bekk en eftir sameiningu árganganna var dregið úr þeim stuðningi og fundum við vel fyrir því.

Nemendahópurinn er fjölbreyttur og var krefjandi á tímum að kenna börnunum grunnreglur eins og vinnubrögð, sitja kyrr, rétta upp hönd, fara vel með námsgögn og fleira. Það var gaman að sjá framfarir nemenda í lok skólaársins og sjá metnað hjá þeim aukast frá degi til dags. Við viljum leggja áherslu á að kenna nemendum grunnin í skilum á google classroom, frágang verkefna í tölvum o.s.frv. á næsta ári.

Þemur sem unnið var með í samfélags- og náttúrufræði voru fjölbreytt og skemmtileg. Mikið var af skapandi verkefnum þar sem nemendur fengu að nýta sköpunarhæfileika sína.

## Engey og Viðey – heimasvæði barna fædd 2009-2011

Umsjónarkennarar	Felix Exequiel Woelflin, Maríanna J. Maríudóttir og Sigrún Edda Halldórsdóttir
Stuðningsfulltrúar	Ísak Henningsson, Halldór Fannar Sveinsson, Jóhann Valur Þorsteinsson og Bergur Ísak Ólafsson
Fjöldi nemenda fædd 2009	2
Fjöldi nemenda fædd 2010	21

Fjöldi nemenda fædd 2011	17
Fjöldi nemenda í maí 2024	40

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Íslenska

Íslenska var kennd í færnimiðuðum hópum hópum í vetur. Auk þess var íslenska samþætt við flest önnur fög. Lögð var áhersla á það að nemendur sinntu heimalestri að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Notast var við rafrænan lestrarferil í fyrsta sinn og skráðu foreldrar því heimalestur í gegnum skjal á Google Docs. Það gekk mjög vel en einstaka nemendur báðu um útprentaðan lesferil. Umsjónarkennarar fóru yfir lesturinn á mánudögum og skráðu niður. Nemendur fengu fjórum sinnum einkunn fyrir heimalesturinn í vetur.

Í stundatöflu nemenda var gert ráð fyrir 20 mínútum á viku í yndislestri en auk þess fóru nemendur reglulega í auka yndislestur alltaf þegar tækifæri gafst til.

Nemendur skrifuðu einnig ritun á sex vikna fresti í vetur. Nemendur hafa skrifað ritun á sex vikna fresti síðustu ár en markmiðið með verkefninu er að gefa nemendum tækifæri til þess að fylgjast með ritstílnum sínum breytast með auknum aldri og færni. Nemendur skrifuðu meðal annars um sumarfríið sitt, draugaritun, jólaritun, ritun um ferðina á Reyki, páskarritun og hvað þeir ætla að gera í sumar.

### Erlend tungumál

#### Enska

Kennsla á erlendum tungumál var skipt í þrjár kennslustundir á viku. Í ensku voru 2 klukkusund á viku sem tileinkuð var sértækri vinnu með kennslubókum og hins vegar ein klukkustund á viku sem helguð var lestri enskra eða bandarískra bókmennta. Í dönsku var kennt eina klukkustund í senn með sértækri vinnu með bókmenntum, auk þess að námsefnið var brotið upp með hlustunum, dönsku sjónvarpsefni og skapandi verkefnum.

#### 8.-9. bekkur

Í vetur vann 8.-9. bekkur með lesbókina „Spotlight 8“ í ensku ásamt því að vinna verkefni í vinnubók. Nemendur þjálfuðu hlustun, samskipti, frásögn, lestur og ritun í ensku á öðru stigi samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla. Bókin byggði á viðfangsefnum sem standa nemendum nærri, t.d. dýr, íþróttir, menningu annara landa, tísku og fleira. Lögð var áhersla á lesskilning og orðaforða hvers kafla. Unnið var með málfræði í tengslum við innihald bókarinnar. Í hverjum kafla voru ákveðnar málfræðiáherslur þar sem nemendur komust í kynni við orð og setningamyndir. Í kjölfarið unnu nemendur sjálfstætt að verkefnum í verkefnabók. Eftir hvern kafla tóku nemendur svo stutta kaflakönnun sem gaf þeim og kennurum hugmynd um stöðu nemenda.

Nemendur í 8.-9. bekk lásu „Lísa í Undralandi“ eftir Lewis Carroll á haustin, „Animal Farm“ eftir George Orwell á veturna og „The Body“ eftir Stephen King á vorin. Gangverkið í bekknum fól í sér tíma til að lesa/hlusta á bókina og síðan þurftu nemendur að svara spurningum (oftast fjölvalspurningar) tengdum þeim köflum sem vísað var til. Lesturinn fór að mestum hluta fram í skólanum en einnig fengu nemendur reglulega það verkefni að lesa tvo til þrjá kafla heima. Að loknum lestri hvorrar bókar horfðu nemendur á myndina sem byggði á hverri bókinni. Kennsla fór fram á íslensku og ensku að hluta til.

#### 7. bekkur

Í vetur vann 7. bekkur með lesbókina *Action* og vinnubókin *Action workbook A*. Bókin byggði á viðfangsefnum sem standa nemendum nærri, svo sem íþróttir, menningu, listir, bókmenntir og fleira.

Í vetur var lögð sérstök áhersla á lesskilning. Auk þess var lagt mikla áherslu á málfræði og hlustun ásamt skrift. Nemendur fengu fjölbreytt verkefni bæði útprentuð og í rafrænu formi í classroom.

### **Sameiginleg verkefni**

#### *Oliver Twist*

Fyrir áramót horfðu allir nemendur saman á bíómyndina Oliver Twist í nokkrum hlutum. Samhliða áhorfinu unnu nemendur verkefnahefti úr myndinni á ensku þar sem nemendur svöruðu spurningum tengdum myndinni.

#### *Charlie and the chocolate factory*

Eftir áramót lásu allir nemendur saman barnabókina Charlie and the chocolate factory eftir Rohal Dahl á ensku. Lesturinn fór að mestum hluta fram í skólanum en einnig fengu nemendur reglulega það verkefni að lesa tvo til þrjá kafla heima. Samhliða lestrinum unnu nemendur ýmis konar verkefni á ensku tengdum bókinni í sérstakri verkefnabók sem kennarar útbjuggu. Verkefnin voru af ýmsum toga og reyndu meðal annars á orðaforða, málfræði, lesskilning og sköpun. Þegar nemendur höfðu lokið við að lesa bókina var haldin súkkulaði veisla í skólanum þar sem nemendur komu með súkkulaði og snakk að heiman og horfðu saman á myndina. Einnig gerðu sumir nemendur stuttmynd, þar sem þau völdu sér hluta úr bókinni til þess að endurgera.

### **Danska**

Í vetur byrjaði 7. bekkur í dönskunámi og fóru allir nemendur í 7. bekk í gegnum sama námsefnið í dönsku. 8. bekkur hóf dönskunám síðasta vetur og fóru því í gegnum aðra grunnbók „Smart“. Nemendur þjálfuðu hlustun, samskipti, frásögn, orðaforða og lestur á fyrsta stigi dönskunáms samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla. Nemendur tóku tvær kannanir á árinu sem athuguðu hlustun, ritun og lestur námsefnisins, prófað var úr þremur stuttum köflum í senn.

#### *Námsgögn*

Nemendur unnu með kennslubækurnar „Start“ og „Smart“ í vetur. Start er byrjendaefni í dönsku fyrir miðstig og samanstendur af grunnbók og vinnubók. Smart er bók fyrir nemendur sem eru lengra komnir, líka á miðstigi.

#### *Hlustun og áhorf*

Nemendur fóru í „Kahoot“ með spurningum úr bókinni. Nemendur horfðu líka á „Klassen“, þætti sem fjalla um dönsk börn í skóla. Þættirnir gáfu nemendum tækifæri á því að spegla sig í menningu danskra nemenda á svipuðum aldri og átta sig á skólaumhverfinu í Danmörku.

#### *Lokaverkefni*

Í lok seinni lotu dönskunámsins unnu nemendur lokaverkefni í dönsku þar sem þau nýttu sér allt sem þau höfðu lært í tungumálinu í vetur. Nemendur fengu það verkefni að útbúa matseðil og heimasíðu matsölastaðs á dönsku. Í matseðlinum átti að vera allar helstu upplýsingar um rétti staðarins og á heimasíðunni allt það helsta um matsölastaðinn. Notast var við „Canva“ til þess að gera matseðilinn og „Google Sites“ fyrir heimasíðuna. Allur texti og upplýsingar þurfti að vera á dönsku, æfðu því nemendur sig í að nota orðabækur og nota orðaforða vetrarins í rituðu máli.

### **Færni til framtíðar**

Í vetur samþættum við samfélagsfræði, lífsleikni, upplýsingatækni og fjármálafræðslu í áfanga sem kallast Færni til framtíðar. Kennslan fór fram í nokkrum lotum yfir skólaárið og unnið var með eftirfarandi þætti: Kalda stríðið, kvennabaráttan, lýðræði og einræði, stjórnarfar á Íslandi, hinseginleikinn, gagnrýnin hugsun, sjálfsmyndin, fjármál einstaklingsins og samskipti.

### *Kalda stríðið*

Nemendur fengu Nearpod kynningu á Kalda stríðinu og síðan var þeim skipt í 3-4 manna hópa sem kennari var búinn að ákveða. Hóparnir svöruðu spurningum sem urðu beinagrind fyrir handritið að myndbandinu þeirra. Nemendur bjuggu til myndband um Kalda stríðið. Nemendur lásu einnig valda kafla úr bókinni *Frelsi og velferð* eftir Synnøve Veinan Hellrud og Ketil Knudsen. Í lok þemans elduðum við kjötbollur með kartöflum og brúnnu sósu sem stóðu fyrir kommúnisma og bökuðu Amerískar smákökur sem táknuðu kapitalisma. Nemendur skemmtu sér mjög vel á lokadeginum en það hefði þurft meiri tíma í frágang. Eða heimilisfræðistofu.

Námsmat byggði á:

- Þáttöku og virkni í tímum
- Myndbandi

### *Kvennabaráttan*

Nemendur lærðu um baráttu kvenna á Íslandi fyrir jöfnum rétti. Við horfðum á heimildamyndina *Undarleg ósköp að vera kona* og eftir það stýrðu kennarar umræðum. Nemendum var skipt í umræðuhópa og áttu meðal annars að ræða stöðu kvenna á Íslandi í dag, hvort staða karla og kvenna sé sú sama, hvernig er staðan annars staðar í heiminum og hvernig getum við gert betur og haft áhrif. Síðan deildu umræðuhóparnir sínum skoðunum með hinum og þetta leiddi af sér virkilega líflegar og góðar umræður. Seinna völdu nemendur sér ákveðið viðfangsefni til að kynna sér betur. Meðal viðfangsefna sem nemendur völdu voru Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Ingibjörg H. Bjarnason, Vigdís Finnbogadóttir, Rauðsokkahreyfingin, Kvenréttindafélag Íslands, Kvinnalistinn, kvennafrídagurinn og Kvinnaskólinn í Reykjavík. Nemendur bjuggu bæði til veggspjald sem þau hengdu upp og glærुकynningu sem þau fluttu fyrir aðra nemendur.

Námsmat byggði á:

- Þáttöku og virkni í tímum
- Glærुकynningu
- Veggspjaldi
- Sjálfsmati nemenda
- Jafningjamati

### *Lýðræði og einræði*

Sem kveikju að þemanu horfðum við á bíómyndina *Die Welle* (2009). Viðfangsefnið fólst annars vegar í því að þekkja og greina mismunandi stjórnarfar og hins vegar að þekkja virkni íslenska stjórnsmálakerfisins, þar með talið fyrstu nálgun að stjórnarskránni. Sérstaklega var hugað að einkennum íslensks lýðræðis, hvernig valdi, skyldum og réttindum þegnanna er dreift.

Tímunum var skipt í bóklegan hluta þar sem nemendur áttu, eftir útskýringu kennara, að kafa dýpra í efninu, og annan verklegan hluta þar sem nemendur áttu að beita því sem þeir höfðu lært. Verklegi hlutinn fólst í því að búa til veggspjöld og annað efni til að deila með bekkjarfélögum sínum og einnig fyrsta lýðræðislega æfingin þar sem nemendur þurftu að hugsa og taka ákvarðanir á lýðræðislegan hátt um hvernig þeir töldu að best væri að skipuleggja land.

### *Stjórnarfar á Íslandi*

Nemendur fengu kynningu á stjórnarfar á Íslandi frá kennara. Nemendur lásu valda kafla í bókinni ... Nemendur fóru í ratleik, bjuggu til Kahoot.

### Hinseginleikinn

Í upphafi þemans horfðum við á stuttmynd byggða á sögunni X: A Fabulous Child's story eftir Lois Gould og svo unnu nemendur verkefni. Eftir það fengu nemendur að velja sig í 3 manna hópa og áttu að velja sér myndband eftir leitinni „Raised without gender“ á Youtube og svara spurningum um það. Í þemanu lögðum við áherslu á hugtökin kynhneigð, kyntjáning, kynvitund og kyneinkenni. Við byrjuðum á að kanna stöðu þekkingar hjá nemendum með því að fara í „hugtakaleikinn“ þar sem hvert hugtak var skrifað á A3 blað og hengt upp á víð og dreif í stofnunni. Nemendum var þá skipt í 2-3 manna hópa sem gengu um og áttu að skrifa það sem þau héldu að hugtökin þýddu á blöðin. Eftir það fór kennari yfir hvert hugtak fyrir sig og bar saman við hugmyndir nemenda. Nemendur fengu líka kynningu á starfsemi Samtakanna '78 og heimasíðunni Hinsegin frá a-ö og þar áttu þau að velja sér hugtak til að kynna sér nánar. Nemendur bjuggu svo til vefsíðu þar sem þau söfnuðu öllum verkefnum sínum saman. Við horfðum líka á nokkra þætti úr Hinseginleikanum sem Rúv gaf út árið 2018 og eftir hvern þátt voru umræður. Nemendur lásu einnig bókina *Allt um hinseginleikann* eftir Agöthu Alexandersdóttur.

Námsmat byggði á:

- Þátttöku og virkni í tímum
- Heimasíðu
- Prófi
- Sjálfsmati
- Jafningjamati

### Lífsleikni og gagnrýnin hugsun

#### 8.-9.Bekkir

Í Lífsleikni lögðum við til að nemendur í 8. og 9. bekk þróuðu sérstaklega þá eiginleika sem geta hjálpað þeim að læra á eigin spýtur. Í þessum skilningi tókum við hér með að læra gagnrýna og rökræna hugsun, við lærðum líka um hvernig á að setja markmið og hvernig á að skipuleggja tíma okkar til að ná þeim. Notað var helst bókin: „Hvað heldur þú? Eftir Brynhildi Sigurðardóttur og Ingimar Waage.

Aftur á móti lögðum við til að nemendur lærðu að hugleiða. Á hverjum föstudegi tókum við hugleiðslustund undir leiðsögn "Hugarfrelsi".

Hér nýttum við líka tækifærið til að skipuleggja og undirbúa nemendastýrðar foreldraviðtöl, íhuga hvaða efni vakti mestan áhuga á okkur, velta fyrir okkur því sem við lærðum og umfram allt hvernig við getum tjáð okkur um það sem við lærðum.

#### 7.Bekk

Í lífsleikni unnu nemendur mikið með sjálfsmyndina og veltu meðal annars fyrir sér eftirfarandi spurningum.

- o Hvað er sjálfsmynd?
- o Hvernig upplifi ég aðra, hvernig líta aðrir á mig?
- o Hver er ég?
- o Hvað gerir mig einstakt/a/n

Nemendur í 7. bekk teiknuðu upp sitt lífsfljót þar sem vatnið og árvegurinn táknaði lífið en grjótið í ánni þau áföll og verkefni sem nemendur hafa gengið í gegnum. Svo nýttum við þessar myndir til að skoða hvernig þetta hefur allt áhrif á sjálfsmyndina.

Nemendur lásu sögur og unnu verkefni úr bókinni *Hvað heldur þú? Um gagnrýna hugsun* eftir Brynhildi Sigurðardóttur og Ingimar Waage.

Námsmat byggði á

- Þátttöku og virkni í umræðum og tímum.
- Verkefnavinnu

### Fjármál einstaklingsins

Nemendur lærðu fyrstu hugtökin sem tengjast hagfræði- og fjármálafræðslu. Samhliða lýðræðiskennslu og stjórnarformum, þar sem við erum að læra um réttindi og skyldur, er á tímum fjármálafræðslunnar farið að sjá nánar hugtökin skatta, laun, lágmarkslaun og meðallaun.

Á sama tíma, samhliða stærðfræðitímum, þar sem nemendur voru að læra um prósentur, kynntum við hugtakið vextir í fjármálafræðslu. Nemendur gátu æft sig í að reikna út ávöxtun fjármagns.

### Samskipti

Nemendur unnu ýmis verkefni tengd góðum samskiptum ásamt því að fræðast um réttindi sín og annarra barna í heiminum og mikilvægi menntunnar. Þá fengu nemendur einnig þjálfun í því að tala fyrir framan hvert annað ásamt því að velta fyrir sér mikilvægi vináttu og leiðtogahæfni. Að auki fengu nemendur fræðslu um styrkleika og veikleika og hvernig hægt sé að vinna með eigin styrkleika og veikleika. Stuðst var við námsgögn úr ýmsum áttum en mest var unnið með efni úr verkfærakistu KVAN, efni tengt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Áfram strákar (kennsluverkefni frá 2020), efni UNICEF Akadémiunnar og Réttindasmiðjuna: réttindafræðsla fyrir miðstig grunnskóla (meistaraverkefni Hönnu Borgar Jónsdóttur 2020).

### Náttúrugreinar

#### Líffræði

Í náttúrufræði lærðu nemendur í 7.-9. bekk líffræði og í byrjun vetrar fengu nemendur kynningu á þeim greinum sem falla þar undir. Notast var við bókina Lífheimurinn ásamt efni frá kennara.

Notast var við orðalista til að hjálpa nemendum að undirbúa sig fyrir kennslustundir, en í þeim þurfa nemendur að skrifa skilgreiningar á lykilhugtökum efnisins sem á að fara yfir. Í lok stærri verkefna unnu nemendur sjálfsmat og veltu fyrir sér hvað þeim þótti erfitt og skemmtilegt, hvaða færni þau æfðu í verkefninu og hvert markmið verkefnisins var. Eftir sum paraverkefni framkvæmdu nemendur jafningjamat.

Verkefni voru annað hvort metin út frá hæfniviðmiðunum 5 (framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð) eða á skalanum A-D. Í þeim verkefnum þar sem metið var á skalanum A-D fengu nemendur matskvarða í upphafi verkefnis til að átta sig betur á væntingum og hvernig verkefnin yrðu metin.

#### Viðfangsefni 1: Líffræðilegur fjölbreytileiki (Kafli 1 í Lífheimurinn)

Rætt var um hvað líffræðilegur fjölbreytileiki er, hvernig tegundir passa inn í fæðukeðjuna og hvað það þýðir að tegundir séu í útrýmingarhættu. Nemendur unnu síðan glærुकynningar út frá þessum þremur hugtökum. Markmiðið með þessu viðfangsefni var að nemendur áttuðu sig á samspili tegunda og mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika innan vistkerfa. Næst var farið stuttlega yfir muninn á dýrafrumum og plöntufrumum. Nemendur lærðu einnig um Tvínafnakerfi Linnés.

Nemendur tóku kaflapróf úr kafla 1. Lokaverkefni þessarar lotu var að útbúa plaggat, nemendum var úthlutað viðfangsefni fyrir plaggatið út frá því efni sem vantaði upp á hjá þeim í kaflaprófi.

#### Viðfangsefni 2: Bakteríur og veirur (Kafli 2 í Lífheimurinn)

Nemendur lærðu að bakteríur og veirur er að finna alls staðar. Frumur baktería voru bornar saman við dýra- og plöntufrumur og fjallað var um muninn á bakteríum og vírusum. Nemendur framkvæmdu tilraun þar sem tekin voru strokusýni á nokkrum stöðum í skólanum eða á líkama nemenda og færð á agar í petrískálum. Nemendur skrifuðu svo skýrslur um framkvæmd tilraunarinnar og niðurstöðurnar. Nemendur tóku kaflapróf úr kafla 2.

Aðal verkefni þessarar lotu var að skrifa og binda bók um örverur. Unnið var í hópum og völdu nemendur sér ákveðið viðfangsefni fyrir bókina.

*Viðfangsefni 3: Hryggleysingjar (Fyrri hluti kafla 6 í Lífheimurinn)*

Farið var yfir einkenni hryggleysingja og ólíka hópa sem falla undir þá flokkun. Nemendur lærðu fyrst um þá hryggleysingja sem er að finna í sjó og út frá því var unnið paraverkefnið Kóralrifið. Markmiðið með því verkefni var að nemendur æfðust í því að leita að upplýsingum á netinu, sem er oft ekki auðvelt að finna. Því næst áttu nemendur að setja þessar upplýsingar upp á skýran og þægilegan máta út frá fyrir fram ákveðnu sniðmáti.

Næst voru teknir fyrir hryggleysingjar á landi. Nemendur fengu texta á ensku sem þurfti að þýða yfir á íslensku án aðstoðar Google translate. Tilgangur verkefnisins var að kenna nemendum að horfa á samhengi texta og leita að réttum þýðingum orða út frá því.

Nemendur rifjuðu upp hvernig tvínafnakerfi Linnés virkar og hvernig tegundir eru flokkaðar út frá vísindalegri flokkun. Unnið var í sömu hópum og í Kóralrifsverkefninu og þurftu nemendur að finna vísindalegu flokkun þeirra tegunda sem þau höfðu valið þar. Nemendur skoðuðu næst skyldleika tegundanna út frá vísindalegri flokkun.

*Viðfangsefni 4: Hryggdýr (Seinni hluti kafla 6 í Lífheimurinn)*

Nemendur lærðu um ýmsar tegundir hryggdýra og hvað einkennir þær. Í þessu viðfangsefni voru unnin verkefni um þróun tegunda þar sem nemendur áttu meðal annars að búa til sína eigin tegund út frá framtíðar vistkerfi sem þeir völdu. Markmiðið með þessu verkefni var að nemendur velti fyrir sér hvaða eiginleikar tegunda hjálpa þeim að komast af í umhverfi sínu.

*Önnur viðfangsefni:*

Auk ofan nefndra viðfangsefna var meðal annars farið yfir hugtökin sjálfbærni, náttúruauðlindir og manngerð og náttúruleg fyrirbæri. Nemendur fengu tækifæri til að þjálfast í gagnrýninni hugsun, rannsóknarvinnu og vandaðri heimildarvinnu.



**Vettvangsferðir**

7. og 8. bekkur fóru í nokkrar skemmtilegar vettvangsferðir í vetur. Ásamt þeirra ferða sem hér eru taldar upp voru kennarar duglegir að fara með nemendur í ferðir og útikennslu í nánasta umhverfi skólans, svo sem Maríuhella og að Urriðavatni.

**Náttúruminjasafn Íslands**

Nemendur fóru í Perluna og sáu sýningarnar *Hvað býr í Þjóðgarði* og *Vatnið í náttúru Íslands*. Þar fræddumst við um sérstöðu Þjóðgarðsins, skoðuðum dýra- og plöntulíf og veltum fyrir okkur

náttúruvernd og hvaða starfsemi fer fram í þjóðgarði. Þá lærðum við einnig um mismunandi birtingarmyndir ferskvatns í náttúru Íslands og mikilvægi þess í fjölbreyttum vatnavistkerfum landsins.

### RIFF kvikmyndahátíð

Nemendur fóru á kvikmyndahátíðina RIFF og sáu dönsku myndina The Fall eftir Andreas Koefoed. Ferðin gekk vel.

### Sinfóniutónleikar í Hörpu

Nemendur fóru á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikana Fljúgðu, fljúgðu klæði. Þar var sögumaður sem las fyrir okkur hinar ýmsu þjóðsögur og Sinfóníuhljómsveitin spilaði og túlkaði atburðarrásina í ljúfum, sem og drungalegum tónum. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listasafns Íslands þar sem þjóðsagnaarfurinn er viðfangsefni í tali, tónum og myndlist.

### Skautuferð

Í mars fór hópurinn saman í vetrarferð og var ferðinni haldið í Skautahöllina í Egilshöll. Þar léku nemendur sér á skautum og áttu skemmtilega stund saman.

### Sundferðir

Í síðasta sundtímanum fyrir jól fóru allir nemendur úr 7.-9. bekk ásamt kennurum saman í sund þar sem við skemmtum okkur saman í morgunmyrkrinu. Eftir áramót endurtókum við leikinn og fórum öll saman í sund í glampanði morgunsól í júní.

### Ferð í upptökuver

Nokkrir nemendur fóru í vettvangsheimsókn í upptökuver Sóleyjar Tómasdóttur tónlistarkonu þar sem þau tóku upp lagið sitt Eldur, ís og mjúkur mosi.

### Opnun sýningarinnar Eldur, ís og mjúkur mosi

Þann 23. apríl var sýningin Eldur, ís og mjúkur mosi opnuð í Perlunni en nemendur höfðu unnið að sínum listaverkum allt skólaárið. Á opunarhátíðinni sögðu nokkrir nemendur frá verkunum sínum ásamt því að lagið sem nemendur sömdu var flutt.

### Brennómót

Í október var haldið Brennómót skólans og fóru nemendur í íþróttahúsið Miðgarð til að taka þátt í brennómóti skólans sem var skipulagt af íþróttakennurum. Nemendum var skipt í lið og spiluðu nemendur úr 7.-9. bekk í sama riðli.

### Gönguferðir

Farið var í nokkrar gönguferðir með nemendur yfir veturinn. Meðal annars var farið í Maríuhella þar sen nemendur áttu að velta fyrir sér náttúrulegum og manngerðum fyrirbærum.

### Reykir

Í mars fóru nemendur í fjögurra daga ferðalag í skólabúðirnar að Reykjum í Hrúttadal. Í skólabúðunum fengu nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd sína og vinna með styrkleika og veikleika til þess að bæta félagsfærni sína. Nemendum var skipt í þrjá hópa og fóru í gegnum stundatöflu skólabúðanna. Nemendur fóru meðal annars í ratleik, göngutúr, leiki, heimsókn á byggðarsafnið og margt fleira. Auk þess var kvöldvaka, sundlaugapartý, tískusýning, ball og ótrúlega

góður matur allan tímann. Nemendur fengu sérstakt hrós frá starfsmönnum skólabúðanna fyrir frábæra framkomu og umgengni.



### Vorferð í Húsdýra- og fjölskyldugarðinn

5. júní fór hópurinn í vorferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Farið var með rútu klukkan 9:30 og komið til baka klukkan 13:30. Þar skoðuðum við dýrin, grilluðum pylsur og skemmtum okkur í tækjunum. list

### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Í vetur vorum við í mjög góðu samstarfi við Hnjúka (5. og 6. bekk). Við unnum nokkrum sinnum yfir veturinn verkefni saman þar sem nemendur blönduðust í hópa þvert á aldur. Má þar helst nefna hrekkjavökuna og öskudaginn. Samstarf milli kennara var einnig mjög gott en haldnir voru teymisfundir einu sinni í viku að meðaltali og allt þemastarf skipulagt í samstarfi.

Grunnskólastig fór einnig reglulega í verkefni þvert á aldurshópa. Má þar nefna hrekkjavökuna, öskudaginn, afmælishátíð Urriðaholtsskóla, brennómótið og Popplesturinn. Það var ótrúlega skemmtilegt og við vonum að það verði gert oftar á næsta ári.

Unglingastigi var boðið á leiksýningu hjá leikskólanum.

### Samantekt

Veturinn 2023-2024 var einkenndist af flutningum en 7. bekkur byrjaði veturinn á Holti og 8. og 9. í Engey og Viðey. 8. -9. bekkur fluttu svo á Hnjúka og svo fluttum við öll saman á glænýtt og rautt heimasvæði. Að lokum fluttum við síðan upp um eina hæð og vorum það síðustu flutningar vetrarins. Þrátt fyrir þetta mikla rót gekk veturinn mjög vel og nemendur eru nú í góðri þjálfun fyrir flutninga í framtíðinni og fljótir að aðlagast nýjum aðstæðum.

Í vetur var haldið áfram með vinnu fyrri skólaára þegar kemur að samskiptum og fengum við Halldóru og Kristínu með okkur í lið en þær héldu utan um þetta samskiptavinna allan veturinn. Það var vissulega stundum áskorun að vera með aldursblandaða og færnimiðaða hópa í öllum fögum, sérstaklega í upphafi þegar við vorum ekki öll á sama heimasvæði, og því mikilvægt að gefa tíma í að vinna markvisst með samskipti.

Það sem stendur upp úr eftir veturinn var ferð 7. bekkjar á Reyki en nemendur fengu sérstakt hrós fyrir framkomu og umgengni. Þau voru öll svo jákvæð og þátttökuglöð allan tímann í skólabúðunum og samskipti innan hópsins voru einnig til fyrirmyndar.

Heilt yfir gekk veturinn virkilega vel og við erum mjög stolt og ánægð með þennan skemmtilega hóp. Þau hafa öll tekið miklum framförum í vetur, bæði í námi og félagslega og er hópurinn góð fyrirmynd sem elsti hópur skólans.

## List og verkgreinar

List- og verkgreinar voru kenndar eftir árgöngum. Ólíkar smiðjur voru fyrir alla aldurshópa og réðist það af hvaða kennarar tóku að sér kennsluna hvaða smiðjur voru kenndar í hverjum árgangi. Sundtímar fléttuðust inn í loturnar hjá 1. og 2. bekk þar sem þar eru stórir árgangar og þeim skipt upp í 5 hópa. Allir hópar fengu hönnun og smíði og sjónlistar smiðjur á tímabilinu og byrjuðu þeir hópar á opnu svæði uppi á annarri hæð. Um áramótin fékkst þó betri aðstaða fyrir þær smiðjur með tilkomu nýju útikennslustofanna. Flutningum var samt ekki lokið þennan veturinn, því í apríl fengum við svo afhentar varanlegar heimastofur með tilheyrandi útbúnaði í nýja hluta skólans. Sjónlista stofan er einnig útbúin brennsluofni fyrir leirgerð sem er mikið ánægjuefni. Heimilisfræðin var kennd í heimastofu nemenda í allan vetur. Bakaraofninn var færanlegur og honum trillað inn í stofu á smiðjutíma. Textíl smiðjur voru einnig kenndar í heimastofum en aðstaða fyrir textíl og heimilisfræði kennslu er í nýju byggingunni og verður hún tilbúin til notkunar í lok skólaársins.

### Hönnun og smíði

Nemendur í 1 og 2. bekk fengu kynningu á smíðastofunni, helstu verkfærum og væntingum í fyrsta tíma og síðan var upprifjun í hverjum tíma eftir það. Nemendur fóru í hugarflug með leiðsögn um ævintýraskóg þar sem þau sáu dýr eða manneskju sem þau smíðuðu síðan. Þau teiknuðu upp veruna sína og fundu síðan kubba sem passa eða söguðu þá til, pússuðu, límdu og máluðu. Þá gerðu nemendur einnig broddgölt þar sem þau æfðu sig að mæla með tommustokk, saga og negla. Ef tími vannst til unnu nemendur að frjálsum, skapandi verkefnum þar sem þau æfðu þá færni sem þau höfðu lært.



Verkefni nemenda í 1. og 2. bekk

Í 3. og 4. bekk hönnuðu nemendur bát fyrir áramót sem þau smíðuðu síðan. Nemendur fengu furu sem þau mældu og söguðu í tvennt. Síðan teiknuðu þau stefnið á bátnum, saga það út og pússa. Nemendur bættu síðan við kubbum og segli samkvæmt eigin hönnun. Nemendur æfðu sig í að tálga odd og lokaafurðin varð til dæmis mús, hús, álfur eða blýantur. Eftir áramót gerðu nemendur í fjórða bekk óróa með þremur eða fjórum hangandi munum sem þau söguðu út úr furukossvið. Þegar nemendur voru búin með óróann unnu þau í frjálsum, skapandi verkefnum. Tveir virkilega duglegir nemendur gerðu sér lítið fyrir og smíðuðu sér kolla í skapandi verkefninu sem heppnuðust virkilega vel.



Verkefni nemenda í 3. og 4. bekk

Nemendur í 5 og 6. bekk byrjuðu á skapandi tálgun þar sem þau fengu frjálssar hendur við að hanna og tálga það sem þau vildu. Kennari sýndi þeim ýmis verkefni sem hægt var að gera og fór yfir grunnaðferðir tálgunar áður en nemendur teiknuðu sína hugmynd á blað. Þá fengu þau aðstoð við að velja heppilega grein í verkið sem þau söguðu í hentuga stærð. Þá tálguðu þau greinina og þússuðu og máluðu, ef þau vildu. Nemendur kynntust einnig eiginleikum steypu og prófuðu að vinna með hana. Nemendur steypu dýrabrjóstmynd með vírum þannig að þau hrærðu múrblöndu með vatni og helltu í steypumót sem að þessu sinni voru ýmis plast- og pappaglös og plastdollar. Þá beygðu þau víra fyrir eyru og stungu í steypuna. Þegar steypan hafði þornað tóku þau hana úr mótinu og skreyttu að vild. Eftir áramót var áhersla lögð á skapandi verkefni þar sem nemendur fengu frjálssar hendur við að hanna og skapa það sem þau vildu helst. Í þeirri vinnu urðu til ótal álfahús, sverð, dýr af ýmsum stærðum og gerðum og hnífar.



Verkefni nemenda í 5.-6. bekk

Nemendur í 7-9 bekk byrjuðu á skapandi tálgun þar sem þau fengu frjálssar hendur við að hanna og tálga það sem þau vildu. Kennari sýndi þeim ýmis verkefni sem hægt var að gera og fór yfir grunnaðferðir tálgunar áður en nemendur teiknuðu sína hugmynd á blað. Þá fengu þau aðstoð við að velja heppilega grein í verkið sem þau söguðu í hentuga stærð. Þá tálguðu þau greinina og þússuðu og máluðu, ef þau vildu. Nemendur tálguðu til dæmis snaga, smjörhnífa, fugla og álfa. Nemendur kynntust líka steypu og eiginleikum hennar og lærðu að hræra múrblöndu með vatni og hvað er heppilegt að nota sem steypumót og hvað ekki. Nemendur steypu meðal annars grasker og kertastjaka. Eftir það unnu nemendur að frjálsum, skapandi verkefnum þar sem þau æfðu þá færni sem þau höfðu öðlast.



Verkefni nemenda í 7.-9. bekk

### Steypusmiðja

Eftir áramót var boðið upp á fjögurra vikna val og var steypusmiðjan eitt af þeim. Nemendur byrjuðu á að búa til steypumót af stafnum sínum úr pappakössum. Nemendur lærðu að styrkja steypu með vírum og blanda hana rétt. Þegar steypan hafði harðnað tóku nemendur stafina úr mótinu og pússuðu brúnirnar og sumir máluðu. Þá fengu nemendur mjólkurfernu og áttu að búa til steypumót að eigin vali úr henni. Einhverjir gerðu hús, aðrir kertastjaka og einhverjir báta. Eftir það áttu nemendur að velja sér hvað þeim langaði að gera og þá steypu margir páskaegg, fleiri kertastjakar urðu til og ýmsir skúlptúrar.



### Skúlptúragerð

Skúlptúragerð var í boði sem val eftir áramót í fjórar vikur. Nemendur fengu kennslu í að búa til beinagrind að skúlptúr úr ýmsum efnivið eins og plastdolum, kókflöskum, mjólkurfernum, vírum og greinum. Þegar allir höfðu lokið við beinagrindina sína lærðu nemendur að blanda pappamassa sem þau þöktu síðan skúlptúrana sína með og að lokum máluðu þau verkin. Í skúlptúragerð varð til sjóbirtingur, blómavasar, risaeðlur og margt fleira.




### Sjónlist



Haustönn var skipt í tvö 3 vikna tímabil þar sem unnið var með tvær mismunandi aðferðir. Fyrsta tæknin sem notuð var pointillism eða punktalist. Nemendur byggðu myndir sínar eingöngu upp á punktum. Við þetta leystust útlínur og form upp en augað átti að sjá um að mynda úr þessu eina heild. Önnur tækni sem notuð var vatnslitamálun. Nemendur unnu með mismunandi tækni innan vatnslita: Blanda litum á mismunandi vegu, Mála með þurrum vatnslitum sem síðar voru bleyttir og að mála yfir blautan pappír.

Vorönn var skipt í tvö 4 vikna tímabil þar sem unnið var með tvær mismunandi aðferðir. Fyrsta tæknin var klippimynd. Klippimynd sem heitir á ensku Collage (úr frönsku coller, sem þýðir "líma") er listræn tækni sem samanstendur af smíði plastverka með því að þétta eða sameina stykki eða klippingar af mismunandi uppruna og mynda þannig nýja mynd. Nemendur unnu mismunandi leiðir til að búa til listaverk með því að klippa og líma efni úr blöðum og tímaritum. Önnur tæknin sem notuð var fjarvíddamynd þar sem nemendur fengu tækifæri til að æfa sig í teikningu á fjarvídd. Nemendur lærðu mikilvægi stærðar og hlutfalls í teikningu.

Á vorönnina fengu nemendur á öllum stigum einnig að móta jarð- og steinleir og gátu síðan litað og glerja verkin sín. Unnið var eftir með þema eins og ísbjörnum eða fiskum á yngsta stig og sgraffito skreytingu íláta á mið- og unglíngastigi. Nemenda gátu prófað ýmsa glerunga. Vatnslitamálun blautt-í-blautt var æft og skapað urðu fallega landslags klippimyndir. Nemenda lærðu vinnubrögð og um fjarvídd í andrúmslofti. Inn á milli tókum við tíma að í að teikna tré. Fyrir afmælisdaginn skólans sköpuðu alla nemenda veggverk. Á unglíngastigi lærðu nemendur um chiaroscuro málun og shibori pappírslitun með bleki.







## Heimilisfræði

Fyrri hlutaskólaársins fengu nemendur í 4. bekk 8 skipti í heimilisfræði yfir fjögurra vikna tímabil. Kennslustundir voru samtals þrjár og hálf á viku. Kennsla var að mestu leiti verkleg og útbjuggu nemendur eggjamuffins, kanilhjörtu, hjónabandsælu, pizzu, eplakökur, marmaraköku og vöfflur. Í fyrstu kennslustund var búin til uppskriftabók þar sem hver og einn nemandi safnaði uppskriftum hvers tíma í og myndskreytti. Eftir áramót útbjuggu nemendur brauðbollur, pizzasnúða og kryddbrauð. Síðasti tíminn var nýttur í að leggja lokahönd á uppskriftabók sem nemendur höfðu safnað saman uppskriftum vetrarins í og myndskreytt.

Fyrir áramót fóru nemendur í 5. og 6. bekk í heimilisfræði yfir fjögurra vikna tímabil. Um var að ræða 3 kennslustundir á viku. Kennsla var að mestu leyti verkleg og bjuggu nemendur til kanilhjörtu, brauðbollur og marmaraköku. Í fyrstu kennslustund var búin til uppskriftabók sem nemendur skrifuðu uppskriftirnar í. Einnig horfðu nemendur á þættina Kökukast en þar keppast fjölskyldur um að búa til flottustu kökuna.

## Textílmennt

Í 4. bekk saumuðu allir nemendur mylluspil. Nemendur áttu að sauma myllumerki á pokann öðru megin og nafnið sitt hinu megin. Annað var frjálst val nemenda. Þeir nemendur sem luku við myllupokann fengu að vinna í frjálsum verkefnum og urðu til margir flottir litlir bangsar, lyklakippur og koddar í frjálsum verkefnum nemenda. Í textílmennt var áhersla lögð á skapandi kennsluhætti, handverk, aðferðir, tækni og eigin útfærslu verkefna.

Í 5. og 6. bekk saumuðu allir nemendur myllupoka. Nemendur áttu að sauma myllumerki á pokann öðru megin og nafnið sitt hinu megin. Nemendum var frjálst að bæta við öðru á pokann sinn. Ef nemendur náðu að klára verkefnið þá fengu þeir að vinna í öðrum frjálsum verkefnum. Einhverjir bjuggu til bangsa, aðrir lyklakippu og sumir bjuggu til bókamerki. Í textílmennt var áhersla lögð á skapandi kennsluhætti, handverk, aðferðir, tækni og eigin útfærslu verkefna.

## Aðrar smiðjur

### KVAN vináttuþjálfun

Fyrir áramót fóru nemendur í 1. bekk í KVAN vináttuþjálfun í smiðjum. Í henni var lögð áhersla á vináttu og leiðtogaþæfni.



FIMM STAÐREYNDIR UM  
OFURHETJUNA MÍNA

Stærð: staðreynd

- 1.
- 2.
- 3.
- 4.
- 5.




Nemendur unnu bók þar sem þau m.a. bjuggu til sína eigin ofurhetju. Nemendurnir spurðu sig um hvað það þýðir að vera jákvæð ofurhetja og hvað það þýðir að vera neikvæð ofurhetja. Þá var fjallað um hvað það þýðir að vera með neikvæða hegðun gagnvart bekkjarfélagi eins og að meiða og hvað það þýðir að vera með jákvæða hegðun gagnvart bekkjarfélagi eins og til dæmi að hjálpa öðrum í neyð. Í lok hvers tíma var farið í samvinnuleiki. Námsgögn í smíðjunni voru blýantar, litir, blöð, lím og KVAN verkfærakistan.

Sköpunarsmiðjur

Í sköpunarsmiðjum í 1. bekk fengu nemendur tækifæri til að uppgötva og nýta hæfileika sína í fjölbreyttum viðfangsefnum. Smíðjuverkefnið auka færni þeirra í sjálfstæðri vinnu og tækifæri til að nýta hugmyndaflugið. Mistök eru mikilvægur þáttur í sköpunarferlinu. Þegar við vinnum með hugmyndir, þurfum við að endurgera og prófa aftur og aftur. Við lærum að vinna í hóp, biðja um aðstoð og vera tilbúin að aðstoða aðra. Sköpunarsmiðjur þjálfa ferlið frá því að vinna með hugmynd á blaði og nýta allskonar efnivið í búa hana til.

Sköpunarsmiðjur:

- Gera óhlutbundin fyrirbæri áþreifanleg og sjónrænna.
- Virkja gagnrýna hugsun, lausnaleit, samvinnu og hæfni til ákvarðanatöku.



### Samfélags og náttúrufræðismiðja

Nemendur í 2. bekk fóru í samfélagsfræðismiðu. Í þeirri smiðju var notast við kennsluaðferðina söguaðferðin og áhersla lögð á grenndarkennslu. Nemendur bjuggu til sína eigin götu og í götunni mátti finna alls konar fólk, byggingar, dýr o.fl. Lögð var áhersla á að nemendur gætu rætt um samfélag, tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi og að þeir gætu sýnt samnemendum sínum virðingu í samskiptum og samvinnu.

Nemendur í 3. bekk fóru í samfélagsfræði og náttúrufræðismiðju. Krakkarnir gerðu verkefni um hverfið sitt. Kennsluaðferðin sem var notuð er söguaðferðin. Hæfniviðmið: Geta rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi. Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi og sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Í náttúrufræði lærðu þau um hafið og íslenska fiska. Þau lærðu hvernig plast hefur neikvæð áhrif á lífríki hafsins og gerðu verkefni sem speglar þá sýn.



### Upplýsinga- og tæknimennt

Í UT hjá 4. bekk voru unnin fjölbreytt verkefni í iPad þar sem nemendur juku þekkingu og færni í að skapa, afla upplýsinga og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Nemendur unnu með öpp eins og Book Creator, Freeform og PuppetPals þar sem unnið var með ritun og söguggerð. Unnið var með kynningu á forritun í appinu Osmo. Farið var í kynningu á handritagerð fyrir stuttmynd sem unnin var í iMovie og unnin stutt frétt þar sem notast var við Green Screen appið.

Í UT smiðju í 7.-9. bekk í vetur var áherslan á færni til framtíðar. Grunnstef kennslunnar var tvíþætt. Annarsvegar fingrasetning og færni í hraðritun og svo kunnátta í notkun algengustu skrifstofuforrita innan Google (Docs, Slides, Sheets, Gmail).

Einnig fengu nemendur fjölbreyttar kynningar á tæknitengdu efni, s.s. forritun, öryggi og námi gegnum leik. Verkefnavinna og fyrirlagnir fóru fram í gegnum Google Classroom og höfðu nemendur aðgang fyrst og fremst að Chromebook og svo spjaldtölvum, tækjum og tólum eftir efnistöfum hverju sinni.

### Tónmennt

Þetta skólaár voru tónlistarstefnur í hávegum hafðar. Lögð var áhersla á popp tónlist, hip hop tónlist og rokk. Aðrar stefnur sem var farið grynna í voru blús, reggí og kántrí tónlist. Grafið var djúpt í stefnurnar þrjár, lært um uppruna tónlistarinnar brautryðjendur og þróun tónlistar með árunum. Út frá þeim tímum unnu þau verkefni þar sem þau gerðu verkefni í Canva um tónlistar menn tengda stefnunni og völdu sér tónlistarstefnu til að gera kynningu um. Önnur verkefni voru skrif um bíómyndir sem tengdust tónlistarstefnunni, til að mynda Bohemian Rhapsody og Walk the line. Einnig voru verkefni í formi spurningaleiksins Kahoot.

Í tónlist var einnig kennd grunnþekking í tónfræðum þar sem var farið yfir þekkingu á hljóðfærum, nótum og öðrum tónlistar tengdum hugtökum.

Í 7.-9. bekk nýttum við einnig krafta tónlistar í verkefninu Eldur, ís og mjúkur mosi sem var sameiginlegt verkefni milli list- og verkgreina. Lagið Hjarta Vatnajökuls varð til þar sem var notast við tak eftir Bjarka Hallbergsson, búkhljóð nemenda og raddir. Textinn var samið af nemendum í 8. bekk undir leiðsögn kennara og einnig flutt af þeim. Lagið var tekið upp í upptökuveri hjá tónlistarkonunni Sóley í Hafnarhúsinu og ómaði afurðin á opnun listasýningu í Perlunni. Lagið var frumflutt á Rás 2 sama dag og sýning var þann 23. apríl.

*Í Hjarta Vatnajökuls þar er ósögð saga,  
Eldur, ís og mjúkur mosi svip lands laga.  
Þar sem jöklar mæta eld og víðum hraunvöllum,  
flökkusögur urðu til um Eyvind og Höllu.*

*Undir ísnum liggja þarna minjarnar margar,  
Stjörnubjartur himininn og norðurljósa bjarmar.  
Fjalla Bensi ráfaði um og leitaði af fé,  
Með smala hundinn Leó þakinn snjó uppá hné.*

*Undir jökulhettunni eldfjöllin vakna,  
Gosið bræðir ísinn og logarnir dansa.  
Fyrir norðan ógnvænleg Ódáðahraun,  
Að fara þar um er mesta manndómsraun.*

## Skólaíþróttir

Íþróttatímarnir fóru fram yfir veturinn í þreksalnum í Miðgarði og einstak sinnum í stóra salnum (knaþhúsinu). Útikennsla íþróttar fór fram í Vinagarði og í nær umhverfi skólans, í byrjun og í lok skólaárs. Áherslan var á leiki og léttari æfingar. Nemendum var skipt í hópa eftir aldri og allir fengu verkefni við hæfi. Nemendur fengu að kynnst margvíslegum íþróttagreinum. Mikið var um stöðvabjálfun þar sem nemendur fengust við fjölbreytt verkefni sem efldu hreyfifærni. Nemendur fóru í ýmsa leiki og gerðu fjölbreyttar æfingar.

Í september var Ólympíuhlaup ÍSí haldið, þar er hlaupið hringinn í kringum Urriðavatn. Mörg börn hlupu fleiri en einn hring og var þátttaka foreldra og starfsmann frábær. Haldið var í enda febrúar upp á blak viku í samstarfi við Blakssamband Íslands, farið var vel yfir undirstöðuatriði í blaki og spilað var blak, krakkablað fyrir þau yngri. Núna í apríl fór skólinn að skauta í Egilshöll og var það gert í íþróttatímum. Ferðin gekk vel að mestu og var almenn ánægja með ferðina. Í maí var ákveðið að hafa hjólatíma í íþróttum. Þar var íþróttatímanum skipt í tvennt og fóru krakkarnir í þrautabraut og hjólaþíma í Vinagarði, þar voru þau undir handleiðslu nemandar í 7. og 8. bekk. Einnig var farið yfir hjálm, bremsur, keðjur og dekkjaþrýsting við anddyri skólans.

Núna í enda skólaársins kom Golfklúbburinn Oddur til okkar og var með kynningu fyrir 3.-6. bekk, þetta var annað árið í röð sem þau koma og vekur það mikla lukku. Einnig kom Karatedeild Stjörnunnar í annað skiptið og kynnti sína starfsemi fyrir nemendum í öllum árgöngum, heimsókn karatedeildarinnar er alltaf mjög vinsæl þar sem þau fá að sparka eða kýla í púða sem kennara og þjálfari halda á.

Sundkennsla fór fram einu sinni í viku allt skólaárið hjá 3. til 9. bekkjar. Fyrsti og annar bekkur var kennt í 7 vikna lotum. Fyrsti bekkur fékk tvisvar sinnum í viku en annar bekkur einu sinni í viku. Kennt var í Álftaneslaug. Áherslan í fyrsta og öðrum bekk var að læra að vera ekki hrædd við vatn í gegnum allskonar leik og að ná grunn þekkingu í skrið- og baksundi. Mikil áhersla var lögð á vatnsaðlögun og leiki til þess að undirbúa þau undir helstu grunnþætti allra sundaðferða. Áhersla var lögð á að auka við grunnþekkingu 3.-9. bekk í skriðsundi, bringusundi, baksundi, skólabaksundi og björgunarsundi (3.-5. fékk kynningu á björgunarsundi).

## Stoðþjónusta – leik- og grunnskóla

Stöðugildi	Starfsmenn	Starfstími/hlutfall
Sérkennslustjóri	Guðbjörg Vilhjálmsdóttir	
Sérkennslustjóri leikskóla	Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir	ágúst – júlí, 100%
Atferlisfræðingur	Eyrún Kristín Eyjólfsdóttir	ágúst – júlí, 100%
Atferlisfræðingur	Snædís Ósk Jóhannsdóttir	ágúst – júlí, 100%
Sérkennari	Halldóra Halldórsdóttir	ágúst – júlí, 100%
Sérkennari	Ásdís Halla Sigríðardóttir	ágúst - júlí, 100%
Sérkennari	Sigurður Daníel Kristjánsson	ágúst – mars, 100%
Proskapjálfi	Selma Ramdani	ágúst- júlí, 100%
Proskapjálfi	Kristín Ösp Sigurðardóttir	ágúst – júlí, 100%
Skólafélagsráðgjafi	Þóra Árnadóttir	ágúst - júlí, 100%

Á leikskólastigi voru samtals 6,4 stöðugildi í stuðningi á heimasvæðum. Veturinn 2023-2024 var áframhaldið vinnu í betri útfærslu stuðnings barna innan heimasvæða með það að markmiði að færast frá hugsuninni einn stuðningur á barn. Vinna við að hugsa stuðninginn til framtíðar sem stuðning inn á heimasvæðið í heild. Fólst framkvæmd og eftirfylgni þeirrar vinnu, í breyttu fyrirkomulagi með öflugri fræðslu, stuðningi og eftirfylgni fagaðila stoðþjónustu með stuðningi inn á deildarfundum og í raunaðstæðum. Áframhaldandi aðlögun stuðnings eftir áherslum og þörfum hvers barns í samráði við sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra og heimasvæðastjóra í ólíkum stöðugildum.

Komu starfsmenn stoðþjónustu á grunnskólastigi að mati og íhlutun þriggja barna yfir veturinn. Voru þar í föstum þjálfunarstundum ákveðinn hluta dagsins, en þjálfunarstundir voru ákveðnar í kjölfar áhorfs og mats fagaðila í samráði við sérkennslustjóra og heimasvæðastjóra. Var eitt barn með sér heimasvæði, aðlagð að þörfum þess. Stuðningur við annað barn var helmingur vistunartímans, þjálfun í þyngri stundum dagsins þar sem stutt var samhliða við deild í fræðslu, yfirfærslu og eftirfylgni. Í tilfelli

og aðkomu þriðja barnsins, var stuðst við mat, fræðslu og ráðgjöf nema í hagnýtri atferlisgreiningu, til starfsfólks inn á heimasvæði.

Á grunnskólastigi störfuðu 14 stuðningsfulltrúar sem skiptu á milli sín átta stöðugildum. Stuðningurinn nýttist nemendum í öllum árgöngum og í öllum skólaaðstæðum. Á haustönn var prófað að festa stuðningfulltrúa ákveðnum heimasvæðum til að styðja við teymiskennslu, laga upplýsingaflæði og til á ná betri stöðugleika. Breytingarnar höfðu jákvæð áhrif og var ánægja bæði hjá grunnskólakennurum og stuðningsfulltrúunum.

Stoðþjónustan skiptist í kennslu einstaklinga eða hópa, kennslu nemenda með annað móðurmál, handleiðslu til starfsfólks, fræðslu, stuðning og athugun á heimasvæði, ráðgjöf og eftirfylgni með íhlutunum. Áhersla er lögð á að nota stigskiptar aðferðir til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Úrræði og matstæki miða að vanda, þroska og getu nemenda.

Starfmenn stoðþjónustu voru ýmist á báðum skólastigum eða öðru þeirra. Vinna með nemendum fór ýmist fram inn á heimasvæðum eða í rýmum á skrifstofugangi. Tveir nemendur voru með sér heimasvæði sem aðlagð var að þeirra þörfum og unnið að aðlögun þeirra inn í námshópa og flóknari skólaaðstæður.

Á skólaárinu komu nemar í hagnýtri atferlisgreiningu frá Háskóla Íslands á tímabilinu september fram í maí, tveir til þrír nemar voru hverju sinni í sex til átta vikur í senn. Nemarnir unnu undir handleiðslu Unu Guðrúnar Einarsdóttur og Eyrúnar Kristínar Eyjólfsdóttur. Nemarnir voru í flestum tilvikum með einstaklingskennslu eða litla hópa og komu mest að lestrar og stærðfræðikennslu og beinum athugunum inni á heimasvæðum. Á skólaárinu komu einnig nemar í iðjuþjálfun frá Háskólanum á Akureyri á tímabilinu október til mars. Einn nemi í senn, átta vikur á haustönn og 10 vikur á vorönn. Nemarnir voru undir handleiðslu Þorgerðar Kristínar Guðmundsdóttur, sérkennslustjóra og iðjuþjálfara. Voru nemar jafnt með einstaklingsþjálfun sem hópaþjálfun vegna grófhreyfinga, fínhreyfinga, skriftarþjálfunar og félagsfærni. Fór þjálfun fram jafnt á leikskólastigi sem grunnskólastigi.

## Tilvísanir, samráðs- og nemendaverndarráðsfundir

Skólinn hefur gott aðgengi að sérfræðiþjónustu skóladeildar. Sérfræðiþjónustan samanstendur af talmeinafræðingi, sálfræðingi, sérkennslufulltrúa leikskóla og félagsráðgjafa. Sátu fulltrúar sérfræðiþjónustu nemendaverndarráðsfundi grunnskóla og samráðsfundi leikskóla yfir skólaárið (sjá töflu 1). Á nemendaverndarráðsfundi mætti einnig skólahjúkrunarfræðingur. Á fundunum var ákveðið í hvaða farveg mál nemenda ættu að fara. Má sjá í töflu 1 fjölda beiðna sem sendar voru. Var málum á hvoru skólastigi skilað eða þau sett í farveg, til talmeinafræðings og sálfræðings.

### Tafla 1.

*Fjöldi tilvísana til sálfræðings eða talmeinafræðings vegna nemenda við Urriðaholtsskóla og funda nemendaráðs og stoðþjónustufundir.*

	Leikskólastig	Grunnskólastig
Sálfræðingur	2	12
Talmeinafræðingur	11	9
Nemendaverndarráðsfundir	0	6
Samráðfundir leikskóla	5	0
Samtals	18	27

Skilafundir voru haldnir í kjölfar mats sérfræðinga, ýmist rafrænt eða í Urriðaholtsskóla. Voru þeir boðaðir á fund sem að barninu koma í skóla og heima fyrir: foreldrar, sérkennari, heimasvæðisstjóri og umsjónarkennari. Talmeinafræðingur á leikskólastigi, Kristín Theódóra Þórarinsdóttir, var með fasta viðveru aðra hverja viku. Berglind Bjarnadóttir talmeinafræðingur var ráðin inn sem verktaki og sinnti greiningum og ráðgjöf á grunnskólastigi og kom inn í skólann eftir þörfum. Kristín Eva Rögnvaldsdóttir skólasálfræðingur sá um bæði skólastig og kom inn í mál eins og þörf var á, sá um athuganir (sjá töflu 1) og ráðgjöf. Hildur Ýr Hvanndal skólahjúkrunarfræðingur var í húsi fjóra morgna í viku og sá um heilsuvernd nemenda grunnskóla. Allir sérfræðingar sem koma að skólanum sitja reglulega fundi vegna nemendamála sem þeir koma að og teymisfundir. Hvert teymi er sett saman út frá þörfum hvers nemanda.

Í fjórum tilvikum á leikskólastigi var beðið um stuðningstíma fyrir nemendur og í sex tilvikum beðið um endurnýjun en það var gert eftir ráðfæringar við sérfræðinga á samráðsfundi. Á grunnskólastigi var veittur auka stuðningur beint inn í námshópa t.d. með færnimiðuðum hópum í lestri, stærðfræði og félagsfærniþjálfun. Hjá nemendum sem fá stuðningstíma á leikskólastigi og nemendum á grunnskólastigi sem fá stuðning eru haldnir reglulegir teymisfundir (á 6-12 vikna fresti) þar sem farið er yfir einstaklingsáætlun og markmið. Fundinn sitja þeir sem tilheyra teymi nemandans og er það ólíkt eftir þörfum þeirra hverjir það eru.

Samráðsfundir stoðþjónustu Urriðaholtsskóla voru haldnir að jafnaði aðra hverju viku yfir skólaárið. Sérkennslustjórar mæta á vikulega fundi heimasvæðisstjóra og fundi grunnskólakennara eftir þörfum og koma með mál inn á þá fundi.

Samráðsfundir sérkennslustjóra leikskóla með deildarstjórum hvers heimasvæðis voru að öllu jöfnu aðra hverja viku, oftast ef þörf var á. Samráðsfundir með stuðningsfulltrúum sem tóku að sér þjálfunarstundir barna með sérkennslustuðning, voru einnig á tveggja vikna fresti.

## Helstu verkefni og áherslur eftir skólastigum

Sjá má aðkomu stoðþjónustu í stærðfræði- og íslenskukennslu á grunnskólastigi í umfjöllun grunnskólastigs. Stoðþjónusta og umsjónarkennarar sáu um að aðlaga námsefni á grunnskólastigi þegar þörf var á ýmist í sitthvoru lagi eða í samstarfi í gegnum sín teymi.

Sjö nemendur á grunnskólastigi þurfa 100% stuðning náms-, félags- og hegðunarlega. Þeir eru allir með sérsniðna stundaskrá sem hentar hverjum og einum, ólíkt er þeirra á milli hversu mikið þeir eru á sínu heimasvæði. Þeim var kennt samkvæmt einstaklingsáætlun að hluta eða öllu leiti og byggði námsmat þeirra á því. Námsmarkmið eru bæði hóp- og einstaklingsmiðuð.

## Skólafélagsráðgjöf

Á skólaárinu 2023-2024 var í fyrsta skipti starfandi skólafélagsráðgjafi í Urriðaholtsskóla. Skólafélagsráðgjafi er málsvari nemenda og veitir þeim stuðning og aðstoð vegna félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta. Hann veitir foreldrum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning vegna mála sem snúa að nemendum og geta hindrað að þeir njóti sín í námi og í félagslegum samskiptum. Skólafélagsráðgjafi er hluti af stoðþjónustu og situr í forvarnarráði, nemendaverndarráði og í eineltis- og áfallateymi skólans. Hann hefur sérþekkingu umfram aðrar starfsstéttir á barnaverndarlögum og úrræðum samfélagsins og er tengiliður skólans við barnavernd og félagsþjónustu.

Skólafélagsráðgjafi tók alls um 500 viðtöl við rúmlega 140 börn. Hlutfall drengja og stúlkna var jafnt. Í viðtölum var einna helst unnið með samskiptamál, líkamlega- og andlega vanlíðan og sjálfstyrkingu.

Börn leituðu bæði sjálf til skólafélagsráðgjafa og/eða komu í kjölfar þess að foreldrar eða umsjónakennarar óskuðu eftir aðkomu skólafélagsráðgjafa.

Skólafélagsráðgjafi er tengiliður skólans við farsæld barna innan og utan skólans og heldur utan um innleiðingu. Ný lög um farsæld barna eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þjónustu og að þau fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Á næsta skólaári er stefnt að því að fjölga málum í þjónustu í þágu farsældar barna.

Í ljósi stækkandi skóla, fjölbreytileika nemendahópsins og fjölda mála nú þegar er mikilvægt að skólafélagsráðgjafi sé áfram starfandi við skólann. Á næsta skólaári verða því bæði skólafélagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi starfandi við skólann sem munu í samstarfi vinna að bættum hag nemenda.

## Leikskólastig

### Málörvun, tilfinninga- og hegðunarvandi og félagsfærni

Málörvunarhópur var starfræktur einu sinni á dag á yngsta aldurstigi leikskóla fyrir tví- og fjöltýngd börn yngstu heimasvæða.

Á elsta aldurstigi leikskóla var á haustdögum gerð HLJÓM-2 skimun sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna. Í kjölfar þeirrar skimunar voru málörvunarhópar skipulagðir fyrir þau börn sem skoruðu undir meðaltali á HLJÓM-2. Þjálfunarstundir fóru fram þrisvar til fjórum sinnum í viku innan deildanna þriggja á haustönn. Sá sérkennari að öllu leyti um framkvæmd og eftirfylgni þeirra málörvunarhópa. Á vorönn hélt sérkennari utan um þjálfunarstundir málörvunar þeirra barna sem enn skoruðu undir meðaltali á HLJÓM-2 á elsta aldurstigi leikskóla. Var sérkennari einnig stuðningur við málörvunarstundir á næstýngsta aldurstigi leikskóla, með áherslu á undirþætti hljóðkerfisvitundar.

Unnið var að betrumbætingu og aðlögun einstaklingsáætlana leikskólastigs í ljósi fjölmenningarlegs starfsmannaumhverfis sem við einstaklingsnámskrár barna styðjast. Fólst breytingin aðallega í ítarlegri skrefum og myndum til stuðnings textanum til að styðja við skilning og gera lesturinn aðgengilegri.

Tveir þroskaþjálfar og tveir atferlisfræðingar veittu ráðgjöf inn á leikskólann og komu að þjálfun tveggja barna nokkur skipti í viku yfir veturinn. Þar var áhersla lögð á félagsfærni, fínhyfingar og málörvun. Unnið var í góðri teymisvinnu með sérkennslustjóra, deildarstjóra og starfsmönnum deildar þar sem unnið var saman að dagsskipulagi fyrir börnin.

### Grunnskólastig

#### Félagsfærni

Markviss kennsla í félagsfærni fór fram á yngsta-, mið- og unglíngastigi. Notast var við efni frá KVAN á yngsta stigi og PEERS á mið- og unglíngastigi. Nemendum var boðin þátttaka og gáfu foreldrar undirritað leyfi.

#### Yngsta stig

Þroskaþjálfar héldu utan um einstaklingsáætlanir fyrir fjóra nemendur í grunnskólanum. Í þeim er lögð áhersla á að mæta hverjum og einum nemenda þar sem hann er staddur. Áætlanirnar eru lifandi plagg sem taka stöðugum breytingum í takt við þarfir hvers og eins. Nemendur hafa áhrif á sína áætlun, áhugasvið þeirra kemur inn í hana og meðal annars unnið að markmiðum sem þau setja sér. Áhersla hefur verið á að auka úthald nemenda og hefur verið unnið að því með því að vinna í styttri lotum sem hafa verið lengdar þegar nemendur eru tilbúnir ásamt þásum meðal annars með pásuspjöldum. Félagsfærnisögur og hvatningabækur voru notaðar til þess að virkja nemendur í kennslustundum og

verkefnavinnu. Lagt áherslu á þjálfun inni á svæði nemenda og nutu því fleiri nemendur góðs af því. Gott samstarf var á milli heimilis og skóla og voru reglulegir teymisfundir fyrir ákveðna nemendur.

Í vetur voru þroskaþjálfar með félagsfærni námskeið byggt á námsefni frá KVAN fyrir sex nemendur á yngsta stigi. Farið var í leiðtoga- og vináttuþjálfun með hinum ýmsu æfingum og leikjum.

### Mið- og unglíngastig

PEERS námskeið í félagsfærni var haldið á hvorri önn í umsjón sérkennara með diplóma í hagnýtri atferlisgreiningu og þroskaþjálfu. Námskeiðin voru haldin einu sinni í viku í 90 mínútur í senn. 12 nemendur luku námskeiði og þrír höfnuðu þátttöku. Á námskeiðinu fengu nemendur markvissa þjálfun í félagsfærni t.d. hvernig maður eignast vini og hvernig efla má félagslegt sjálfstæði barnsins. Foreldrar fengu tölvupóst í hverri viku þar sem viðfangsefni og verkefni vikunnar eru kynnt ásamt leiðbeiningum.

Á námskeiðunum var notast var við beinar leiðbeiningar, samræður, hlutverkaleiki, myndbönd og heimaverkefni.

Einnig fór fram vinna með 7. bekk stúlkum þar sem unnið var með samfélagsmiðla, sjálfsmynd, samskipti og hópefli. Tímarnir voru kenndir einu sinni í viku 90 mínútur í senn og voru þeir í umsjón sérkennara með diplóma í hagnýtri atferlisgreiningu og þroskaþjálfu. Á námskeiðinu var notast við samræður, myndbönd, hlutverkaleiki og beinar leiðbeiningar.

Önnur félagsfærniþjálfun var í höndum skólastjórnenda og voru viðbrögð atvikamiðuð eftir vanda nemenda, notast var til dæmis við inn og út stimplun, samtöl og félagsfærnisögur. Nemendur komu einnig til stjórnenda í samtöl þar sem verið var að fylgja eftir og styðja við líðan og námsástundun nemanda til dæmis með samtölum eða til að læra í einrúmi.

### Nemendur með íslensku sem annað móðurmál og virkt tví/fjöltyngi

Í töflu 2 nemendur Urriðaholtsskóla sem eru með íslensku sem annað móðurmál.

Grunnskólastig	28
Leikskólastig	9
Samtals	37

Allir nemendur á leikskólastigi sem eru með annað móðurmál en íslensku fá *Tákn með tali orðabók* sem fer á milli heimilis og skóla. Bókin er líka notuð fyrir tvítyngd börn með lítinn orðaforða. Unnið er með orðin heima og í skólanum og eru þau þjálfuð nokkrum sinnum yfir daginn á skólatíma. Gerð er einstaklingsáætlun og fer bókin á milli heimilis og skóla.

Í framhaldi fara eldri nemendur á leikskólastigi og grunnskólabörn í námsefnið *Tölum saman, Lubbi og Orðagull* til að styrkja orðaforða, íslensku máhljóðin, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu.

Allir nemendur á grunnskólastigi sem eru með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í íslensku. Þau eru í færni miðuðum hópum og áhersla er lögð á talað mál og orðaforða en um leið fara þau í fimipþjálfun. Áhersla á að kenna þeim íslenska stafrófið sem og hljóð við tákn. Yngri nemendur voru áhugasamari um að læra íslensku og tileinka sér hana sem talmál og þar gegndi frístund lykilhlutverki

þar sem nemendur fengu tækifæri til að nýta íslensku í leik með jafnöldrum en börn á miðstigi og eldri sóttu minna þess háttar aðstæður eins og félagsmiðstöð.

### Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2024 - 2025

- Vinna áfram að nákvæmari skráningum í þjálfunarstundum til að fá betri yfirsýn um framkvæmd og eftirfylgni ráðgjafar.
- Mikilvægt að skerpa á og vinna áfram með væntingar á öllum svæðum, bæði fyrir starfsmenn og nemendur. Kenna þarf væntingar í upphafi skólaárs, þeim þarf svo að viðhalda út skólaárið með þjálfun og samkvæmni á milli svæða og starfsmanna.
- Fylgjast þarf með því hvernig börnum með íslensku sem annað tungumál gengur á sínu móðurmáli og mæta þeim með markvissari hætti. Verkferillinn þarf að vera skýrari við móttöku þessara nemenda.
- Halda áfram að auka fagþekkingu starfsmanna í húsinu með því að kalla til starfsmenn stoðþjónustu í þeim málum sem þurfa þykir hvort sem um ræðir vegna nemenda- eða starfsmannamála.
- Vinna að innleiðingu farsældarlaga í samráði við aðra fagaðila. Innleiða verklag til að meta þjónustuþörfina og bregðast svo við í samræmi við niðurstöðu.
- Stuðningsþarfir nemenda metnar reglulega yfir skólaárið.

## Ársskýrsla frístundaheimilisins Urriðakots

### Starfsfólk

Íris Ósk Ingadóttir sinnti starfi umsjónarmaður frístundaheimilisins Urriðakot og Helgi Hrafn Þorsteinsson sinnti starfi aðstoðar umsjónarmaður frístundaheimilisins Urriðakot í 50% starfi. Í byrjun skólaárs voru annað starfsfólk 20 og þar af 7 nýtt starfsfólk sem ekki hafði reynt af starfi í frístundaheimili. 31 starfsfólk störfuðu í Urriðakoti yfir skólaárið. Þar af voru 20 starfsfólk í öðrum störfum innan skólans. Í lok skólaárs var 21 starfsmaður starfandi í Urriðakoti.

### Skráðir nemendur

Alls voru 183 nemendur skráðir í Urriðakot. Hópurinn skiptist eins og hér segir: 54 úr 1.bekk, 58 úr 2.bekk, 39 úr 3.bekk, 32 úr 4.bekk. Þegar skólaárið byrjaði komust ekki allir að sem vildu vegna þess að við vorum ekki nógu vel mönnum. Frá og með 27. september 2023 voru allir nemendur komnir með skráningu.

### Húsnæði

Á haustönn samnýtti Urriðakot heimasvæði með 1.,5.-7. bekk grunnskólastigs, heimasvæðin Hnjúka, Holt og Hamar. Urriðakot setti upp færanlega móttöku á Hnjúkum þar sem valtafla var sett upp og svo voru hin svæðin nýtt í valsæði. 4.bekkur var með eitt herbergi sér fyrir sig og gat sett það upp eftir sínum þörfum.

Í janúar 2024 tók Urriðakot við heimasvæðinu Holt og var þá starfsemin komin með sér svæði sem var nýtt aðeins fyrir frístund út skólaárið. Urriðakot nýtti einnig önnur svæði í skólanum eftir þörfum og afþreyingu hverju sinni.

## Starfið skólaárið 2022-2023

### Sumarvika frístundaheimilanna fyrir 1. bekk

Starf Urriðakots byrjaði 14. ágúst þar sem verðandi 1. bekkjar nemendum bauðst að hefja dvöl í frístundaheimili grunnskóla síns viku fyrir skólasetningu. Með þessu móti gefst nemendum færi á að kynnst skólanum sínum og verða örugg í nýju umhverfi.

Þessa viku kusum við í Urriðakoti að kalla Frístundaskóla þar sem við æfðum okkur að vera komin í grunnskóla, lærðum þær væntingar sem eru gerðar til okkar, lærðum á umhverfið og æfðum okkur í félagsfærni.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Helgi	Mánudagur	Þriðjudagur
8:30-9:30	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur		Íslenska og lestur	Íslenska og lestur
9:30-9:45	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti		Nesti	Nesti
9:45-10:05	F	R	Í	M	Ó		F	R
10:05-11:35	Skoðunarferð um skólan og hópefli	Lífsleikni	Lífsleikni	Íþróttir í Miðgarði	Lífsleikni		Lífsleikni	Lífsleikni - útskrift úr frístundaskóla
11:35-11:55	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur		Hádegismatur	Hádegismatur
11:55-12:25	F	R	Í	M	Ó		F	R
12:25-13:55	Lífsleikni	Gönguferð um Urriðaholt	Göngu- og lautarferð í Heiðmörk	Lífsleikni	Búningaball í tónmennt		Sundferð í Álfaneslaug	Dótadagur - frjáls leikur
13:25-13:45	F	R	Í	M	Ó		F	R
13:45-14:00	Sídegishressing	Sídegishressing	Sídegishressing	Sídegishressing	Sídegishressing		Sídegishressing	Sídegishressing
14:00-16:00	Frjáls leikur	Kynnumst valtöflunni Frjáls VAL	Frjálst VAL	Frjálst VAL	Frjálst VAL		Frjálst VAL	Frjálst VAL
16:00-16:30	Frágangur	Frágangur	Frágangur	Frágangur	Frágangur		Frágangur	Frágangur

Íslenska og lestur: Í frístundaskólanum byrjuðum við að æfa okkur að sitja í kennslustund. Lásum saman sögur, æfðum okkur að skrifa, æfðum okkur að telja og lögðum grunn fyrir heimalestur.

Lífsleikni: Við gerðum æfingar og fórum í leiki með því markmiði að efla félagsfærni. Við æfðum okkur að skilgreina okkur til að efla sjálfsvitundina, ákveðum hvernig samskipti við viljum hafa í skólanum okkar og í gegnum leik þjálfuðum við okkur í að vera góðir vinir.

Val: Við kynntumst valkerfinu og hvernig það fer fram í frístundaheimilinu. Með valkerfinu æfum við okkur að bera ábyrgð á okkur sjálfum með því að sýna á valtöflunni hvar við erum hverju sinni.

Væntingar: Í Urriðaholtsskóla eru skýrar væntingar til allra í skólanum. Með hjálp Vörðunnar lærðum við væntingarnar og æfðum okkur.

Umhverfið: Með skoðunarferðum og leikjum kynntumst við og lærðum á umhverfið okkar. Að þekkja umhverfið okkar veitir okkur öryggi og hjálpar okkur að vera sjálfstæð. Við kynntumst skólahúsnæðinu, hverfinu okkar og náttúru.



Var þessi uppsetning á sumarviku 1.bekkjaraðruvísi en hefur verið árum áður. Ákváðum við að breyta frá fyrra formi til að vinna markvissara að markmiðum vikunnar að aðlaga nemendur 1.bekkjara inn í grunnskólastig. Ásamt því að vera betur undirbúin til að taka á móti þeim inn í skólaárið.

Voru forsjáraðila beðnir að gefa umsögn eftir vikuna og sýndu niðurstöður ánægju forsjáraðilar. Forsjáraðilar upplifðu öryggi í breytingu hjá barninu sínu að vera skipta á milli skólastiga, börnin sýndu að þeim liði vel í frístundaskólanum, höfðu gaman og öryggi barnanna eflist til að fara í gegnum þessa breytingu.

### Dagskipulagið vetrarins

#### 1.-2. bekkur:

13:25 Urriðakot opnar  
-starfsfólk tekur á móti nemendum á heimasvæði

13:25 Útivera

14:00/14:15 Hressing

14:15/14:30 Val og klúbbastarf

15:45 Frágangur

16:00-16:30 Róleg stund

16:30 Urriðakot lokar

#### 3.-4.bekkur:

13:25 Urriðakot opnar  
-starfsfólk tekur á móti nemendum á heimasvæði

13:25 Hressing

13:40 Val og klúbbastarf

15:45 Frágangur

16:00-16:30 Róleg stund

16:30 Urriðakot lokar

Nemendur í 3. og 4. bekk voru með sér dagskipulag. Nemendur þessara árganga kalla oftast eftir þróun í frístundastarfinu sínu með vaxandi aldri. Þroskamunur á milli nemenda í 1.-4. bekk getur verið þó nokkur og þurfa því að vera mismunandi áherslur í frístundastarfinu á milli aldurs hópa. Með því að hafa sér dagskipulag og húsnæði fyrir 1. og 2. bekk og svo 3. og 4. bekk fengum við tækifæri til að hafa aðrar áherslur í frístundastarfinu á milli hópa.

### Klúbbastarf

Klúbbastarf í frístundaheimilum getur verið frábær aðferð til að auka fjölbreytni í afþreyingu og aukið fagstarf frístundaheimilisins. Munur á klúbbastarfi og frjálsum leik í frístundaheimilum er að frjáls leikur býður upp á óformlegt nám alfarið stýrt að gjörðum þátttakanda. Klúbbastarf fer fram hálfformlegt nám þar sem aðstæður eru stýrðar af starfsfólki. Þannig er hægt að nýta klúbbastarf til að leyfa nemendur að læra nýja afþreyingu og þjálfu upp færni eins og til dæmis félagfærni. Klúbbastarf krefst meiri undirbúnings af hálfu starfsfólks og oftast þarf klúbbur að vera í meira en eitt skipti svo markmið klúbbsins náist.

Í byrjun skólaárs bjuggum við vel af klúbbum fyrra skólaárs sem gátu því byrjað strax. Listaklúbbur og vísindaklúbbur voru vinsælir og voru einu sinni í viku yfir allt skólaárið. Vegna vinsælda þessara klúbba munum við horfa til þess næsta skólaárs að hafa þá oftár í viku. Framan af skólaárs var ekki fjölgun á klúbbum þar sem aðlögun að nýjum rýmum og flutningur á milli rýma tók sinn toll af starfinu. Eftir flutninga mótuðust tveir nýir klúbbar, spjaldklúbbur og útivistarklúbbur.


Klúbbastarf helst í hendur við áhuga og vilja starfsfólks Urriðakots hverju sinni. Til að halda uppi klúbbastarfi þarf tíma til undirbúnings sem er af skornum skammti í starfi frístundaheimila. Klúbbastarf hefur án vafa aukið fjölbreytileika í afþreyingu í Urriðakoti en tækifærin með klúbbastarfi eru alls ekki

fullnýtt. Sjáum við tækifæri í því að efla fagleika starfs Urriðakots og nýta klúbbastarf til dæmis til að efla vináttufærni, veita börnum verkfæri gegn kvíða og vinna með hegðunarvanda. Þegar horft er til næstu starfsára og þróun frístundastarfs í Urriðakoti eru þetta tækifæri sem við viljum efla.

### Barnalýðræði


Barnalýðræði er eitthvað sem við viljum að sé undirstaða starfsins í Urriðakoti og lögðum við inn nýjar aðferðir í ár til að móta starfið meira að vilja barnanna. Með lýðræðislegum aðferðum viljum við kenna og þjálfa börnin í að tjá skoðanir sínar, leyfa börnunum að finna hvernig þau stjórna eigin lífi og umhverfinu sínu. Með því að veita börnunum stjórn á eigin frítíma viljum við að þeim líði vel og njóti frítíma síns í Urriðakoti.

Aðferðirnar sem við lögðum inn voru kosningar og barnalýðræðisdagur. Kosningar voru framkvæmdar nokkrum sinnum en þær nýttum við til að leyfa börnunum að stjórna hvað væri í boði í síðdegishressingu.



Barnalýðræðisdagur er dagur sem við höldum tvisvar á árinu. Ferlið fól í sér að í Urriðakoti var haldinn fundur fyrir þau börn sem höfðu áhuga. Á fundinum fór fram hugmyndavinna sem endaði á kosningu á milli hugmynda og þær hugmyndir sem unnu kosningarnar var raðað niður í dagskrá. Þessi dagskrá var svo framkvæmd af starfsfólki viku seinna.

Voru þessar aðferðir til að auka barnalýðræðis í Urriðakoti vel heppnaðar að okkar mati þar sem tíminn leiddi í ljós að börnin óskuðu eftir þessum liðum í starfinu þegar leið langt á milli. Þau fundu að þessar leiðir gáfu þeim vald til að stýra starfinu. Munum við nýta þessar aðferðir áfram og viljum við festa þær í mánaðarlegu starfi okkar. Sjáum við tækifæri í að þróa aðferðirnar áfram í að láta börnin vera virkari þátttakendur í framkvæmd hugmynda sinn.



## Frístundaakstur

Hluti af daglegu starfi Urriðakots er frístundaakstur. Frístundabíll kom fjórum sinnum eftir hádegi og buðu nemendum far á æfingar. Starfsfólk Urriðakot bar ábyrgð á að koma nemendum í frístundabílinn á réttum tíma eftir skráningu frá forsjáraðilum. Frístundaaksturinn gekk heilt yfir vel. Samskipti við rútufrirtækið gekk vel og var okkar upplifun að nemendur fengu góða þjónustu í bílunum.

## Ýmist samstarf

Frístundaheimilið Urriðakot er í virku og miklu samstarfi við grunnskólastarf Urriðaholtsskóla. Fyrir nemendur okkar teljum við það samstarf mjög mikilvægt til að veita nemendum öruggt og mótandi umhverfi í gegnum allan vinnudag nemandans. Umsjónarmaður sat samráðsfundi með deildarstjórum grunnskólastigs vikulega og teymisfundi nemenda sem voru skráðir í Urriðakot.

Umsjónarmaður var í samstarfi við Háskóla Íslands og vorum við með vettvangsnema úr tómsunda- og félagsmálafræðum hjá okkur í byrjun árs 2024. Gagnlegt var að fá inn nema í starfið með fersk augu á starfsemina. Neminn lagði inn hugmyndir til að auka barnalýðræði í starfinu, lagði grunn af skipulagi húsnæðis Urriðakots og vann forvinnu að innra mati frístundaheimilisins.

Samstarf við forsjáraðila nemenda var virkt í gegnum skólaárið með vikulegum upplýsingapóstum. Umsjónarmaður var hluti af haustfundum sem voru haldnir fyrir alla árganga skólans í byrjun skólaárs. Umsjónarmaður var hluti af kynningafundi fyrir forsjáraðila verðandi 1.bekkinga.

Í Garðabæ eru sex frístundaheimili sem vinna náið saman. Umsjónarmaður hitti aðra umsjónarmenn á fundi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Frístundaheimilin voru með sameiginlega viðburði í jólafríinu, vetrarfríinu og páskafríinu.

## Félagsmiðstöðin Urri

Félagsmiðstöðin Urri er opinn öllum börnum og unglingum í 5.-10. bekk, þriðjudaga og fimmtudaga. Einnig eru föstudags opnanir fyrir 8.-10. bekk annan hvern föstudag.

Urri er opinn öllum unglingum í 8.-10. bekk, mánudaga og miðvikudaga og annan hvern föstudag frá kl 20:00 – 22.00. Það er frjálst að koma og fara hvenær sem er á opnunartímanum. Opið er fyrir 5.-7. bekk frá 17:00 – 19:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og er það auglýst á svæði þeirra og í tölvupósti til foreldra/forráðamanna.

Urri er fékk núna í vor glænýja aðstöðu í nýbyggingu skólans. Starfsmenn Urri og nemendur hafa unnið hörðum höndum að koma upp frábæru rými.

Forstöðumaður Urri er Ragnhildur Jónasdóttir. Starf forstöðumanns felst m.a. í því að halda utan um og bera ábyrgð á allri starfsemi félagsmiðstöðvarinnar, félagsmálavali, stjórn nemendafélags skólans og aðstoða nemendur við undirbúning starfsins. Einnig tekur forstöðumaður að sér verkefni innan skólans eftir þörfum s.s. hópastarf og hópefli. Forstöðumaður heldur utan um og skipuleggur forvarnarmál unglingadeildar ásamt námsráðgjafa. Forstöðumaður tekur að jafnaði þátt í haust-, vetrar og vorferðum 8., 9. og 10. bekkjar. Sjö aðrir hlutastarfsmenn eru í Urri; Ellen Marta Baran, Helgi Hrafn Þorsteinsson, Guðjón Helgi Friðriksson og Júlía Kristine Jónasdóttir, Helena Líf Magnúsdóttir, Sandra Magnúsdóttir og Lilja Rún Sigurðardóttir.

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að styðja við unglinga í gegnum fjölbreytt tómsundastarf. Megin markmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómsundir undir leiðsögn reyndra tómsundaleiðbeinenda. Leiðarljós starfsins er að efla félagsfærni, sjálfsmynd og virkni unglinganna. Unnið er út frá hugmyndafræði barna- og unglingalýðræðis, hugmyndum og

áhugasviði nemenda skólans. Leitað verður eftir röddum unglínganna hvað varðar starfsemi og þær upptakur sem verða hverju sinni, innra starf og umgjörð. Dæmi um viðburði á opnum kvöldum Urri: Spilakvöld · feluleikur um skólann · böll · gístigleði · fifamót · varúlfur · ratleikur · átkeppni · kókukeppni · kósýkvöld · bíókvöld · 8. bekkjarkvöld · þrautakvöld · slímgerð · popp og perl.

Á aðalfundi Samfés í vor fékk Urri aðild að félaginu. Auðvitað fögnuðum við því og fórum með ellefu unglíngum í áttunda bekk á Samfestinginn sem er 4500 unglíngum ball í Laugardalshöllinni. Ballið gekk eins og í sögu og okkar unglíngar fylgdu öllum þeim væntingum sem voru til staðar.

Samfés, Landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi, eru frjálts félagasamtök sem stofnuð voru í desember 1985 og starfa í þágu ungs fólks um land allt. Samfés vinnur að því að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á landinu og stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á vettvangi með ráðstefnum, námskeiðum og viðburðum sem eru mikilvægur hluti símenntunar starfsfólks. Hlutverk samtakanna er einnig að koma á framfæri upplýsingum um starf félagsmiðstöðva og ungmennahúsa og undirstrika mikilvægi þeirra í forvarnarstarfi og félagslegri mótun ungs fólks.

Fleiri stærri viðburðir sem að Urri kom að var Rave ball í Ásgarði október 2023, Sameiginlegt Ball í Garðalundi febrúar 2024, gístinótt í október 2023 og Hæfileikakeppni Urri. Allir viðburðir gengu vonum fram og allir okkar unglíngar til fyrirmyndar.

Félagsmiðstöðin Urri er með virkt Instagram þar sem upplýsingar um dagskrá og annað kemur fram; Urri\_210

## Mat á skólastarfi


### Innra mat

#### Lesfímipróf


Lesfímipróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir í öllum árgöngum grunnskólastígs þrisvar á ári og gefa góða yfirsýn yfir framvindu lestrarhraða nemenda miðað við sett viðmið og niðurstöður á landsvísu. Prófin eru lögð fyrir í upphafi skólaárs, í janúar og í lok skólaárs. Meðfylgjandi eru meðaltalsniðurstöður árganga í Urriðaholtsskóla í september og maí, þessar niðurstöður sýna stöðu nemenda við upphaf skólaársins. Mikilvægt er að taka fram að tölurverður fjöldi nemenda bætast við reglulega yfir skólaárið og eru þeir nemendur einungis í Lesfími niðurstöðum í maí. Ekki er kleift að birta niðurstöður 9. bekkjar vegna fámennis en tveir nemendur voru í árganginum í vetur.

#### Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum Urriðaholtsskóli, sept. 2023


Skólinn Allt landið Viðmið 1 Viðmið 2 Viðmið 3



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Urriðaholtsskóli, maí 2024



Áberandi góður árangur náðist í 1. og 2. bekk en í þeim árgöngum er ekki að finna mun á milli kynja í niðurstöðum. Þær góðu niðurstöður má rekja til kennsluaðferðarinnar sem notuð er í lestrarkennslu annars vegar og hins vegar innleiðingar svokallaðrar textafimi í mars síðastliðinn. Taka skal fram að allir nemendur skólans eru prófaðir. Hér að neðan má sjá niðurstöður 2. bekkjar í september annars vegar og hins vegar í maí.



### Starfsmannakönnun Skólapúlsins – Leikskólastig

Starfsmannakönnun Skólapúlsins fór fram í mars og ber saman líðan og mat starfsfólks leikskólastigs við líðan og mat annarra leikskóla á landinu. Lágmarkspáttaka er 80% til að niðurstöður séu marktækar og hægt sé að bera þær saman við svör í öðrum skólum. Sé svarhlutfall lægra en 70% þarf að túlka niðurstöður með fyrirvara um að þær endurspegli ef til vill ekki viðhorf alls starfsfólks.

#### 1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,5	37	-0,8	4,6	587	-0,1
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,2	37	0,4	5,3	586	-0,1
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,9	36	-0,6	4,5	586	0,4
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,8	36	0,3	5,0	586	-0,2

Niðurstöður sýna að starfsfólk upplifir minna álag og að hlutverk séu skýrari heldur en úr sömu könnun frá 2022.

## 2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,9	37	1,0	5,0	582	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,0	37	0,3	5,0	583	0,0
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,9	37	-0,4	4,6	582	0,3
2.4. Ræktun mannauðs	5,4	33	0,5	5,5	564	-0,1
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	96,8%	30/31	-	73,5%	397/540	23,3%*
2.6. Gagnsemi starfsmannviðtals	96,6%	28/29	-	90,4%	340/376	6,2%

Niðurstöður sýna að starfsfólk upplifir meiri leikni í starfi og skuldbindingu til vinnustaðarins frá því 2022, minni skörun vinnu og einkalífs frá því árið 2022 og þátturinn "ræktun mannauðs" fer líka upp á við, en þar er spurt um hvort stjórnendur veiti hrós fyrir vel unnin störf, hvort vel sé hugsað um starfsfólk og borin umhyggja fyrir heilsu og velferð þess. Þá er marktækur munur á því hvort starfsfólk leikskólastígs Urriðaholtsskóla hafi farið í starfsmannviðtal síðastliðið ár miðað við aðra leikskóla á landinu.

## 3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,1	36	0,5	5,0	578	0,1
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	6,1	35	-0,2	4,8	563	1,3*
3.3. Stytting vinnuviku	100,0%	33	-	95,9%	516/538	4,1%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	84,8%	28/33	-	71,3%	368/516	13,5%*
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	4,9	34	-0,4	5,3	572	-0,4
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,2	34	0,9	5,2	572	0,0
3.7. Mismunur	4,3	34	-0,3	4,7	572	-0,4
3.8. Einelti (þú)	2,9%	1/34	-5,2%	4,0%	24/601	-1,1%
3.9. Einelti (annar en þú)	9,4%	3/32	4,0%	11,0%	65/593	-1,6%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	3,1%	1/32	-2,3%	4,2%	25/593	-1,1%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/34	-	0,8%	5/604	-0,8%

Hvað vinnustaðurinn varðar sýna niðurstöður að starfsfólk upplifir betri starfsanda, meiri stuðning við nýsköpun og minni mismunur út frá aldri og kyni heldur en árið 2022. Þá segjast færri hafa orðið fyrir einelti á vinnustað en árið 2022, eða 1 en fleiri segjast hafa séð aðra verið lagða í einelti heldur en 2022, eða 3. Áframhaldandi vinna með samskipti og mörk sem unnin hefur verið í vetur mun halda áfram á næsta skólaári til að vinna með þessar niðurstöður sérstaklega. Skólastjórnendum er ekki kunnugt um um hvaða starfsmenn er að ræða. Enginn telur sig hafa orðið fyrir kynferðislegu áreitni. Þá er ánægja með vinnuaðstöðu örlítið lægri en árið 2022, en er engu að síður enn marktækt yfir landsmeðaltali. Ánægja með styttingu vinnuviku er einnig gríðarlega góð og það finnst vel í húsinu. Upplifun stuðnings frá samstarfsfólki er lægri en árið 2022. Áfram verður því unnið með mikilvægi góðs samstarfs og teymisvinnu, að starfsfólk geti leitað til hvors annars og hvatt hvort annað áfram í starfi.

#### 4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,6	33	0,7	5,6	549	0,0
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,4	33	0,5	5,4	545	0,0
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	6,2	33	0,7	5,9	548	0,3
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,0	33	-	5,2	257	-0,2
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	5,1	33	-	5,2	257	-0,1
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	4,8	33	-	4,9	258	-0,1

Stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn og valdeflandi forysta mælist hærri en 2022. Ekki er samanburður við annan yfirmann frá árinu 2022, en niðurstöður liggja nálægt landsmeðaltali.

#### 5. Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Trú á eigin getu við umönnun barna	5,4	31	-	5,1	763	0,3
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag	5,1	32	0,4	4,8	757	0,3
5.3. Samstarf í leikskólanum	5,0	31	0,2	5,2	754	-0,2
5.4. Virkar samræður um starfið	4,4	27	-0,5	5,0	689	-0,6*
5.5. Virkni foreldra í leikskólastarfinu	5,1	28	-1,0	5,7	711	-0,6
5.6. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	68,4%	13/19	27,2%	78,4%	442/564	-10,0%
5.7. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	69,2%	18/26	12,1%	85,0%	579/681	-15,8%*
5.8. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	65,5%	19/29	13,8%	75,3%	505/671	-9,8%

Starfsfólk upplifir meiri trú á eigin getu við daglegt skipulag og meira samstarf innan leikskólans heldur en árið 2022, ásamt því að trú á eigin getu við umönnun barna er góð. Niðurstöður sýna að starfsfólk telur ekki nægilega mikið um virkar samræður um starfið og er svarþátturinn marktækt undir landsmeðaltali. Því er ljóst að á næsta skólaári verður unnið með að færa umræður af fagfundum betur inn á deildir, til að þær skili sér betur til allra starfsmanna, og skoðað verður hvort hægt verði að setja á vinnuhópa þar sem leiðbeinendur fá svigrúm til að hittast og ræða starfið á faglegum nótum. Þá sýna niðurstöður að starfsfólk telur að efla þurfi foreldrasamstarf og verður það skoðað í samstarfi við foreldrafélag á næsta skólaári. Þar sem niðurstöður að aðgengi og ráðgjöf sérfræðinga, ánægju með stuðning við börn með sérþarfir og upplýsingagjöf varðandi þau ná ekki 70% svarhlutfalli er varhugavert að túlka þær eins og aðrar niðurstöður. Í vetur hefur verið mikið samstarf við sérfræðinga á grunnskólastigi varðandi stuðning til barna með sérþarfir og mikið unnið í að styrkja þau, bæði í vinnustundum og í aðstæðum. Haldið verður áfram á þeirri vegferð á næsta skólaári og búið að fjölga sérfræðingum í stoðþjónustu leikskólastigs.

6. Símenntun og undirbúningstími

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	86,7%	26/30	11,7%	89,7%	608/678	-3,0%
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	80,8%	21/26	9,4%	75,7%	448/592	5,1%
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi	41,9%	13/31	-3,6%	41,1%	308/750	0,8%
6.4. Símenntunarpörf starfsfólks	4,5	28	-0,6	4,2	680	0,3
6.5. Símenntunarpörf starfsfólks (annað)	-	3	-	-	-	-
6.6. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	64,5%	20/31	9,7%	53,4%	401/751	11,1%
6.7. Hindranir í símenntun starfsfólks	33,3%	4/12	-2,4%	42,3%	143/338	-9,0%
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	3	-	-	-	-

Niðurstöður sýna að faghlutfall starfsmanna leikskólastigs er að aukast, enda tæp 12% fleiri sem eiga rétt á undirbúningstímum heldur en árið 2022. Þá hefur einnig orðið jákvæð þróun í að starfsfólki finnst það fá nægan undirbúningstíma. Svör við liðnum "þátttaka í þróunarstarfi" eru of fá til að mark sé á þeim takandi. Símenntunarpörf starfsfólks er hærri en hún var árið 2022 og þó hlutfall sem hefði viljað meiri símenntun sé undir 70% má samt sjá að hér er einhver hópur sem vill læra meira. Á skólaárinu var mikið af námskeiðum á skipulagsdögum og við höldum að sjálfsgöðu uppteknum hætti á næsta skólaári. Þá má sjá að örfáir svöruðu spurningunni um hindranir í símenntun, en þeir töldu þær þó vera fáar.

7. Opnar spurningar leiddu ýmislegt í ljós en sérstaklega hversu margir eru ánægðir með samstarfsfólk sitt. Hér eru nokkur dæmi um hvað starfsfólk sagði jákvætt um vinnustaðinn:

Gott starfsfólk Hvetjandi stjórnendur Góðar starfsaðstæður Góðar umræður
I am completely satisfied with my workplace. The best thing for me is the team and the responsiveness of all the staff, and the main thing is that in our school they treat every employee with attention
Jákvæðni, samheldni
Mér finnst gott að vita að ég geti alltaf leytað til allra ef það koma upp vandamál
Mér finnst gott hvað samstarfsfólkið stendur vel saman og styður hvert annað. Mér finnst einnig gott hvað fólk er alltaf duglegt að lána starfsfólk sitt á aðrar deildir þegar vantar mannskap út af veikindum.
Mér finnst góður starfsandi, góðir stjórnendur og frábær börn
Mér finnst vera góður andi á vinnustaðnum mér líður vel á minni deild og á góð samskipti við vinnufélaga mína. 'Eg á fín samskipti við alla á efri hæðinni.
Mér finnst frábært hvað hvetjandi allir eru. Hvernig maður fær að vera maður sjálfur án þess að neinn líti niður á mann. Maður hefur rými til að nota kunnáttu sína og alltaf að læra eitthvað nýtt og þróast sem starfsmaður
Mér líkar vel við liðið sem ég vinn með og mun alltaf hjálpa og ráðleggja í öllu 🙌
Samstarfsfólkið
Samstarfsfólkið
Samstarfsfólkið er frábært, börnin æðisleg og mórallinn yfir höfuð mjög góður. Gott að vinna þarna og allir miklir vinir að mínu mati
Skemmtilegt, góður vinnutími, gott vinasamband við samstarfsfólk, góður andi, góður matur
Starfsandinn
Starfsfólkið
Starfsfólkið og gaman að vinna með börnum
Umhyggja, vinátta, gott fólk sem er til staðar hvert fyrir annað, valdeflandi yfirmenn, gleði
Vinnustaður leyfir mér að sýna frumkvæði í starfi

Einnig var spurt um hvað mætti betur fara og er þá helst að nefna að starfsfólk finnur fyrir endurteknum stækkunum leikskólastigs og hvaða áhrif það hefur á starfið, kallar eftir meira samstarfi milli deilda og betra upplýsingaflæði. Hér má sjá hluta af svörum.

Meira samráð á milli deilda ekki bara heimasvæðisstjórar
Minna álag, meiri jákvæðni frá samstarfsfélögum
Mætti bæta samskipti og upplýsingaflæði á vinnustaðnum
Aukning faglærðra í starfi og minni starfsmannavelta. Stöðugleiki í starfsmannahópnum skapar tækifæri til aukins öryggis, vellíðunar og félagstengsla í starfi. Með því bætist starfsandinn og ró færast yfir staðblæinn. Sífelldar breytingar og óvissa laða ekki til okkar starfsfólks. Við verðum að fá tækifæri til að þróa og þroska okkar starf. Starfsmannaveltan og sprengingar í árgöngum, óvissa með árgangastærðir hefur leitt til þess að við höfum misst gott fólk frá okkur sem vill starfa með yngri barnahópi. Fólk sem leiðir vel hér og hugsaði sér að vera hér áfram, en alls óvíst er hvort komi aftur þegar festa og lending næst með deildir, aldurskiptingu og árgangastærðir.
Betri samskipti
Fá rými og tækifæri til að þétta og festa starfsmannahópin og móta okkar stefnu til framtíðar
Muna eftir og nota undirbúnings tíman. Og meiri upplýsinga flæði. Er oft tímar sem ég ekki veit hvað er að gerast eða mun gerast fyrir en það gerist og mikill óvissa hjá fleiri. Mjög oft virkar það eins og hver og einn hefur fengið aðrar upplýsingar en allir á þeir og enginn veit hvað er rétt af því
Samskipti við foreldra, að biðja um frí, stjórnendur meira til staðar
Samstarf milli svæða

## Starfsmannakönnun Skólapúlsins – Grunnskólastig

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 22 almenna þætti. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn. Í undantekningartilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsfólks í skólanum. Niðurstöður skóla með lægra en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Svarhlutfall á grunnskólastigi í Urriðaholtsskóla var 59 af 74 starfsmönnum eða 79,7% .

### 1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,5	57	-0,8	4,7	1.339	-0,2
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,1	57	0,6	4,9	1.335	0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,6	57	-0,7	4,8	1.339	-0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,0	57	0,1	5,0	1.338	0,0

Niðurstöður úr matsþættinum starfið gefa til kynna að starfsfólk upplifi minna vinnuálag og að hlutverk sé skýrara en í sömu könnun frá árinu 2022.

### 2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,5	56	0,1	4,9	1.319	0,6*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,9	56	0,4	4,9	1.320	1,0*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,7	56	-0,6	4,9	1.317	-0,2
2.4. Ræktun mannauðs	6,2	51	0,3	5,1	1.763	1,1*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	82,0%	41/50	45,3%	80,6%	999/1239	1,4%
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	97,3%	36/37	-2,7%	88,8%	827/931	8,5%

Matsþátturinn starfsfólk kom mjög vel út í könnuninni í ár og er skólinn marktækt yfir landsmeðaltali í þremur liðum, leikni í starfi, skuldbinding til vinnustaðarins og ræktun mannauðs. En þar er spurt um hluti eins og hvort fólk mæli með vinnustaðnum og hvort gildi vinnustaðarins samræmist gildum starfsmanna.

### 3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	6,2	55	0,3	5,2	1.309	1,0*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,8	52	0,8	4,8	1.262	1,0*
3.3. Stytting vinnuviku	86,0%	37/43	-	83,8%	903/1077	2,2%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	52,8%	19/36	-	44,3%	399/900	8,5%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	6,1	53	0,3	5,1	1.303	1,0*
3.6. Stuðningur við nýsköpun	6,1	53	0,4	5,1	1.300	1,0*
3.7. Mismunur	4,1	53	-0,2	4,7	1.302	-0,6*
3.8. Einnelti (þú)	1,9%	1/53	1,9%	4,2%	55/1322	-2,3%
3.9. Einnelti (annar en þú)	7,5%	4/53	-1,3%	10,7%	141/1314	-3,2%
3.10. Einnelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/53	-2,9%	3,2%	42/1314	-3,2%
3.11. Kynferðisleg áreitni	1,9%	1/53	-	0,8%	10/1327	1,1%

Matsþátturinn vinnustaðurinn kom vel út í könnunin í ár að langmestu leiti og skólinn skorar marktækt yfir landinu í 5 liðum og er með hæstu skólum á landinu í þeim liðum. Mikilvægt er að einn starfsmaður upplifir að verða fyrir einelti og einn starfsmaður upplifir að hafa verið kynferðislega áreititur. Áframhaldandi vinna með samskipti og mörk sem unnin hefur verið í vetur mun halda áfram á næsta skólaári til að vinna með þessar niðurstöður sérstaklega. Skólastjórnendum er ekki kunnugt um um hvaða starfsmenn er að ræða. Sjá úrbótaáætlun fyrir frekari upplýsingar um þann matsþátt.

### 4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,6	52	-0,3	5,3	1.674	0,3
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,9	52	0,0	5,3	1.671	0,6*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	6,1	52	-0,3	5,2	1.654	0,9*
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,6	3	-	5,0	573	0,6
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	6,3	3	-	4,9	570	1,4*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	6,8	3	-	4,9	569	1,9*

Matsþátturinn stjórnun kom mjög vel út í könnunin í ár og er skólinn marktækt yfir landinu í fjórum af sex liðum. Þá er skólinn hæsti skólinn á landinu miðað við fjölda nemenda í liðunum sanngjörn forysta næsta yfirmanns og valdeflandi forysta næsta yfirmanns.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	6,8	25	-0,1	5,1	1.261	1,7*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,9	25	0,4	4,9	1.257	1,0*
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,8	22	0,4	4,9	1.092	0,9*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	52,2 mín	23	16,7 mín	39,5 mín	1.075	12,7 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	64,0%	16/25	-11,0%	67,4%	875/1299	-3,4%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	30,4%	7/23	5,4%	47,3%	546/1155	-16,9%
5.7. Hópvanna í bekk	31,8%	7/22	1,8%	34,8%	392/1125	-3,0%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	45,5%	10/22	45,5%	30,8%	377/1225	14,7%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	50,0%	11/22	-16,7%	54,4%	676/1243	-4,4%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	13,6%	3/22	4,5%	13,2%	156/1181	0,4%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	83,3%	20/24	0,0%	77,0%	985/1280	6,3%

Í matsþættinum kennarastarfið er skólinn marktækt yfir í þremur liðum ánægja með kennarastarfið, trú kennara skólans á eigin getu og upplýsingamiðlun til foreldra. Áhugavert er að sjá að kennarar upplifa að þeir séu með minni einstaklingsmiðaða kennslu og því mikilvægt að skoða í framhaldi hvort kennarar eru þar með inni í myndinni að nemendum er skipt í færnimiðaða hópa meðal annars í íslensku og stærðfræði.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	7,1	22	0,9	5,0	1.124	2,1*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	8,0	22	0,8	5,1	1.116	2,9*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,8	24	1,2	4,9	1.239	1,9*
6.4. Samráð um kennslu	6,9	23	-0,1	5,5	1.165	1,4*
6.5. Samvinna um kennslu	7,1	19	-0,2	5,5	1.127	1,6*

Í matsþættinum starfsumhverfi kennara er skólinn marktækt yfir í öllum 5 liðum. Þá er hann efstur á landinu samanborið við sambærilega skóla í liðunum 6.1, 6.2, 6.4 og númer tvö í hinum tveim liðunum. Þetta er ánægjulegt og gefur vísbendingar um að skýr stefna skólans í kennslu og hegðunarmálum styðji við kennara í starfi.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	70,8%	17/24	-11,0%	44,4%	523/1177	26,4%*
7.2. Símenntunarbörf kennara	5,2	23	0,0	5,4	1.182	-0,2
7.3. Símenntunarbörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	43,5%	10/23	-6,5%	51,3%	615/1199	-7,8%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	23	-	-	-	-

Í matsþættinum símenntun kennara kemur í ljós að skólinn er með meiri símenntun en gengur og gerist en niðurstöður skora númer tvö á lista yfir sambærilega skóla. Þetta kemur heim og saman við þá miklu vinnu sem hefur farið í að byggja upp stefnu skólans í kennslu og hegðunarmálum og þau þróunarverkefni sem hafa verið í gangi í Urriðaholtsskóla frá stofnun skólans.

Í opnum svörum komu fram mjög hvetjandi athugasemdir um áframhaldandi gott starf í Urriðaholtsskóla. Hér að neðan má sjá brot af því sem starfsfólk deildi sem væri gott við vinnustaðinn sinn:

- Fá meiri ábyrgð, menntun nýtist vel í starfi, það er hlustað á skoðanir, skemmtilegt starfsfólk og góður andi á vinnustaðnum og yfirmenn eru sanngjarnir
- Fólkið, aðstæðan
- Góður andi og líðsheild. Alltaf hægt að leita til annara starfsmanna ef maður þarf aðstoð.
- Góður og jákvæður vinnustaður 😊
- Góður starfsandi Auðvelt að fá aðstoð frá stjórnendum Nemendahópur frábær Mikil og góð fræðsla um DI kennsluaðferð
- Góður starfsandi , hlustað á skoðanir mínar.
- Góður starfsandi.
- Góður vinnuandi. Kærleikur og virðing á meðal starfsmanna og stjórnanda.
- Hvað það vinnur mikið af frábæru fólki á staðnum og það er alltaf gaman að mæta í vinnuna.
- Hvetjandi og skemmtilegt vinnu umhverfi.
- Mikið frjálssræði til að ákveða kennslu, bæði hvað er kennt og hvernig. Samstarfsfólk mitt (bæði börn og fullorðnir) er hresst og skemmtilegt og andinn er góður.
- Mjög góð tækifæri til að auka við þekkingu mína og færni á hverju skólaári. Morningside-þróunarverkefnið er lærdómsríkt, krefjandi og skemmtilegt. Einfaldlega geggjáð.
- Mjög jákvætt starfsfólk og góður vinnandi

Þar sem starfsfólk var beðið um að deila því sem betur mætti fara kom ýmislegt fram og nokkrir hlutir litu að aðstöðu sem nú er komin til dæmis vegna kennslu list- og verkgreina og aðstöðu sem enn á eftir byggja eins og íþróttahús og sundlaug. Starfsmenn nefndu einnig upplýsingaflæði, hraða og miklar kröfur. Hér að neðan má sjá hluta af svörum:

Mér finnst vanta kennslurými fyrir börnin sem eru mér sérþarfir og þurfa meiri aðstoð. Mér finnst einnig vanta ut anumhald, leiðb einingar og námsgögn fyrir börn sem eru með sérþarfir þá meina ég að stuðnings starfsfólkið fái kennslugögn fyrir barnið sem það er með í stuðning, oft finnst mér ég þurfa að búa til verkefni fyrir barnið á staðnum vegna þess að barnið er ekki á saman g etustigi og bekkjarfélagar

Samskipti og upplýsingarflæði

Skipulags kennslu, flæði upplýsinga,

Stjórnendur eiga til að ofmeta tíma kennara í undirbúning þ.e. ætlast til meira en hægt er. Mikill hraði sem getur verið streituval dandi, mætti alveg bakka stundum og muna að nemendur eru börn og þurfa líka að fá að hafa gaman í skólanum. Eins og stýr ða kennslan er frábær getur hún líka tekið mikla orku frá manni. Getur verið erfitt að vera 100% á hverjum degi í tímunum.

Stundum skipulag.

Upplýsingaflæði er alltaf að verða betra og betra en það er alltaf hægt að gera betur í því.

Upplýsingaflæðið mætti stundum vera betra. En þetta er mannmargur vinnustaður og ungur skóli þannig ég get trúað að það spili inn í.

Ég væri stundum til í að afleiðingar fyrir slæmri hegðun væru meiri.

Þarf að taka inn agakerfi í skólann. Oft óljóst hvað skal gera við nemendur með hegðunarvanda eða það er alltaf sama lausnin sama hvaða brot hefur átt sér stað.

Það sem að mér finnst kannski mest áberandi er að krakkar af erlendum uppruna þurfa töluvert meiri aðhald. Mikla sérkennslu í tungumálinu. Það ber litinn sem engan árangur að hafa þau í umsjónar tímum að læra uppúr þungum bókum sem jafnaldrar þeirra rétt svo ráða við. Mér finnst erfiðast að horfa uppá það. Og svo er ég sérstaklega spennt að sjá breytinguna á umhverfin u þegar list- og verkgreina stofur eru komnar upp. Ég held að það muni létta mörgum Lífið.

Það vantar sundlaug og íþróttahúsvægi í hvelli, þá fáum við íþróttakennarana hingað og allir verða sameinaðir

## Nemendakönnun Skólapúl síns 2.-5. bekkur

Nemendakönnun í 2.-5. bekk fer fram í október á hverju ári. Október er valinn svo unnt sé að vinna með niðurstöðurnar innan sama skólaárs og mælingin á sér stað. Könnunin mælir ánægju af lestri, ánægju af skólanum og vellíðan í skólanum. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Fjöldi þátttakenda í Urriðaholtsskóla var 170 og var svarhlutfall 91,8%

### 1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	5,6	50	0,7	5,1	791	0,5*
1.2. Ánægja af lestri 3.b	4,3	39	-0,2	5,1	801	-0,8*
1.3. Ánægja af lestri 4.b	4,7	36	-0,4	4,8	855	-0,1
1.4. Ánægja af lestri 5.b	4,7	23	0,2	4,3	829	0,4
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	5,0	148	0,1	4,8	3.276	0,2

Ánægja nemenda af er lestri er marktækt yfir landinu í 2. bekk en marktækt undir landsmeðaltali í 3. bekk. Þær niðurstöður koma ekki á óvart þegar litið er til nemendasamsetningar í árgöngunum. Þó breytir það ekki að unnið verður með þær niðurstöður sérstaklega hjá verðandi 4. bekk næstkomandi skólaár. Aðrir árgangar eru á pari við landið.

## 2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	5,6	48	0,4	5,5	783	0,1
2.2. Ánægja með skólann 3.b	4,9	39	0,2	5,3	797	-0,4
2.3. Ánægja með skólann 4.b	4,6	37	-0,9	5,1	855	-0,5
2.4. Ánægja með skólann 5.b	5,9	23	0,0	4,9	831	1,0*
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	5,3	147	0,0	5,2	3.266	0,1

Þegar spurningar sem mynda matsþátt eru skoðaðar virðist sem spurningin þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa margt til að hlakka til hafi hvað mest áhrif. En þar svara tæplega 30% hópsins að þau hlakki ekki oft til. Ánægja með skólann mælist mest í 5. bekk eins og hún gerði í 4. bekk þegar sami nemendahópur var í þeim árgangi.

## 3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 2.b	5,4	48	0,1	5,4	782	0,0
3.2. Vellíðan í skólanum 3.b	5,2	39	-0,1	5,3	797	-0,1
3.3. Vellíðan í skólanum 4.b	5,1	37	-0,2	5,0	853	0,1
3.4. Vellíðan í skólanum 5.b	6,5	23	0,3	5,0	830	1,5*
3.5. Vellíðan í skólanum 2.-5.b	5,4	147	0,0	5,2	3.262	0,2*

Í matsþættinum vellíðan í skóla er skólinn marktækt yfir landinu og þar er aftur 5. bekkur áberandi hér og einnig marktækt yfir landinu.

## 4. Ánægja með matinn í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Ánægja með matinn í skólanum	82,1%	119/145	-	81,7%	2628/3214	0,4%

Ánægja með matinn í skólanum er á pari við landið en ekki var spurt um þennan lið í síðustu könnun.

## Nemendakönnun Skólalúpsins 6.-10. Bekkur

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Fjöldi þátttakenda í skólanum var 124 og svarhlutfall var 92,7%.

## 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	106	-0,8	4,2	17.661	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,6	109	-0,1	4,4	17.780	0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,4	111	-0,7	4,5	18.033	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,7	110	0,0	4,2	18.019	0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,2	110	-0,4	4,3	17.746	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,1	110	0,0	4,8	17.967	0,3*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	74,3%	81/109	-	80,3%	13920/17500	-6,0%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,1 klst.	81	-	0,6 klst.	13.871	-0,5 klst.

Í matsþættinum virkni nemenda í skólanum er skólinn marktækt yfir landinu í liðum 1.4 og 1.6 og á pari við landið í öðrum liðum. Ánægjulegt er að sjá að liðurinn trú á eigin námsgetu komi svona vel út þar sem rannsóknir á kennsluaðferðunum sem notaðar eru í skólanum hafa einmitt sýnt að aðferðirnar efla trú nemenda á eigin getu.

## 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssálit	4,5	108	0,2	4,3	17.675	0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	108	0,4	4,3	17.611	0,0
2.3. Vellíðan	4,3	108	0,5	4,4	17.840	-0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	35	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,2	107	0,0	5,8	17.796	0,4*
2.6. Tíðni eineltis	19,6%	21/107	0,5%	15,2%	2787/17751	4,4%
2.7. Staðir eineltis	-	19	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	64,5%	69/107	-	76,9%	13666/17613	-12,4%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	24,7%	20/81	-	40,1%	6029/14960	-15,4%*
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	24	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	75	-	-	-	-

Þegar niðurstöður fyrir líðan og heilsu eru skoðaðar skera niðurstöður skólans í lið 2.5 einelti sig nokkuð úr og er marktækt yfir landinu. Spurt er um upplifanir nemenda svo sem hvort þeim finnst einhver vera að baktala sig, þau vera skilin út undan, hvort eitthvað særandi hafi verið sagt við þau og hvort eitthvað hafi verið sagt um þau á netinu og svöruðu 5-6 nemendur þeim liðum sem oft. Þá voru tveir nemendur sem sögðu að þeir hefðu verið beittir ofbeldi. Skólastjórnendur eru upplýstir um eitt eineltismál sem unnið var með á liðnu skólaári og hefur málinu verið lokað þó unnið sé áfram með hlutaðeigendur. Þá hefur samskiptavinna verið í gangi í vetur með alla árganga og mun sú vinna eflast enn frekar næstkomandi skólaár með tilkomu nýs samskiptasáttmála.

### 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,7	108	-0,5	4,8	17.518	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	107	-0,4	4,7	17.702	0,4*
3.3. Agi í tímum	4,9	108	0,6	4,7	17.681	0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	108	-0,4	4,8	17.592	0,3*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,8	108	-0,8	4,8	17.608	0,0

Í matsþættinum sker skólinn sig úr í tveimur liðum samband nemenda við kennara og þátttaka nemenda í tímum sem stemmir við upplifun kennara og stjórnenda. Sett voru markmið fyrir veturinn að efla og viðhalda virkni nemenda í tímum og því gleðilegt að sjá að niðurstöður könnunarinnar endurspeglar það. Að öðru leiti er skólinn á pari við landið.

#### Starfsþróunarsamtöl og líðan starfsmanna

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við allt starfsfólk í mars síðastliðin. Stjórnendur tóku samtölin ásamt deildarstjórum grunnskólastigs. Áður en samtali fór fram tók starfsfólk afstöðu til ákveðinna þátta í gegnum Forms sem var svo undirstaða samtalsins. Starfsfólki líður almennt vel í starfi sínu í skólanum og þakkar það góðri menningu meðal fullorðinna og almennu jákvæðu viðhorfi til barna. Starfsfólk á grunnskólastigi vildi fá meiri fræðslu um væntingar í skólasamfélaginu sem stemmir við það að áætlun um slíka vinnu gekk ekki eftir en úrbót verður á því á nýju skólaári. Á leikskólastigi vildi starfsfólk fá fræðslu um börn sem falla utan rammans. Brugðist var við því á starfsmannafundum í maí þar sem stoðþjónusta skólans var með fræðslu fyrir allt starfsfólk beggja skólastiga og hvernig bregðast megi við erfiðri hegðun og hvernig börnum almennt líður þegar þau missa stjórn eða ráða ekki við aðstæður. Starfsfólk fékk þar almenna fræðslu og hagnýt ráð í starfi með börnum.

Almennt finnur fólk fyrir jákvæðni og samvinnu, ekki síst aukinni samvinnu á milli skólastiga í kjölfar þess að takmarkanir voru felldar niður.

Þá var farið yfir starfsþróun og væntingar fólks til endurmenntunar og fræðslu skólasamfélagsins. Ánægjulegt að flestir munu halda áfram að starfa við Urriðaholtsskóla, nokkrir eru þó að fara í háskólanám og í fæðingarorlof en einnig hafa nokkrir ákveðið að færa sig um set.

#### Úttekt á kennslu og líðan nemenda

Leikskólastig:

Á leikskólastigi voru teknar upp auknar skráningar á námsferli nemenda, þar sem leikir og verkefni voru skráð til að sýna fram á nám þeirra. Þá voru gerðir tengslahringir fyrir hvert barn, til að kanna tengsl þeirra við samnemendur og starfsfólk og unnið í styrkingu þar sem á þurfti að halda. Foreldrasamtöl voru tvisvar á árinu og í kringum þær voru skráningar á stöðu barna, bæði út frá þroska, líðan og námi.

Grunnskólastig:

Ekki voru framkvæmdar meðferðatryggðamælingar á stýrðri kennslu þetta skólaárið nema að litlu leiti og hjá fáum kennurum. Hins vegar var innleiddur matsrammi fyrir bekkjarstjórn og skipulag kennslusvæðis og mun sú innleiðing halda áfram næsta skólaár og koma fyrir í innra mati þess skólaárs. Þá voru framkvæmdar tengslakannanir í öllum árgöngum grunnskólastigs tvisvar yfir skólaárið og oftast ef þörf var á til að greina hvaða nemendur gæru mögulega staðið höllum fæti félagslega og unnið í framhaldi með þau gögn.

Mikilvægt er að efla ástundun en fjarvera frá skóla er töluverð hjá ákveðnum nemendahópi. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir ástundun nemenda, það er heila fjarvista daga. Fjarvistir koma á róti og á næsta skólaári verður ástundun fylgt enn frekar eftir og unnið þétt eftir viðverustefnu sveitarfélagsins til að draga úr fjarveru barna frá skóla.

	Veikindi	Sein/n	Fjarvistir	Leyfi
<b>Heilir dagar</b>	2489	0	20	1178
<b>Kennslustundir</b>	128	2168	513	2382

### Samantekt og úrbótaáætlun

Almennt gefa framangreindar niðurstöður jákvæða sýn á skólastarf Urriðaholtsskóla, sýna þó að ákveðnir vaxtaverkir eru enn til staðar á leikskólastigi en meira jafnvægi komið á hjá starfsfólki grunnskólastigs, enda er hlutfall fagmenntaðra starfsmanna er hærra.

Úrbótaáætlun var unnin samhliða úrvinnslu niðurstaðna úr því mati sem framkvæmt var. Helstu niðurstöður framangreinds mats eru að:

- Lesfimi – Veturinn 2024-2025 verður textafimi með markmiðum og hröðunarkortum innleidd í öllum árgöngum.
- Unnið verður að endurskoðun viðbragðsáætlunar starfsmanna um kynferðislega áreitni og ofbeldi á komandi skólaári.
- Nýr samskiptasáttmáli Garðarbæjar verður innleiddur við upphaf næsta skólaárs.
- Áframhaldandi vinna við að styðja við jákvæð samskipti og hvernig á að vera í góðu og þéttu samstarfi á leikskólastigi
- Á leikskólastigi verður farið í úrbætur varðandi að umræður fagfunda komi sterkar inn í daglega umræðu inni á öllum deildum þannig leiðbeinendur séu líka þátttakendur í fagsamtali. Skoðað verður hvort hægt sé að setja upp fleiri vinnuhópa til að auka þátttöku leiðbeinenda í fagsamtali.
- Við upphaf skólaárs 2024-2025 verður farið yfir með öllu starfsfólki leikskólastigs hver markmiðin eru í starfi með börnum sem þurfa aukinn stuðning, þ.e. að þau geti verið með félögum sínum og tekið þátt í deildarstarfi. Einnig verður farið yfir ferlið í kringum það að fá aukinn stuðning til að auka skilning á ferlinu.
- Aukin athygli verður vakin á auglýsingum um námskeið fyrir ófaglærða á leikskólastigi.
- Farið verður í skoðun á hvernig hægt er að auka foreldrasamstarf á leikskólastigi og það borið undir skólaráð/foreldrafélag.

Gerð verður ítarlegri áætlun í úrbótavinnu í næstu starfsáætlun skólans.